


HALLDÓR skoðun 18

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk







# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
9. ágúst 2012
185. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



## Austur fyrir fjall

*Baldur Kristjánsson sýnir 40 ljósmyndir frá Asíureisu sinni á Skólavörðustíg.*

**popp** 46

## Hlakkar til efri áranna

*Siv Friðleifsdóttir alþingismaður fagnar fimmtugsafmælinu á Grænlandi.*

**tímamót** 22



## FH-ingar á toppinn

*Tíu KR-ingar töpuðu í Eyjum og FH-ingar skutust í toppsæti efstu deildar.*

**sport** 42

## veðrið í dag




**HLÝTT AUSTAN LANDS** Í dag verður strekkingur á NV- og V-verðu landinu. Skýjað að mestu og dálítil rigning eða súld S- og V- til en bjart austan lands. Hiti 13-23 stig, hlýjast A-lands.

VEÐUR 4

# Enn fleiri kirkjunnar þjónar ásakaðir um kynferðisbrot

**Fjórir starfsmenn þjóðkirkjunnar voru sakaðir um kynferðisbrot í fyrra. Einn þeirra er Ólafur Skúlason. Alls hafa 18 starfsmenn verið ásakaðir. Eðlilegt að víkja fólki úr starfi þegar mál eru könnuð, segir biskup.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** Fjórir starfsmenn þjóðkirkjunnar voru sakaðir um kynferðisbrot á síðasta ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýr eitt málið að Ólafi Skúlasyni, fyrrverandi biskupi.

Skýrsla fagráðs þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota fyrir árið 2011 var birt Biskupsstofu í júlí. Þar kemur fram að allir einstaklingarnir sem ásakaðir voru hafi starfað í þjónustu á vegum kirkjunnar. Einu þeirra mála var lokið um síðustu áramót af hálfu fagráðsins. Ekki er hægt að fá upplýsingar um hversu margir einstaklingar leituðu til fagráðsins í fyrra eða hafa leitað til þess frá því það tók til starfa.

Gunnar Rúnar Matthíasson, formaður fagráðsins, vill ekki tjá sig um einstök mál og vísar í skýrsluna. „Þetta er byggt upp þannig að einstök mál eru ekki aðgreind sérstaklega,“ segir hann. „Ég vil ekki tjá mig um neitt umfram skýrsluna.“

**18** starfsmenn þjóðkirkjunnar hafa verið sakaðir um kynferðisbrot síðan fagráð kirkjunnar tók til starfa árið 1998.

Síðan árið 1998, þegar fagráðið tók til starfa, hafa borist ásakanir um kynferðisbrot á hendur 18 einstaklingum í þjónustu kirkjunnar. Af þessum málum voru sex enn á borði fagráðsins um síðustu áramót. Í þremur þessara 18 tilvika hefur fagráðinu borist fleiri en ein ásökun á hendur sama aðila.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, telur eðlilegt að víkja fólki úr starfi á meðan mál þess er skoðað.

„Það er mjög óeðlilegt að fólk sem sakað er um kynferðisbrot, og rökstuddur grunur er fyrir því, sé ekki sett í frí á meðan verið er að rannsaka málið,“ segir biskup. „En það má heldur ekki gleyma því að það eru til ásakanir sem koma fram án þess að fótur sé fyrir þeim.“ - sv / sjá síðu 6



**DROTTNING EINN DAG** Draggdrottningin Ivana var einbeitingin uppmáluð þegar hún undirbjó sig fyrir að stíga á svið í Draggkeppni Íslands í Eldborgarsal Hörpu í gærkvöldi. Þetta var fimmtánda árið í röð sem keppnin um draggkóng og drottningu Íslands fer fram á hér á landi en alls tóku níu þátt að þessu sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Védís Hervör flytur nýtt efni:

## Hefur sólóferilinn að nýju

**FÓLK** Söngkonan Védís Hervör Árnadóttir hyggst hefja sólóferil sinn að nýju og ætlar að einbeita sér að tónlistinni.



VÉDÍS HERVÖR ÁRNADÓTTIR

Védís ætlar að leika nýjar lagasmíðar ásamt eiginmanni sínum í tónleikaröð Ragnheiðar Gröndal á Café Haiti annað kvöld og verða það nokkurs konar endurkomutónleikar Védísar sem sólólistamanns.

„Ég hef verið í góðu samstarfi við lagahöfundateymi í London frá árinu 2003 svo ég hef verið að gera fullt tengt músík,“ segir hún um vinnu síðustu ára en hún hefur minna flutt eigið efni. „Þegar Ragga bauð mér að vera með sló ég til. Þetta var akkúrat tíminn til að koma út úr skápnum með nýja efnið.“

- hþt / sjá síðu 46




Ríki og Reykjavíkurborg þurfa að skoða alla þætti rekstrar Hörpu:

# Rekstraráætlanir voru óraunhæfar

**STJÓRNSÝSLA** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að rekstraráætlanir Hörpu hafi verið óraunhæfar og þær hefði þurft að endurskoða. Hún segir að ákveðið hafi verið að bíða með ýmsar breytingar þar til reynsla væri komin á reksturinn. Því hafi verið beðið um úttekt eftir fyrsta heila rekstrarárið.

„Hinar gömlu rekstraráætlanir voru endurskoðaðar þar sem þær voru taldar óraunhæfar. Við vorum hins vegar líka meðvituð um að áhætta væri fólgin í þessu. Margir höfðu áhyggjur af tónlistar- og menningarþættinum, en kannski er það að koma á daginn að það eru frekar aðrir þættir sem þarf að skoða.“

Katrín segir að eigendur hússins, ríki og Reykjavíkurborg, muni skoða alla þætti rekstrar hússins, bæði auknar tekjur og hagræðingu.

„Það er mikilvægt að báðir aðilar taki sína ábyrgð á lausn vandans. Leigusamningar sinfóníunnar og óperunnar eru ekki undanþegnir þessari skoðun. Ríkið hefur sagt að það ætli ekki að setja fé í rekstur hússins, en styrkja það með því að finna þessari starfsemi, sem styrkt er af ríkinu, þar stað.“ - kóp / sjá síðu 10






## SPURNING DAGSINS



*Ásdís, ætlið þið að teygja lopann?*

„Jú, því eflaust verða margir skemmtilegir hnökrar á þræðinum.“

Ásdís Birgisdóttir er annar eigandi Lopa og bands sem stendur fyrir alþjóðlegri prjónaráðstefnu í Borgarnesi.

Samtök ferðaþjónustunnar segja hærri virðisaukaskatt á gistingu geta valdið ferðaþjónustunni miklum skaða:

# Hækkun á virðisaukaskatti gistingar skoðuð

**SKATTAMÁL** Virðisaukaskattur á gistingu gæti hækkað úr 7%, lægsta skattþrepinu, í 25,5%, almenna skattþrepið, í nýju fjárlagafrumvarpi. Ríkisútvarpið greindi frá þessu í gær en Samtök ferðaþjónustunnar eru mjög gagnrýnin á hugmyndina.

Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra segir að margar hugmyndir hafi verið ræddar við vinnslu fjárlagafrumvarpsins eins og eðlilegt sé. „Það lak út að við hefðum verið að hugsa á þessum nótum en við viljum tala við hagsmunaaðila áður en við ræðum þessar hugmyndir frekar við fjölmiðla,“ segir Oddný.

Alþingi samþykkti á síðasta ári nýjan skatt sem heitir gistináttagjald. Gjaldið felur í sér að hótel og aðrir gististaðir þurfa að greiða 100 krónur fyrir hverja gistinótt gesta sinna.

Oddný segir það ekki launungarmál að gjaldið hafi ekki skilað þeim tekjum í ríkissjóð sem vonast var eftir. Því hafi verið ræddar aðrar leiðir til að afla fjármuna fyrir uppbyggingu á innviðum ferðaþjónustunnar en gjaldinu var ætlað að renna til slíkra verkefna.

> Við viljum tala við hagsmunaaðila áður en við ræðum þessar hugmyndir frekar við fjölmiðla.
>
> **ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA



Samtök ferðaþjónustunnar brugðust ókvæða við frétt RÚV frá því í gær. Í tilkynningu sem samtökin sendu frá sér segir að skatturinn muni þýða 17,3% hækkun á verði gistingar í landinu. Þá segir enn fremur að slík hækkun muni skattpína þá hratt vaxandi atvinnugrein sem ferðaþjónustan er út af markaðnum og auka svarta atvinnustarfsemi.

Loks kom fram í tilkynningunni að fjármála- og iðnaðarráðherra hefðu óskað eftir fundi með forystu samtakanna til að ræða þessar hugmyndir. **- mþl**



**SEXTÁN ÁRA** Lögreglan hefur leitað að Sigrid Giskegjerdet Schjetne síðan á sunnudaginn. Sokkar hennar, skór og farsími fundust nálægt heimili hennar.

Áherslan á frekari rannsóknir:

## Leitin í Noregi hefur engan árangur borið

**NOREGUR** Lögreglan í Ósló hefur breytt leitinni að Sigrid Giskegjerdet Schjetne, sextán ára stúlku sem saknað hefur verið frá því á aðfaranótt sunnudags.

Minni áhersla er lögð á björgunaraðgerðir og meiri á rannsóknir. Yfir 700 ábendingar hafa borist lögreglu og mun lögreglan nú ráðast í að kanna þær nánar.

Í gær var stúlkunnar þó leitað víða á Óslóarsvæðinu, leitað var á nýjum stöðum og aftur farið yfir svæðið í kringum leikskólann sem slóð stúlkunnar lá að.

Lögreglan hefur að auki gert ítrekaðar tilraunir til að komast inn á Facebook-aðgang Schjetne en án árangurs. Marga mánuði getur tekið að fá réttarheimild hjá bandarískum yfirvöldum til að fá upplýsingar frá vefnum. **- ktg**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Kærður fyrir bílspark**

Maður á þrítugsaldri hefur verið kærður fyrir að skemma bíl fyrir utan skemmtistað í Reykjanesbæ. Maðurinn játar að hafa sparkað í bílinn en segist hafa ætlað að sparka í dekk en ekki hitt. Hann kveðst hafa orðið pirraður á farþegum bílsins sem hefðu legið á flautunni.

# Óttast vatnsþurrð ef Baldur hættir að sigla

**Húseigendur í Flatey leggjast gegn lóðum undir ný hús. Bent er á að neysluvatn kemur með ferju úr landi og að framtíðarrekstur sé óviss. Sveitarstjórinn segir mið tekið af athugasemdum og að ekki sé von á öðru en að lausnir finnist.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það veit enginn hvernig áætlunarferðir hingað í eyna verða þegar vegir á Barðaströnd hafa verið bættir,“ segir Ingveldur Eyþórsdóttir, formaður Framfarafélags Flateyjar.

Flatey er í Reykhólahreppi sem vill fjölga húsum í eynni með nýjum byggingarlóðum. Gert var deiliskipulag með fimm nýjum lóðum en því síðan breytt vegna margra athugasemda. Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps, segir nýja tillögu fela í sér fjórar lóðir; þrjár fyrir frístundahús og eina fyrir verslun og þjónustu.

„Vatnið kemur hingað með Baldri og við óttumst hvað verður ef hann hættir að ganga samfara batnandi samgöngum í landi. Hér getur orðið vatnsskortur eins og staðan er núna og ekki batnar það með fleiri húsum,“ segir Ingveldur um viðhorf þeirra sem leggjast gegn nýbyggingum.

Eins og er fyllir Breiðafjarðarferjan Baldur á tanka vatnsveitunnar í Flatey. Ingveldur segir borun eftir vatni mundu verða gríðarlega kostnaðarsama. Sama gildi um vatnslögn upp á fastalandið.

Ingibjörg sveitarstjóri segir athugasemdir hafa borist við nýja deiliskipulagið eins og það fyrra og að málið bíði afgreiðslu. „Það lengdist aðeins á málinu því við vildum taka tillit til athugasemdanna,“ segir Ingibjörg. Aðfinnslurnar lúti að frárennslismálum og of miklum ágangi í eynni auk vatnsmálsins. Ingveldur í Framfarafélaginu segir að búast megi við kærum verði skipulagið samþykkt í sveitarstjórn.



**BEÐIÐ EFTIR BALDRI** Straumur ferðamanna í Flatey er vaxandi. Flestir koma með bílaferjunni Baldri sem siglir tvær ferðir á dag milli Brjánslæks og Stykkishólms með viðkomu í Flatey. Í baksýn sést gamla frystihúsið sem nú er verið að standsetja. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

> Vatnið kemur hingað með Baldri og við óttumst hvað verður ef hann hættir að ganga …
>
> **INGVELDUR EYÞÓRSDÓTTIR**
> FORMAÐUR FRAMFARAFÉLAGS FLATEYJAR

Ingibjörg segist hafa heyrt að stækka megi vatnsveituna og flytja meira vatn út í Flatey til að anna meiri eftirspurn. Ekkert sé komið fram um að Baldur hætti áætlun og að alltaf verði einhverjar siglingar út í Flatey. „Ég á ekki von á öðru en að það finnist lausnir,“ segir hún.

Þótt bygging húsa á nýjum lóðum í Flatey sé í biðstöðu er nú unnið að því að smíða nýtt þak yfir gamla frystihúsið á staðnum. Einkahlutafélagið Frísker stendur að þeirri framkvæmd. Ingveldur segir ætlun félagsins að reka þar þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn og verslanir auk þess að selja gistingu í aftari hluta hússins. Bæði Ingveldur og Ingibjörg fagna þessari bragarbót á frystihúsinu sem lengi hefur verið í niðurníðslu. „Þetta er mjög skemmtilegt og á eftir að lyfta öllu svæðinu og ásýnd þess upp,“ segir sveitarstjórinn.

gar@frettabladid.is

Sæmá segir öllum upp:

## Uppsagnir á Blönduósi

**SJÁVARÚTVEGUR Fiskvinnslan Sæmá á Blönduósi hefur sagt upp öllu starfsfólki sínu, tólf alls. Uppsagnirnar taka gildi þann 1. nóvember næstkomandi.**

**Haft er eftir Guðmundi Stefáni Jónssyni, framkvæmdastjóra Sæmár, á fréttavefnum Huni.is, að ástæðan sé óvissa í rekstrarumhverfi fyrirtækisins en það er kvótalaust og óvíst er um byggðarkvóta. Hann segir enn fremur að ekki hafi verið tekin ákvörðun um að loka fiskvinnslunni heldur séu þessar aðgerðir varúðarráðstöfun á meðan verið sé að meta stöðuna. - jse**

Eldur brunnið frá föstudegi:

## Sina brennur við Hrafnabjarg

**BRUNI** Þyrla frá Landhelgisgæslunni flaug vestur til Súðavíkurhrepps í gær til að aðstoða við slökkvistarf við Hrafnabjörg í Laugardal en þar hefur logað eldur í sinu síðustu daga.

Eldurinn kviknaði á föstudag en talið er að hann hafi kviknað út frá grilli eða sígarettuglóð. Slökkviliðsmenn hafa glímt við eldinn síðan en töldu sig hafa náð að ráða niðurlögum hans á þriðjudagskvöld.

Í gær var hins vegar mjög hvasst á svæðinu og fór eldurinn að breiðast út á ný. Þegar verst lét í gær logaði í sinu á alls þriggja hektara svæði. **- mþl**

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Rændi konu á tíræðisaldri**

Ungur maður rændi veski, með 10 þúsund krónum og greiðslukorti, af 91 árs gamalli konu í Reykjavík síðdegis í gær. Samkvæmt lögreglunni virðist sem ræninginn hafi fylgst með ferðum konunnar áður en hann lét til skarar skríða. Konunni heilsast vel en var brugðið að sögn lögreglu.


BRAGÐ AF SUMRI

Peru- og ananasboost

1 lítið Peruskyr.is
1 dl ananassafi
50 g frosnir blandaðir melónubitar
0,5 dl kókosmjólk
6–8 ísmolar




Þú finnur fleiri boostuppskriftir á
www.skyr.is


Bandarísk ofurstjarna á tónleikum í Moskvu talar máli rússneskrar pönksveitar:

# Madonna biður fyrir Pussy Riot

**MOSKVA** Bandaríski tónlistarmaðurinn Madonna kveðst biðja fyrir því að stúlkurnar þrjár í rússnesku pönkhljómsveitinni Pussy Riot verði látnar lausar. Þetta kom fram á tónleikum hennar í Moskvu í fyrrakvöld.

Madonna sagði margar hliðar vera á hverju máli og að hún vildi hvorki sýna kirkjunni né yfirvöldum óvirðingu. Sér fyndist hins vegar að stúlkurnar þrjár – Masha, Katya og Nadya – hefðu sýnt hugrekki.

„Ég held að allir hér, ef þið erum komin hingað sem aðdáendur mínir, telji að þær eigi rétt á að vera frjálsar,“ sagði söngkonan sem stutta stund klæddist skíðagrímu – vörumerki Pussy Riot – á sviðinu og hafði nafn hljómsveitarinnar letrað á bert bak sitt.

Meðlimir Pussy Riot eru nú í haldi og svara til saka fyrir óvirðingu við rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna eftir tónlistarflutning í einni af kirkjum hennar. Myndband er til af uppákomunni þar sem hljómsveitin biður Maríu mey að losa Rússland við Pútín, þáverandi forsætisráðherra og núverandi forseta landsins. Pútín hefur sjálfur beðið stúlkunum vægðar. **- gar**



**MADONNA Í MOSVKU** Klæddist að sið Pussy Riot og bar nafn hljómsveitarinnar á baki sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# VETUR, SUMAR VOR OG HAUST

**BÓKAÐU HÓTEL OG BÍL**
200.000 hótel í 165 löndum / 800.000 bílar í 125 löndum

## KÖBEN / LONDON / BERLÍN / PARÍS / ALICANTE / BARCELONA FRÁ:




**ÚT MEÐ HÓPINN!**
Sendu okkur línu á hopar@icelandexpress.is og fáðu tilboð fyrir hópinn þinn.

# 15.700 KR.*

Við fljúgum með þér á vit ævintýranna árið um kring. Njóttu þess að upplifa stemninguna í mörgum skemmtilegustu borgum Evrópu þegar þér hentar - því við lækkum verð allt árið!

**Smelltu þér á www.icelandexpress.is og bókaðu góða skemmtun í uppáhalds borginni þinni!**

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

**Iceland Express**
- lækkar verð

FÍTON / SÍA

## PARÍS
13.-16. SEPTEMBER



BORGARFERÐ
Verð á mann í tvíbýli
**89.900 KR.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Tryp Paris De Saxe Hotel.

## BRIGHTON
14.-16. SEPTEMBER



BORGARFERÐ
Verð á mann í tvíbýli
**69.900 KR.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Hotel Jurys Inn ásamt morgunverði.

## BERLÍN
21.-24. SEPTEMBER



BORGARFERÐ
Verð á mann í tvíbýli
**87.900 KR.**
**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á Park Inn ásamt morgunverði. Íslensk fararstjórn.

**Express ferðir**
590 0100 | www.expressferdir.is

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

## GENGIÐ 08.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,18 | 119,74 |
| Sterlingspund | 186,68 | 187,58 |
| Evra | 147,30 | 148,12 |
| Dönsk króna | 19,785 | 19,901 |
| Norsk króna | 20,165 | 20,283 |
| Sænsk króna | 17,765 | 17,869 |
| Japanskt jen | 1,5208 | 1,5296 |
| SDR | 180,01 | 181,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,7441

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samskipti nýrrar ríkisstjórnar Egyptalands og Hamas-samtakanna stirð:

# Landamærum Egypta að Gasa lokað

**GASASVÆÐIÐ, AP** Mohammed Morsi, forseti Egyptalands, hefur rekið yfirmann egypsku leyniþjónustunnar og ríkisstjóra Sínaí-héraðs í kjölfar mannskæðustu árásar skæruliða á egypskt herlið um helgina. Samskipti nýrrar ríkisstjórnar Egyptalands og Hamas-stjórnarinnar á Gasa-svæðinu hafa versnað eftir að Egyptar lokuðu landamærum að Gasa. Morsi er hliðhollur hinu svæðisbundna Bræðralagi múslima rétt eins og Hamas-samtökin.

Sextán egypskir hermenn féllu við landamærastöð á Sínaískaga nærri Gasa-svæðinu þegar íslamskir skæruliðar gerðu á þá árás. Talið er að skæruliðarnir séu frá Sínaí-skaga, hafi laus tengsl við al-Kaída og hafi fengið hjálp af Gasa-svæðinu. Hamas-stjórnin hefur lofað að hjálpa Egyptum með rannsókn málsins en neita því að nokkur íbúi Gasa-svæðisins tengist málinu á nokkurn hátt.

Verð á byggingarhráefni er í hæstu hæðum vegna lokun landamæranna og hundruð sjúklinga eru strandaglópar á Gasa og fá ekki nauðsynlega læknisaðstoð. Ísraelar hamla umferð um öll önnur landamæri að Gasa.

Egypskur sendiherra gagnvart Palestínumönnum á Vesturbakkanum sagði í gær að landamærin yrðu lokuð þar til öryggi hefði verið tryggt á ný.

Íbúar Gasa-svæðisins eru 1,7 milljón manns. Síðan Hamas náði þar völdum árið 2007 hafa Egyptar og Ísraelar haldið strangt landamæraeftirlit. Palestínskur hagfræðingur segir lokun landamæranna mega vera í tíu daga áður en verkamenn missi vinnuna vegna hráefnisskorts. - bþh



**BORNIR TIL GRAFAR** Egypskir hermenn fylgdu landamæravörðunum sextán til grafar í Kaíró, höfuðborg Egyptalands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússneskur prestur:

## Ól börn upp neðanjarðar

**RÚSSLAND, AP** Æðstiprestur og spámaður sértrúarsafnaðar í Rússlandi hefur verið ákærður fyrir illa meðferð á börnum. Hann hafði læst tugi barna í grafhvelfingum á átta hæðum undir heimili sínu. Talið er að sum þeirra hafi aldrei séð dagsins ljós.

Æðstipresturinn, Faizrakhman Sattarov, er 83 ára gamall og rekur sértrúarsöfnuðinn á heimili sínu í sjálfstjórnarríkinu Tatarstan í Suðvestur-Rússlandi. Hann segist hafa séð heilagt ljós guðs þegar hann sá neista úr rafleiðslum bilaðs sporvagns á sjöunda áratug síðustu aldar.

Leitað var á heimili Sattarovs og hann handtekinn ásamt þremur aðstoðarmönnum sínum. Þeir eiga yfir höfði sér fimm ára fangelsi verði þeir sakfelldir. - bþh

76 ára gamalt hitamet slegið:

## Methiti í júlí í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** Júlí var heitasti mánuður í Bandaríkjunum síðan mælingar hófust árið 1896. Meðalhitinn var 25,3 gráður á meginlandi landsins en fyrra metið var sett í júlí árið 1936. Þá var hitinn í júlí tæpum tveimur gráðum hærri en meðalhiti í mánuðinum á 20. öldinni. Hitabylgjan í júlí hefur valdið þurrkum í landinu sem hafa meðal annars leikið bændur í miðríkjum Bandaríkjanna grátt.

Veðurfar hefur verið óvenjuhlýtt í Bandaríkjunum síðustu mánuði og séu síðustu tólf mánuðir teknir saman eru þeir heitasta tólf mánaða tímabilið frá upphafi mælinga. - mþl

# Reikningur samfélags sem er í fjárhagslegum bata

**Tekjur ríkisins á fyrri helmingi ársins voru um 23 milljörðum hærri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Hagfræðingur segir uppgjör sýna ríkisreikning samfélags í bata. Þingmaður Sjálfstæðisflokks gerir fyrirvara.**

**FRÉTTASKÝRING**

Er kreppunni lokið?

Mánaðaruppgjör A-hluta ríkissjóðs, sem birt var í gær, sýnir að á fyrstu sex mánuðum ársins námu tekjur ríkissjóðs 251,9 milljörðum króna. Það eru 23,2 milljörðum hærri tekjur en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Á sama tímabili voru útgjöld undir áætlun um 6,4 milljarða, en gjöld ríkisins námu alls 568,6 milljörðum króna.

Ríkisreikningur sýnir því ágæta stöðu. Daði Már Kristófersson, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, segir reikninginn líta ágætlega út.

„Sá efnahagsbati sem menn hafa verið að tala um að megi glögglega sjá í þjóðhagsreikningum er einfaldlega farinn að skila sér inn í ríkisreikninginn. Það er ekkert eitt sem hægt er að benda á, heldur er öll tekjuhliðin upp á við."

Daði Már segir einnig að jákvæður árangur hafi náðst á gjaldahliðinni. „Ég held þó að það ætti að taka þeim tölum með smá fyrirvara vegna þess að milli-uppgjör eru oft háð tilviljanakenndum sveiflum. Það er erfitt að segja fyrir um það hvort síðari helmingur ársins muni ekki bera þess merki að fyrri helmingurinn líti vel út," segir Daði.

Þar vísar hann til þess að ef eitthvað líti sérstaklega vel út á fyrri helmingi geti það verið vegna þess að töf hafi orðið á útgjaldaliðum og þeir eftir að koma fram síðar. „Ég mundi því ekki segja að þetta væru óyggjandi merki um að aðhald í ríkisrekstri sé farið að skila gríðarlegum árangri fyrr en ég sé lokatölurnar."

Daði segir að tekjur ríkisins aukist greinilega í takt við batnandi afkomu í samfélaginu, meiri umsvif og hagvöxt. En er kreppunni lokið?

„Þetta er reikningur samfélags sem er í bata. Við getum sagt að merki þess séu mjög víða og mjög greinileg. Ef ekkert óvænt gerist erlendis þá horfir í það já, að þessum hremmingum sé að ljúka," segir Daði. Forgangsverkefni sé hins vegar að ná jákvæðum frumjöfnuði.

kolbeinn@frettabladid.is



**FÓLK** Hagfræðingur við Háskóla Íslands segir ríkisreikning bera það með sér að samfélagið sé í bata. Ef ekkert óvænt gerist erlendis sé hremmingunum að ljúka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Væri óskandi, en geri fyrirvara

„Það væri óskandi að þetta liti svona vel út, en ég tek þessum upplýsingum með miklum fyrirvara," segir Kristján Þór Júlíusson, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins í fjárlaganefnd Alþingis. Hann segir tekjuhliðina stemma ágætlega og ekkert sé nema gott um hana að segja, þó vanti greiningu á tekjudreifingunni. Hann hafi hins vegar athugasemdir um að gjöldin séu 6,4 milljarða undir áætlun.

„Það samsvarar nokkurn veginn fluttum fjárheimildum frá fyrra ári. Það er ekki gerður greinarmunur á rekstrarárangri innan ársins og útgjöldunum sem þar liggja að baki. Það kemur margt einkennilegt ef maður skoðar einstaka liði." Kristján vísar þar til Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, en 730 milljóna afgangur sé sagður af rekstri þess fyrrnefnda og 153 hjá þeim síðarnefnda.

„Hvorutveggja eru þetta nú stofnanir sem hafa frekar kvartað undan skorti á fé. Þarna ertu með hátt í milljarð í plús, þannig að ég hef allan fyrirvara á gjaldahlutanum."



**KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON**


# 60 ára og eldri

*Frábær félagsskapur, aðhald og stuðningur*



- Hefst 13. ágúst (4 vikur).
- Mán og mið kl. 11:00-12:00.
- Verð kr. 9.900,-
- Þjálfarar Elva og Sigurlín, íþróttakennarar

Skráning á mottaka@heilsuborg.is
eða í síma 560 1010

HEILSUBORG
Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is



**Komdu og prófaðu!**
„Það er svo gott að koma í Heilsuborg. Ég vissi ekki hverju ég ætti von á og hvort ég ætti eitthvað erindi í Heilsuborg en strax eftir fyrsta tímann var ég ákveðin í að halda áfram."
**Margrét Eiríksdóttir**


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**BEST A-TIL** Úrkoma viðloðandi S- og V-land næstu daga og strekkingur einkum NV-lands. Bjartara NA- og A-til. Hiti yfirleitt á bilinu 12-18 stig en að 23 stigum NA- og A-lands. Þurrt og hlýtt í London í kvöld. Áfram Ásdís!




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 20° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 24° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 24° |
| Mallorca | 34° |
| New York | 29° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 26° |
| San Francisco | 25° |
| Stokkhólmur | 17° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú sótt viðburð í Hörpu?*

| | |
|---|---|
| Já | 38,5% |
| Nei | 61,5% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Líst þér vel á hugmyndir ríkisstjórnarinnar um að auka útgjöld til vaxta- og barnabóta auk Fæðingarorlofssjóðs?*

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Vísir

Aldrei hafa fleiri erlendir ferðamenn sótt Ísland heim í einum mánuði:

# Ferðamannametið var slegið í júlímánuði

**FERÐAÞJÓNUSTA** Ríflega 112 þúsund erlendir ferðamenn yfirgáfu Ísland um Leifsstöð í júlí og hafa aldrei verið fleiri í einum mánuði. Gamla metið var sett í ágúst í fyrra þegar tæplega 102 þúsund erlendir ferðamenn yfirgáfu Ísland.

Til samanburðar voru erlendir ferðamenn í júlí í fyrra alls tæplega 98 þúsund og fjölgaði því um 14,7% í mánuðinum milli ára. Yfirleitt er ágúst mesti ferðamannamánuður ársins og því má búast við því að nýja metið verði slegið strax í þessum mánuði. Þar með hafa samanlagt 357 þúsund ferðamenn heimsótt Ísland fyrstu sjö mánuði ársins en það jafngildir 17,2% fjölgun milli ára en árið í fyrra var þó metár. Metfjöldi hefur hins vegar heimsótt Ísland í öllum mánuðum þessa árs hingað til.

Utanlandsferðum Íslendinga hefur einnig fjölgað á árinu en í júlí fóru um 35 þúsund Íslendingar til útlanda um Leifsstöð. Fjölgaði þeim um 7,5% í mánuðinum miðað við sama mánuð í fyrra.

Frá áramótum hafa tæplega 206 þúsund Íslendingar farið til útlanda og eru þeir um 5,5% fleiri en á sama tímabili árið 2011. - mþl



**HAUKADALUR** Búast má við því að nýja metið verði slegið strax í þessum mánuði en ágúst er yfirleitt mesti ferðamannamánuður ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**ANNA RICHARDS** Margir listviðburðir verða á Afmælisvöku Akureyrar.

Akureyri fagnar 150 árum:

## Afmælisvakan varir í tíu daga

**MENNING** Akureyrarbær verður 150 ára þann 29. ágúst næstkomandi. Af því tilefni er efnt til tíu daga Afmælisvöku Akureyrar frá 24. ágúst til 2. september.

Í tilkynningu frá bænum segir að megináherslan verði á ungu kynslóðina um opnunarhelgina. Á afmælisdaginn sjálfan muni skólabörn gefa bænum einstaka afmælisgjöf og Afmæliskór Akureyrar flytja ný verk nokkurra tónskálda sem tengjast bænum. Seinni helgina verði ýmsir listviðburðir. Á tónleikum í Gilinu komi fram Akureyrarhljómsveitir liðinna ára, meðal annars Baraflokkurinn. - gar

**VIÐSKIPTI**

### Fjör á húsnæðismarkaði

Alls 132 kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu vikuna 27. júlí til 2. ágúst. Heildarvelta á húsnæðismarkaði var 3.884 milljónir króna sem er nokkru meira en síðustu vikur. Vikuleg meðalvelta það sem af er árinu er 2.946 milljónir.

**STJÓRNSÝSLA**

### Breytingar á stjórn FME

Ingibjörg Þorsteinsdóttir hefur fengið leyfi frá setu í stjórn Fjármálaeftirlitsins. Valgerður Rún Benediktsdóttir skrifstofustjóri hefur tekið sæti hennar tímabundið til 1. nóvember. Þá hefur Margrét Einarsdóttir lektor verið skipuð varamaður í stjórninni í stað Sigurðar Þórðarsonar.

# Eiga að víkja þegar mál eru í skoðun

**Biskup Íslands mun beita sér gegn kynferðisbrotum innan kirkjunnar. Fjórir starfsmenn þjóðkirkjunnar voru bornir sökum um kynferðisbrot í fyrra. Þrír starfsmenn hafa verið ásakaðir af fleiri en einum aðila síðan 1998.**

**ÞJÓÐKIRKJAN** „Það er afar óeðlilegt að fólk sem sakað er um kynferðisbrot, og rökstuddur grunur er fyrir því, sé ekki sett í frí á meðan er verið að rannsaka málið," segir Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.

Fagráð þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota hefur tekið á móti ásökunum um kynferðisbrot á hendur alls átján starfsmönnum kirkjunnar. Í þremur þessara átján tilvika hefur fagráðinu borist fleiri en ein ásökun á hendur sama aðila. Fagráðið var stofnað árið 1998.

„Þetta er greinilega átján of mikið," segir Agnes. „Hins vegar vitum við að kirkjan stofnaði fagráðið vegna þess að það var talin þörf á því að koma málum sem þessum í skikkanlegan farveg. Og það hefur greinilega sýnt sig að þörfin var fyrir hendi."

Fjögur mál af þessum átján voru tilkynnt innan fimm ára frá því að brot átti sér stað, sjö innan tíu ára og tilkynnt var um fjóra einstaklinga ellefu til tuttugu árum eftir að þeir brutu á viðkomandi einstaklingum. Þrjú mál af þessum átján eru enn eldri.

Fjórir starfsmenn þjóðkirkjunnar voru sakaðir um kynferðisbrot á síðasta ári, eins og fram kemur í ársskýrslu fagráðsins. Ekki fæst uppgefið hversu margir einstaklingar leituðu til fagráðsins í fyrra, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins snýr eitt málið að Ólafi Skúlasyni, fyrrverandi biskupi.

Tíu starfsmenn kirkjunnar voru ásakaðir um kynferðisbrot árið 2010. Tveimur var vikið úr starfi, en hvorugur starfaði sem prestur. Sum málanna áttu sér stað þegar þolendur voru börn að aldri og eru fyrnd að lögum.



**BISKUP ÍSLANDS** Agnes M. Sigurðardóttir segir að greinilega hafi verið þörf á stofnun fagráðsins og þau átján tilvik sem ráðið hefur fjallað um séu átján of mörg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Átta ásakaðir meðan þeir gegndu starfi**

Af þeim átján kirkjunnar þjónum sem sakaðir hafa verið um kynferðisbrot síðan 1998 voru átta enn starfandi innan kirkjunnar þegar ásakanirnar voru lagðar fram. Af þeim létu tveir af störfum eftir að fagráð þjóðkirkjunnar um meðferð kynferðisbrota tók á málunum. Í einu tilviki var ákvörðun um endurráðningu í tímabundið starf dregin til baka.

> Auðvita vil ég styðla að því að svona mál finnist ekki í okkar kirkju frekar en í þjóðfélaginu öllu.
>
> **AGNES M. SIGURÐARDÓTTIR** BISKUP ÍSLANDS

Agnes segist munu beita sér sérstaklega til að koma í veg fyrir að kynferðisbrot eigi sér stað innan kirkjunnar.

„Auðvitað vil ég stuðla að því að svona mál finnist ekki í okkar kirkju frekar en í þjóðfélaginu öllu," segir hún. „Ég mun beita mér fyrir því. Þetta er eitthvað sem við höfum reynt að taka alvarlega og það má aldrei sofna á verðinum því þetta eru ekki mál sem klárast bara." sunna@frettabladid.is

Treggáfaður líflátinn í Texas:

## Var syndari en er nú dýrlingur

**BANDARÍKIN Hinn 54 ára Marvin Wilson var tekinn af lífi í Texas á þriðjudagskvöldið með eitursprautu.**

**Lögmenn Wilsons sögðu að greindarvísitala hans væri svo lág að hann væri ekki hæfur samkvæmt lögum til að hljóta dauðarefsingu en höfðu ekki árangur sem erfiði. Wilson var fundinn sekur um aðild að morði á uppljóstrara í eiturlyfjamáli fyrir tuttugu árum. „Ég kom hingað sem syndari en fer sem dýrlingur. Taktu mig heim Jesú, taktu mig heim drottinn. Ég elska ykkur öll. Ég er tilbúinn," voru kveðjuorð Wilsons.** - gar



**MARVIN WILSON**

Icelandair sló met í júlí:

## Farþegafjöldinn aldrei meiri

**FERÐAMÁL** Icelandair flutti 279 þúsund farþega í millilandaflugi í júlí síðastliðnum en það eru fleiri farþegar á einum mánuði en nokkru sinni fyrr í 75 ára sögu félagsins. Þetta eru tíu prósentum fleiri farþegar en í sama mánuði í fyrra.

Sætanýtingin var nánast hin sama eða um 85 prósent en í ár var boðið upp á fleiri flugferðir. Farþegum fjölgaði mest á leiðinni milli Íslands og Ameríku eða um 13 prósent.

Farþegar í innanlands- og Grænlandsflugi voru um 38 þúsund í júlí í ár en sætanýting var fjórum prósentum minni í ár en sama mánuð í fyrra. - jse

SIEMENS



Nú má bæði þvo og þurrka á aðeins um klukkustund

ATARNA

Þvottavélar og þurrkarar í sérflokki

Þvottavélarnar
Taka allt að 9 kg. Hljóðlátar.
Geta þvegið á 15 mínútum.
Snertihnappar. Sumar þeirra eru í orkuflokki A+++.

Þurrkararnir
Taka allt að 8 kg.
Rafeindastýrð rakaskynjun.
Stór tromla. Snertihnappar.

Ariel þvottaefni og Lenor mýkingarefni fylgja með öllum Siemens þvottavélum.

Allt verður tandurhreint

Íslenskt stjórnborð og íslenskir leiðarvísar.

Eigið þjónustuverkstæði.

Umboðsmenn um land allt.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# ÚTSALA




# SÍÐASTI SÉNS!

# 50%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

## af öllum útsöluvörum!

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLU VERÐ | 50% VIÐBÓTAR AFSLÁTTUR |
|---|---|---|
| ~~799-999~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1299-1699~~ kr. | ~~1000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1999-2499~~ kr. | ~~1500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~2999-3999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~4499-6999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 1500 kr. |
| ~~7999-8999~~ kr. | ~~4000~~ kr. | 2000 kr. |

24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




# Mosfellsbær fagnar 25 ára afmæli sínu í dag:

# Villidýrasafn stofnað

**MOSFELLSBÆR** Mosfellsbær fagnar 25 ára afmæli sínu í dag, 9. ágúst. Af því tilefni ætlar bæjarfélagið meðal annars að ganga til samstarfs um stofnun Villidýrasafns í Mosfellsbæ, í samvinnu við Kristján Vídalín Óskarsson.

„Um nokkurt skeið hefur Kristján vakið athygli bæjarfélagsins á safni sínu af villtum og uppstoppuðum dýrum sem fáséð eru hér á landi,“ segir í tilkynningu frá bænum. Kristján er skotveiðimaður og hefur um árabil veitt villt dýr erlendis, í Asíu, Afríku, Ástralíu og víðar. Dýrasafn hans samanstendur af nokkrum tegundum antilópa, fíl, nashyrningi, ljóni, ljónynju og strúti svo eitthvað sé nefnt.

Nú á að leita að heppilegu rými fyrir safnið og talið er að æskilegasta staðsetningin sé í Ævintýragarðinum. Sérstakur hátíðarbæjarstjórnarfundur verður haldinn í Bókasafni Mosfellsbæjar klukkan 16 í dag og er hann öllum opinn. Þar verður meðal annars rætt um að hefja friðlýsingarferli þriggja fossa í bæjarfélaginu; Álafoss, Helgufoss og Tungufoss. Mosfellsbær er sjöunda stærsta sveitarfélag landsins með um það bil 8.800 íbúa. **- sv**



**ÁRÁS UNDIRBÚIN** Sýrlenskir uppreisnarmenn taka sér stöðu með sprengjuvörpur í Kfar Nubul í í Idlib í norðvesturhluta landsins. NORDICPHOTOS/AFP

# Assad gerir þungar árásir á Aleppo

**Forsætisráðherra Sýrlands flúði til Jórdaníu og er það mikið bakslag fyrir stjórn Bashars al-Assad, forseta Sýrlands, sem hefur enn traust tak á landinu og býr yfir betra vopnabúri en uppreisnarmenn.**

**SÝRLAND, AP** Stjórnarher Bashars al-Assad Sýrlandsforseta hóf víðtækan landhernað á umkringdu svæði uppreisnarmanna í Aleppo, stærstu borg Sýrlands. Aleppo er fjörutíu kílómetrum frá landamærunum við Tyrkland og hefur elsti hluti borgarinnar þjónað sem hernaðarvirki í aldanna rás.

Nái uppreisnarmenn að halda Aleppo mun það auðvelda flutning vopna og hermanna frá Tyrklandi, þar sem margir uppreisnarmenn halda sig.

Stjórnarherinn í Sýrlandi ræður þó yfir mun fleiri vopnum en uppreisnarmennirnir og hefur traust tak á stórum hluta landsins.

Stjórn Assads forseta hefur þurft að þola mörg bakslög undanfarinn mánuð og segja sérfróðir það benda til þess að óreiðan í landinu sé í hámarki í þessari sautján mánaða löngu uppreisn sem nú hefur tekið á sig mynd borgarastríðs.

Meðal þess sem veikt hefur stöðu Assads eru morð fjögurra háttsettra öryggisfulltrúa í höfuðborginni Damaskus og flótti háttsettra manna í stjórn landsins. Þar á meðal er Riad Hijab, forsætisráðherra Sýrlands, sem komst til Jórdaníu í gærmorgun en ekki hafði verið vitað um afdrif hans. Honum var smyglað yfir landamærin af útlagasveitum uppreisnarmanna með hjálp jórdanskra ráðamanna.

Flótti yfir landamærin er gríðarlega hættulegur. Til marks um það var sex ára drengur skotinn til bana af sýrlenskri skyttu þegar hann fylgdi fjölskyldu sinni á flótta. Hátt í þrjú þúsund manns flúðu yfir til Tyrklands í fyrradag og í gær til að komast undan hinu aukna ofbeldi. Tyrknesk yfirvöld telja að um það bil fimmtíu þúsund Sýrlendingar hafi nú fundið sér skjól í Tyrklandi. Talið er að jafnvel fleiri hafa flúið yfir til Jórdaníu og Líbanon.

Flótti Hijabs kemur sér illa fyrir Assad og sýnir að ráðandi stétt súnní-múslima í Sýrlandi er óróleg yfir endalausum blóðsúthellingum og stjórnarhörku Assads forseta. Forsetinn hefur lengi reitt sig á stuðning æðstu stéttar súnnímúslima. Sjálfur er hann alaviti, sem er angi af hreyfingu sjítamúslima.

Völdin eru enn traust í innsta hring Assads. Forsætisráðherrann var í raun nokkuð valdalaus og því mun flótti hans ekki hafa áhrif á getu stjórnarhersins til að berjast gegn uppreisnarmönnum.

Bardaginn í Aleppo hefur staðið í meira en tvær vikur. SANA, opinber fréttaveita í Sýrlandi, sagði stjórnarherinn hafa náð Salaheddine-hverfi, helsta vígi uppreisnarmanna, á sitt vald og að herinn hafi valdið miklu tjóni hjá uppreisnarsveitunum.

**birgirh@frettabladid.is**








# LOKA-DAGAR!

# SUMAR-MARKAÐUR ELLINGSEN

**DEVOLD UNDIRFATNAÐUR 20% AFSLÁTTUR**

**SCOTT VETTLINGAR OG HANSKAR 40% AFSLÁTTUR**

**NIKE BUXUR OG PEYSUR 2.990 KR.**

**ALLAR VÖRUR FRÁ** Columbia Sportswear Company, SCOTT, DIDRIKSONS 1913 Grundsund SWEDEN, MOUNTAIN HARD WEAR **30% AFSLÁTTUR**

**CAMPING KÆLIBOX 36 L**
Með 12 v bílatengi
**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 28.990 KR.

**DIDRIKSONS IRMA JAKKI**
KVK stærðir 36–46
**16.793 KR.**
FULLT VERÐ 23.990 KR.

**DIDRIKSONS BASE JAKKI**
KK og KVK stærðir 130–170
**8.990 KR.**
FULLT VERÐ 12.990 KR.

**MOVERA SKÁPUR BLÁR**
60x48x86
**13.990 KR.**
FULLT VERÐ 19.900 KR.

**COLEMAN ÚTILEGUSTÓLL MEÐ ÖRMUM**
Sterkur og samfellanlegur
**7.992 KR.**
FULLT VERÐ 9.990 KR.

**MOVERA SPEGILL M/ ARMI**
**7.990 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.

**COLEMAN TRACK SVENFPOKI**
Lítill og nettur sumarpoki
**4.792 KR.**
FULLT VERÐ 5.990 KR.

**MUND GÖNGUSOKKAR 30% AFSLÁTTUR**

**COLEMAN TAURI CONNECT X3 TJALD**
Vandað tjald. Fljótleg uppsetning.
**24.990 KR.**
FULLT VERÐ 39.900 KR.

**DIDRIKSONS GRIND SKEL**
KK stærðir S–XXL
KVK stærðir 36–44
**17.493 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.

**COLEMAN XYLO RAUÐUR SVEFNPOKI**
Tilvalinn í gönguna eða útileguna
**6.392 KR.**
FULLT VERÐ 7.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

MOUNTAIN HARD WEAR • DIDRIKSONS 1913 • Columbia Sportswear Company • montrail • DEVOLD • VIKING • Coleman • TATONKA • CAMPINGAZ • SCOTT • Remington • WINCHESTER • HARDY • Abu Garcia FOR LIFE.

PIPAR\TBWA • SÍA • 122093-0908

**FRÉTTAVIÐTAL:** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra

# Rekstraráætlanir voru óraunhæfar

**Endurskoða þurfti rekstraráætlanir Hörpu þar sem þær voru óraunhæfar segir Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra. Hún er ánægð með að áætlanir um menningarhlutann hafi staðist en segir aðgerðir í undirbúningi varðandi aðra þætti.**



**RÁÐHERRA** Katrín Jakobsdóttir segir mikilvægt að einfalda skipulagið um rekstur Hörpu. Þá þurfi að vinna eigendastefnu og leggja fram fimm ára áætlun um reksturinn. Eigendurnir, ríki og Reykjavíkurborg, séu í samráði um hvernig bæta megi reksturinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vinna í gangi

„Við höfum verið að skoða rekstur Hörpu ofan í kjölinn. Skýrslan sem nú er í umræðunni var unnin að okkar beiðni, því það lá fyrir þegar við fórum af stað að við myndum endurmeta þetta eftir fyrsta árið. Okkur fannst mikilvægt að hafa reynsluna af því hvernig hlutirnir gengu áður en við legðumst í það að gera langtímaáætlanir. Það er mikilvægt að hafa leiðarvísi inn í þær breytingar sem á að gera. Skýrslan kemur því ekki úr lausu lofti, heldur af því að við báðum um hana."

## Góð viðbót við menningarlífið

Katrín segir að sér hafi komið á óvart að það sé alltaf fullt hús þegar hún sækir viðburði í Hörpu, en hún sé búin að sækja þá ófáa.

„Það er alveg sama hvort það er sinfónían, óperan, Karlakórinn Þrestir með afmælistónleika eða Léttsveit Reykjavíkur; alltaf er fullt. Mér finnst fólk hafa tekið þessu húsi á afskaplega jákvæðan hátt og það eru góðu tíðindin.

Við þurfum hins vegar að sjálfsögðu að grípa til aðgerða, ríki og borg, í þessu máli. Það breytir því ekki að við megum ekki bara gleyma okkur í neikvæðri umræðu um að þetta sé baggi á skattgreiðendum. Þetta er gríðarlega mikilvæg viðbót við menningarlífið. Harpa hefur ekkert tekið frá menningarlífinu, hún er viðbót við það."

Endurskoðunarfyrirtækið KPMG gerði, að beiðni eigenda, úttekt á rekstri Hörpu eftir fyrsta heila rekstrarárið. Þar kemur fram að víða sé pottur brotinn og fáar áætlanir hafi staðist. Rekstur Hörpu er samstarfsverkefni ríkis og Reykjavíkurborgar, sem eiga félag um reksturinn saman. Hann er á borði þriggja ráðuneyta; fjármála-, utanríkis- og mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir slæma afkomu fyrsta árið ekki breyta þeirri skoðun sinni að rétt hafi verið að klára byggingu Hörpu þegar hrunið skall á. Ófært hefði verið að pakka húsinu í plast og geyma það.

*Þú getur hins vegar varla verið ánægð með útkomu skýrslu KPMG?*

„Við vissum að þetta er áhættusamur rekstur og það þarf ekki annað en að horfa til annarra Norðurlanda, sem hafa verið í svipuðum framkvæmdum. Þetta er alls staðar áhættusamur rekstur.

Ég, sem mennta- og menningarmálaráðherra, er í sjálfu sér ánægð með að tónlistar- og menningarrekstur hafi gengið eftir og staðist. Það er sá hluti sem snýr að mínu ráðuneyti.

Hins vegar eru aðrir þættir sem ýmist ganga ekki nógu vel eða of hægt og þar vísa ég til dæmis til ráðstefnuhaldsins. Það virðist taka tíma, eins og komið hefur fram hjá nýjum forstjóra. Það er ljóst að við eigum heilmikla möguleika, en það tekur tíma að markaðssetja svona stað. Þar binda menn líka vonir við hótel sem á að rísa við hlið Hörpu, en menn telja að það skipti mjög miklu máli að hafa gistiaðstöðu í næsta nágrenni við ráðstefnuhúsnæðið og það hefur alltaf verið hluti af öllum áætlunum.

Síðan eru aðrir þættir sem þarf að skoða sérstaklega, til dæmis hærri fasteignagjöld en gert var ráð fyrir."

*En af hverju eru þau hærri en áætlað var? Menn hljóta að hafa gert sér grein fyrir upphæð fasteignagjalda.*

„Það er auðvitað skilgreiningaratriði eftir því hvernig rekstur er miðað við. Áætlanir gerðu ráð fyrir að fasteignamat tæki mið af nýtingarvirði en ekki stofnkostnaði eins og niðurstaðan varð. Við höfum líka dæmi þar sem stofnanir hafa fengið styrki til þess að mæta fasteignagjöldum. Það er hins vegar Reykjavíkurborgar að svara því hvort það verður gert varðandi Hörpu, þar sem hún innheimtir fasteignagjöldin."

### Ekki nógu gott skipulag

Katrín segir að ekki megi gleyma því að um samstarfsverkefni ríkis og borgar sé að ræða. Báðir aðilar þurfi að taka þátt í að leysa vandann.

*En ef það er úrslitaatriði um rekstur hússins að fá aðra skilgreiningu á fasteignagjöldum, var þetta þá einfaldlega nógu vel skipulagt verkefni?*

„Maður getur spurt sig að því. Ýmsar áætlanir voru teknar upp og endurskoðaðar þegar við tókum yfir, þar á meðal áætlunin varðandi tónlistina og menninguna. Ég er sátt við þá vinnu.

Hins vegar má ekki gleyma því að ef opinberir aðilar hefðu reist Hörpu hefði húsið líklega orðið miklu minna. Það var hins vegar ákveðið að fara af stað á sínum tíma í samstarfi einkaaðila og opinberra aðila með fulltingi allra flokka, ýmist í borgarstjórn eða ríkisstjórn, og verkefnið var byggt upp með ákveðinn strúktúr sem er meira í ætt við einkarekstur en opinberan rekstur.

Ríki og borg ákveða síðan að ljúka byggingunni og hafa hana ekki hálfkláraða og segja upp 600 manns í byggingariðnaði sem var að hrynja, fyrir utan mikilvægi þess að byggja hér tónlistarhús, sem hafði lengi verið draumur íslenskra tónlistarmanna.

Við gerðum ráð fyrir að endurskoða áætlanir og það var gert að hluta, en hefði örugglega mátt gera betur. Ég held hins vegar að það sé fyrst og fremst mikilvægt að horfa til framtíðar. Þegar húsið var opnað ríkti óvissa um marga hluti. Áætlanir voru gerðar en ýmislegt sáu menn ekki fyrir."

*En er það ekki falleinkunn á verkefni af þessari stærðargráðu ef það þarf að renna blint í sjóinn með stóra þætti?*

„Það verður líka að horfa á aðstæður, án þess að ég sé að segja að ekki hefði mátt gera betur. Það var tekið við verkefni sem farið var af stað með á tilteknum forsendum og ákveðið að klára það. Forsendurnar voru hins vegar gjörbreyttar og það er alltaf vandasamt."

### Óraunhæfar áætlanir

Katrín segir alltaf vandasamt þegar forsendur verkefnis breytast. Upphaflega hugsunin hafi verið sú að einkaaðilar legðu umtalsvert fé í reksturinn og ríki og borg styrktu hann. Síðan breytist það og opinberir aðilar taka bygginguna yfir.

„Kostnaður ríkis og borgar jókst hins vegar ekki og hluti kostnaðarins var afskrifaður innan hinna föllnu banka þegar við tókum yfir.

Þetta eru mjög óvenjulegar aðstæður og mjög ólíkt því þegar hefðbundnar opinberar framkvæmdir, þar sem ríkið hefur haldið utan um alla þræði frá upphafi, fara fram úr áætlun. Við tókum við ákveðnu verkefni þar sem forsendur höfðu verið lagðar. Endurskoða þurfti allar rekstraráætlanir og einnig ýmislegt sem gert hafði verið ráð fyrir. Það var mikið unnið í því, en ég segi ekki að það hefði ekki mátt gera betur."

*Hvað var helst endurskoðað?*

„Hinar gömlu rekstraráætlanir voru endurskoðaðar þar sem þær voru taldar óraunhæfar. Við vorum hins vegar líka meðvituð um að áhætta væri fólgin í þessu. Margir höfðu áhyggjur af tónlistar- og menningarþættinum, en kannski er það að koma á daginn að það eru frekar aðrir þættir sem þarf að skoða."

### Gripið til aðgerða

*En hvernig á að leysa þann vanda sem við blasir?*

„Það stendur ýmislegt til. Við munum einfalda skipulagið í kringum reksturinn, en það var mjög flókið og á forsendum einkaaðila. Við ákváðum að bíða með að breyta honum þar til búið væri að opna húsið og komin reynsla á hvað væri best að gera. Það stendur yfir núna og fólk má ekki vanmeta það að nauðsynlegt er að taka slíkar ákvarðanir á ígrundaðan hátt.

Það liggur fyrir að á sama tíma verður kynnt eigendastefna, sem er skilgreining á markmiðum eigendanna gagnvart húsinu.

Í þriðja lagi er nú unnið að gerð fimm ára rekstraráætlunar. Nú er hægt að setja fram áætlanir til lengri tíma, þar sem raunverulegar forsendur til að gera langtímaáætlun liggja nú fyrir. Komin er reynsla á hvað gengur og hvað ekki.

Þetta er hins vegar stórt gat og ljóst að það þarf að skoða ýmsa hluti, svo sem hagræðingu, auknar tekjur og hugsanlegan þátt eigenda. Það er engin ein skyndilausn í því."

*Kemur til greina að hækka leigu Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Íslensku óperunnar?*

„Við munum ásamt Reykjavíkurborg skoða alla þætti í rekstri hússins, auknar tekjur og hagræðingu. Það er mikilvægt að báðir aðilar taki sína ábyrgð á lausn vandans. Leigusamningar sinfóníunnar og óperunnar eru ekki undanþegnir þessari skoðun. Ríkið hefur sagt að það ætli ekki að setja fé í rekstur hússins, en styrkja það með því að finna þessari starfsemi, sem styrkt er af ríkinu, þar stað."



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is








Meiddist á höfði og fæti:

# Hrasaði í rúllustiga í Leifsstöð

**LÖGREGLUMÁL** Erlendur ferðamaður slasaðist þegar hann datt í rúllustiga í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á þriðjudag.

Maðurinn hrasaði fram fyrir sig í fyrsta þrepi stigans, að því er lögreglumönnum á vettvangi var tjáð, og féll niður með þeim afleiðingum að höfuð hans skall á einu þrepanna. Hann hlaut tvo skurði á höfði, auk skrámu á sköflungi.

Maðurinn var fluttur með sjúkrabíl á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þar sem gert var að sárum hans.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra afhjúpar minnisvarða um Hrafna-Flóka í Skagafirði:

# Hrafna-Flóka reistur minnisvarði í Skagafirði

**MENNING** Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra mun á laugardag afhjúpa minnisvarða um Hrafna-Flóka en staðsetningin gæti komið sumum á óvart því hún er ekki á Vestfjörðum, þaðan sem við höfum mestar fregnir af honum, heldur í Mó í Fljótum í Skagafirði.

Eins og alþjóð veit átti Hrafna-Flóki misheppnaða vetursetu í Vatnsfirði á Barðaströnd þar sem hann gaf landi voru nafn eftir að hafa misst allt kvikfé sitt í íslenskri frosthörku. „Já, hann kom aftur og settist þá að hérna,“ segir Herdís Sæmundardóttir sem fer fyrir framtakshópnum en afi hennar, Hermann Jónsson, og amma, Elín Lárusdóttir, bjuggu á Ysta-Mó. „Við vorum hérna mikið og það var svo mikið látið með hann hérna að við systkinin erum eiginlega alin upp með Hrafna-Flóka,“ segir Herdís.

Skammt hjá eru síðan Flókasteinar en sú saga hefur gengið að undir einum liggi fjársjóður landnámsmannsins en undir hinum liggi Hrafna-Flóki sjálfur.

Herdís tengist frekar slóðum Hrafna-Flóka en Hermann afi hennar var frá Bíldudal, en þaðan blasir Ármannsfellið við þar sem Hrafna-Flóki stóð er hann gaf landi voru nafn.

Guðbrandur Ægir Ásbjörnsson hannaði minnisvarðann en Hjalti Pálsson gerði texta á upplýsingaskilti sem á honum verður. - jse



**HERDÍS OG RAFAEL VIÐ MINNISVARÐANN** Innanríkisráðherra mun afhjúpa minnisvarðann á laugardag.



**Á STÆRÐ VIÐ ELDSPÝTNASTOKK** Sporðdrekanum verður haldið lifandi þar til skordýrafræðingur greinir hann. MYND/LÖGREGLAN

Sporðdreki fannst á gististað:

# Fær skordýr að borða í mánuð

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lagði hald á sporðdreka á gistiheimili í borginni á dögunum. Svo virðist sem dýrið hafi komið til landsins með erlendum ferðamönnum.**

**RÚV greindi frá því að sporðdrekinn hefði verið færður á Náttúrustofnun þar sem honum var gefin hrossafluga og tvær köngulær að éta. Honum verður haldið lifandi þar til Erling Ólafsson skordýrafræðingur snýr aftur til starfa í lok mánaðarins, þar sem hann á að greina dýrið.**

**Ekki er algengt að sporðdrekar finnist hér á landi, en þeir eru, sem kunnugt er, afar eitraðir.** - sv

Innbrot í Grindavík:

# Brotist inn í grunnskólann

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í grunnskólann í Grindavík um helgina. Lögreglunni á Suðurnesjum barst tilkynning um atvikið og fóru lögreglumenn þegar á vettvang. Við vettvangsrannsókn kom í ljós að gluggi á norðurhlið hússins hafði verið spenntur upp. Töluverðar skemmdir eru á gluggakarmi eftir áhald sem notað var til verksins.

Ekki lá ljóst fyrir í gær hvort einhverju hefði verið stolið úr skólanum. Lögreglan biður þá sem upplýst gætu um mannaferðir að hafa samband í síma 420 1800.

**HÚSAVÍK**

### Hættulegt duft í báti

Slökkvilið Húsavíkur var kallað í mannlausan fiskibát í fyrrakvöld. Töldu menn að reyk legði frá bátnum en við skoðun kom í ljós að slökkvikerfi hafði farið í gang og sprautað dufti vítt og breitt um bátinn. Duftið getur reynst mönnum hættulegt. Til stóð að fara yfir hið sjálfvirka kerfi bátsins í gær.

**DANMÖRK**

### Nýr formaður tekur við

Kristian Thulesen Dahl tók í gær við embætti formanns danska Þjóðarflokksins. Fráfarandi formaður er Pia Kjærsgaard.











TIL LEIGU

GRENSÁSVEGUR, ÁRMÚLI, GUÐRÍÐARSTÍGUR OG LYNGHÁLS

Gott atvinnuhúsnæði

Frábærlega vel staðsett verslunar- og skrifstofuhúsnæði

- **Grensásvegur 10 og 8**, 1.203 og 1.779 m², hentar mjög vel undir verslunarrekstur og skrifstofur
- **Ármúli 2**, 3.384 m², leigist í heilu lagi
- **Guðríðarstígur 2–4**, 2.045 m², hentar mjög vel undir verslunarrekstur og skrifstofur
- **Lyngháls 9**, 1.636 m², hentar mjög vel undir skrifstofur

**Nánari upplýsingar gefur:**

*Hermann Guðmundsson / hermann@m3.is /* **gsm 661 4700**

**www.m3.is**

m3 FASTEIGNARÁÐGJÖF LEIGUMIÐLUN

# neytendur
hagur heimilanna

**15,7%** **ER SÚ HLUTFALLSLEGA VERÐHÆKKUN** sem varð á einu kílói af Cheerios-morgunkorni frá maí 2011 til maí 2012.

**NEYTANDINN:** LEE NELSON STJÓRNANDI SIRKUS ÍSLANDS

## *Rússneska kápan var léleg fjárfesting*

Lee Nelson, annar stjórnandi Sirkus Íslands, er á rómantísku nótunum þegar hann er spurður um bestu kaupin sem hann hefur gert.

„Bestu kaupin eru demantshringur sem ég keypti handa eiginkonunni í Suður-Afríku. Ég fór þangað í vinnuferð og var með fjórar sýningar á dag í heilan mánuð. Allur peningurinn sem ég vann mér inn fór í hringinn.“ Lee Nelson segir þessum peningum vel varið og hringurinn prýði nú fingur eiginkonunnar.

Lee Nelson er svo ekki í vafa um hver bestu kaupin fyrir sirkusinn eru. Það eru páfuglsfjaðrir sem hann segir vera bæði hræódýrar og mikið notaðar.

„Við notum páfuglsfjaðrir til að kenna börnum sirkuskúnstir. Það er mjög auðvelt að láta fjaðrirnar ná jafnvægi og þess vegna notum við þær til að þjálfa börn í að láta hluti standa í lófanum á sér eða jafnvel á nefbroddinum,“ segir Lee Nelson.

„Ég hugsa að hvert einasta barn á Íslandi hafi prófað að æfa jafnvægiskúnstir með eina af páfuglsfjöðrunum mínum síðustu sjö árin,“ bætir hann við.



Lee Nelson ólst upp í Ástralíu en hann lét ekki hátt hitastig í landinu aftra sér þegar hann gerði verstu kaup lífs síns.

„Allra, allra, allra verstu kaup sem ég hef gert, er þykk, vatnsheld, skósíð kápa frá Rússlandi. Ég var á unglingsaldri þegar ég keypti hana og hún var gerð til að þola tuttugu gráðu frost. Ég ólst upp í Ástralíu þar sem 35 stiga hiti er í skugga þannig að ég hafði ekki mikil not fyrir hana. Mér fannst bara hún flott, ég var ungur og kápan dýr,“ segir Lee Nelson. Kápuna á hann reyndar enn þá, en hún er hinum megin á hnettinum, uppi á lofti í húsi foreldra hans.

Versta fjárfestingin fyrir fyrirtækið fór hins vegar í Facebook.

„Heimskulegustu kaupin fyrir sirkusinn sem ég hef gert eru auglýsingar á Facebook. Þær voru bæði dýrar og skiluðu mér akkúrat engu.“

# Einfaldar og nettar skólatöskur bestar

**Þægilegt, nett og einfalt eru kjörorðin fyrir vel heppnuð skólatöskukaup. Mikilvægt er að taskan falli að vaxtarlagi barnsins og sé ekki of þung en einnig er brýnt að taskan sé nógu einföld til að börnin ráði við hana.**

„Mikilvægast er að velja töskur sem börnin ráða við, að þau geti opnað og lokað töskunni og smellt öllum hólfum sjálf. Sumar töskur eru ótrúlega flóknar og sumir nemendur geta ekki opnað töskurnar sínar því klemmurnar eru svo stífar. Það er það sem við kennararnir erum að reka okkur á,“ segir Anna Guðrún Harðardóttir, umsjónarkennari fyrsta bekkjar í Langholtsskóla.

Hún bendir á að börn sem eru að hefja nám í sex ára bekk þurfi ekki stóra tösku.

„Hjá okkur eru krakkarnir bara með smá möppu í töskunni, með einu eða tveimur lestrarheftum og svo létta hressingu. Þetta er mjög lítið, þau eru ekki einu sinni með pennaveski,“ segir Anna Guðrún.

Á Ísafirði nota börnin heldur ekki mikið pláss í töskunni.

„Börnin geyma allt sitt dót í skúffum. Sum eru kannski með einhverja bók, nestið, pennaveski og stundum leikfimisdót. Það er aðallega verið að kenna börnunum að passa sitt,“ segir Jón Heimir Hreinsson, kennari í fyrsta bekk í Grunnskólanum á Ísafirði.

> Sumir nemendur geta ekki opnað töskurnar sínar því klemmurnar eru svo stífar.
>
> **ANNA GUÐRÚN HARÐARDÓTTIR**
> KENNARI Í LANGHOLTSSKÓLA

Jón Heimir segir best að hafa töskurnar renndar að ofanverðu.

„Börnin setja töskurnar oft á stólbökin og sumar töskur eru þannig að þær eru renndar nánast allan hringinn. Svona töskur vilja oft opnast þannig að dótið flæðir út um allt,“ segir Jón Heimir.

Frá sjónarhóli iðjuþjálfans er mikilvægast að finna tösku sem passar á bak barnsins.

„Það er í rauninni hægt að líta á val á skólatösku eins og skókaup. Sama taskan hentar ekki öllum og hún má ekki vera of stór,“ segir Harpa Ýr Erlendsdóttir iðjuþjálfi.

„Í fyrsta lagi þarf taskan að sitja vel á bakinu, hún má ekki hvíla á rassinum eða þrýsta á axlir. Ólarnar þurfa að vera breiðar og bólstraðar og bakið helst líka. Svo þarf að huga að breiddinni á töskunni og lengdinni líka.“ katrin@frettabladid.is

### Góð ráð

- Skólataska ætti ekki að vera breiðari en efri hluti baks til að hindra ekki hreyfingar handleggja.
- Veljið tösku með bólstruðum axlarólum og helst bólstruðu baki líka.
- Skólataskan á að hvíla við mjóbakið en á ekki að ná lengra en tíu sentímetra fyrir neðan mitti.
- Gott er að velja tösku með brjóstól, því hún stuðlar að því að taskan sitji rétt á öxlum og renni ekki út af þeim.

Heimild: Leiðbeiningar frá iðjuþjálfum um skólatöskur.






### GOTT HÚSRÁÐ

*Þvoið lopapeysur sem minnst*

Margir vilja eflaust fríska aðeins upp á lopapeysurnar sínar, nú þegar seinni hluti sumars gengur í garð. Það er samt varasamt að þvo lopapeysur oft. Þetta er eins og með annan utanyfirfatnað, það á að þvo hann örsjaldan.

Sumir halda því fram að fitan í ullinni haldi henni mjúkri og hlýrri og með hverjum þvotti minnki þessi fita. Fáir vita að ullin hreinsar sig að einhverju leyti sjálf og því er oft nóg að viðra lopaflíkur til þess að hressa aðeins upp á þær.

Í þau örfáu skipti sem peysurnar eru þvegnar er best að nota lopasápu eða aðra ullarsápu. Varist að setja hárvörur eða mýkingarefni sem ekki eru ætluð ullarvörum, því peysurnar virðast oft taka meiri lykt í sig en annar fatnaður. Munið svo að skola peysurnar vel og leggja þær til þerris á handklæði, því ef þær eru hengdar upp teygjast þær til.



■ **Verslun**

## Vörur frá Kötlu orðnar nógu þungar

Vörur Kötlu voru yfir leyfilegum mörkum þegar Neytendastofa athugaði þyngd á vörum frá fyrirtækinu. Áður hafði Neytendastofa gert athugasemdir við að vörur fyrirtækisins hefðu verið of léttar. Niðurstöður nú sýna að Katla hefur brugðist við athugasemdunum Neytendastofu.

Í könnun stofnunarinnar voru þrjár vörutegundir kannaðar, en það voru gróft salt í 1.200 gramma pakkningum, púðursykur í 1.000 gramma pakkningu og Bónus rasp í 300 gramma pakkningu. Bæði nettóþyngd og meðalþyngd þessara vara voru yfir leyfilegum mörkum.









taktu
DELL
með þér!
Nú er Dell
komið í Hátækni!
Nú hefur Hátækni hafið sölu á hágæðatölvunum frá Dell. Byrjaðu í Hátækni, veldu tölvu sem hentar markmiðum þínum og taktu Dell með þér út í lífið.
Þú ræður ferðinni með Dell.
DELL
Dell Vostro 3360 13“
Létt og nett fartölva með öflugum Intel i5-3317U 3rd GEN og 320GB hörðum diski.
kr. 179.995
Taktu þátt í Facebook-leik Hátækni
Hvert er þitt markmið? Veldu Dell tölvu sem hjálpar þér að ná markmiðinu.
Þú getur unnið Dell Inspiron 14z að verðmæti 179.995
Dell Inspiron 15R (5520) 15“
Öflug fartölva með Intel i5-3210M 3rd GEN örgjörva, 1TB hörðum diski og 1GB sjálfstæðu skjákorti.
kr. 179.995
Dell Inspiron 15 (N5050) 15“
Frábær í skólann eða vinnuna. Góð fartölva með Intel i3-2370M örgjörva og 500GB hörðum diski.
kr. 129.995
Dell Inspiron 14z Ultrabook 14“
Þunn, létt og nett með Intel i3-2367 3rd GEN örgjörva, 128GB SSD-drifi og frábæru hljóðkerfi.
kr. 179.995
advania
Welcome to IT
Advania valdi traustan og öflugan sölu-aðila fyrir Dell-tölvur. Hátækni selur Dell.
Hátækni
Ármúla 26 • 522 3000 • www.hataekni.is
Opið: Virka daga 9.30–18
PIPAR\TBWA • SÍA • 122049

# Skólaba




## MacBook Air 11”

**16.659 kr á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 199.912

**VAXTA LAUST**

**189.990 kr**
Staðgreitt

1,7GHz dual-core Intel Core i5
Turbo Boost í allt að 2,6GHz
64GB ofurhröð flash geymsla
4GB 1600MHz vinnsluminni
Intel HD Graphics 4000
Íslenskt baklýst lyklaborð

## MacBook Air 13”

**21.830 kr á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 261.955

**VA LA**

1,8GHz dual-core Intel Core i5
Turbo Boost í allt að 2,8GHz
128GB ofurhröð flash geymsla
4GB 1600MHz vinnsluminni
Intel HD Graphics 4000
Íslenskt baklýst lyklaborð



KNOMO Lincoln
Fartölvutaska
**Verð: 11.990.-**



Incase Terra Sleeve
Fartölvuslíður
**Verð: 7.990.-**



Incase Neoprene Sleeve
Fartölvuslíður
**Verð: 6.990.-**



Walk on Water
Fartölvuslíður
**Verð frá: 6.990.-**



Superdrive
USB tengdur DVD lesari/s
**Verð: 14.990.-**

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
* Þar af lántökugjald 3.25% og þóknun til Borgunar sem nemur 340 kr. á hverja greiðslu

# ekurnar




MacBook Pro 13"

XTA
UST

**249.990 kr**
Staðgreitt

**20.101 kr á mánuði**
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 241.212

VAXTA
LAUST

**229.990 kr**
Staðgreitt

2,5GHz tveggja kjarna Intel i5
Turbo Boost í allt að 3,1GHz
4GB 1600MHz vinnsluminni

500GB harður diskur
Intel HD Graphics 4000
Íslenskt lyklaborð (baklýst)

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt



krifari




Microsoft Office 2011
Word, Excel og PowerPoint
**Verð frá : 21.990.-**

epli.is

**Laugavegi 182**
Opnunartímar
**Virka daga** 10-18 | **Laugardaga** 11 - 16
**Sími** 512 1300 | www.epli.is

**Smáralind**
Opnunartímar
**Virka daga** 11-19 | **Fimmtudaga** 11 - 21 | **Laugardaga** 11 - 18
**Sunnudaga** 13 - 18 | **Sími** 512 1300 | www.epli.is

**202.500** VAR FJÖLDI GISTINÓTTA á íslenskum hótelum í júní. Gistinóttum í mánuðinum fjölgaði um 13% milli ára.

Vefmiðlun færir lögheimili:

## AMX flutt í Hádegismóa

Vefmiðlun ehf., sem meðal annars á og rekur vefinn amx.is, flutti lögheimili sitt og póstfang að Hádegismóum 2 í Reykjavík nýverið. Þetta kemur fram í tilkynningu til fyrirtækjaskráar sem móttekin var 13. júní síðastliðinn. Hádegismóar 2 hýsa einnig starfsemi Morgunblaðsins, en hluti húsnæðisins hefur verið leigður undir aðra starfsemi.

Vefmiðlun ehf. er í eigu Friðbjörns Orra Ketilssonar og Arthúrs Ólafssonar til helminga. Friðbjörn Orri er auk þess titlaður útgefandi AMX-vefjarins. Félagið hagnaðist um 177 þúsund krónur á árinu 2010 samkvæmt síðasta birta ársreikningi. - þsj

Innstæður lífeyrissjóða ekki verið meiri í tvö ár:

## Eignir lífeyrissjóða dragast aðeins saman

Eignir lífeyrissjóða landsins drógust lítillega saman í júní síðastliðnum. Þær voru 2.243 milljarðar króna í lok maí en 2.242 milljarðar króna þegar júní var liðinn. Þetta kemur fram í nýjum hagtölum Seðlabanka Íslands sem birtar voru á heimasíðu bankans á þriðjudag.

Mestu munar um breytingu á erlendri verðbréfaeign sjóðanna og skýrist það líkast til að mestu af styrkingu íslensku krónunnar, enda eignir þeirra gefnar upp í þeim gjaldmiðli.

Innstæður og sjóðir lífeyrissjóðanna hafa ekki verið hærri frá því í september 2010. Alls voru 161,8 milljarðar króna geymdir með þeim hætti í lok júní síðastliðins. Innstæður jukust um 5,8 milljarða króna í þeim mánuði.

Eign sjóðanna í innlendum hlutabréfum hefur farið hríðvaxandi á undanförnum mánuðum. Um síðustu áramót var virði innlendra hlutabréfa í eigu sjóðanna 106 milljarðar króna. Um þarsíðustu mánaðamót var virði þeirra hins vegar komið í 143 milljarða króna og hafði því aukist um ríflega þriðjung á einungis hálfu ári. – þsj



**FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ** Stefnt er að því að ríkissjóður hefji á ný sérstakar aukagreiðslur vegna B-deildar LSR á næstunni. Greiðslurnar munu sennilega nema fjölda milljarða á ári. Þá hefur FME lagt til að iðgjöld launagreiðenda vegna sjóðsfélaga í A-deild sjóðsins verði hækkuð um ríflega fjórðung. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Öll starfskjör til skoðunar

**Starfshópur um málefni LSR hyggst ljúka vinnu fyrir 1. október. Hlutverk hópsins er að leggja til lausnir á fjárhagsvanda sjóðsins. Til greina kemur að gera breytingar á starfskjörum opinberra starfsmanna.**

**EFNAHAGSMÁL** Starfshópur fjármálaráðuneytisins um málefni Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) stefnir að því að ljúka vinnu fyrir 1. október. Gunnar Björnsson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu og formaður hópsins, segir koma til greina að breyta launakjörum samhliða breytingum á lífeyrisréttindum.

Starfshópurinn var skipaður í mars á síðasta ári. Hann á að yfirfara stöðu LSR og leggja til lausnir á fjárhagsvanda sjóðsins. Starfshópnum voru ekki sett nein formleg tímamörk við vinnuna en hins vegar þarf stjórn LSR að taka ákvörðun um mögulegar breytingar á iðgjaldi fyrir 1. október. Því stefnir starfshópurinn að því að ljúka vinnu sinni fyrir þann tíma.

„Það eru allir sammála um að það þarf að gera breytingar. Stóra spurningin er hvaða breytingar. Það gildir vitaskuld um þetta eins og margt að því fyrr sem menn komast að niðurstöðu, því betra,“ segir Gunnar og heldur áfram: „Við þurfum meðal annars að horfa til þess að hagsmunir opinberra starfsmanna eru ekki alltaf hinir sömu. Það sem hentar sumum getur skaðað aðra og því er þetta visst púsluspil.“

Þess vegna segir Gunnar að starfshópurinn hafi verið sammála um að líta til starfskjara opinberra starfsmanna í víðu samhengi. „Það er hægt að ímynda sér að gegn breytingum á lífeyrisréttindaávinnslu verði launakjörum breytt. Það er ein leið og það er held ég betra að skoða málið svona fremur en að binda okkur við breytingar á réttindum,“ segir Gunnar.

Erfið fjárhagsstaða LSR hefur legið fyrir lengi. Samanlagt vantar A- og B-deildir LSR um 430 milljarða króna til þess að geta staðið við skuldbindingar sínar. Þar af eru 373 milljarðar vegna B-deildar. Hrein eign sjóðsins er aftur á móti tæplega 380 milljarðar.

Til að vinna á halla A-deildar hefur stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) beint þeim tilmælum til stjórnar LSR að iðgjald launagreiðenda verði hækkað um fjögur prósentustig, úr 15,5% í 19,5%. Þá hefur FME einnig hvatt almennt til þess að dregið verði úr halla í lífeyriskerfinu með því að hækka iðgjöld, skerða réttindi sjóðsfélaga eða hækka lífeyrisaldur.

Stjórn LSR hefur hingað til ekki viljað hækka iðgjöld en vænta má að það verði tekið til alvarlegrar skoðunar telji starfshópurinn það nauðsynlegt. Til að fara megi að hinum tillögum FME þarf hins vegar að breyta lögum.

Til að bregðast við vanda B-deildar mun ríkissjóður hefja sérstakar aukagreiðslur til sjóðsins svo fljótt sem aðstæður ríkissjóðs leyfa. Var þannig komist að orði í svari Steingríms J. Sigfússonar, þáverandi fjármálaráðherra, við fyrirspurn um stöðu LSR á þingi þann 9. janúar síðastliðinn.

Þá kom fram í svarinu að B-deild LSR færi í þrot árið 2025 berist engar frekari aukagreiðslur. Ef hins vegar væri gert ráð fyrir að ríkissjóður greiddi jafna fjárhæð frá og með árinu 2012 þá yrði sú greiðsla að nema 7,8 milljörðum á ári í fjörutíu ár til að rétta af halla sjóðsins.

„Eðlilega erum við líka að skoða stöðu B-deildar. Við viljum svara því hvernig greiða megi niður hallann og jafnframt viljum við útbúa greiðsluáætlun,“ segir Gunnar.

magnusl@frettabladid.is

### Vandi A- og B-deildar ólíkur

B-deild LSR var lokað árið 1997 og A-deildin þá stofnuð. Í B-deild eru hins vegar skuldbindingar vegna eldri starfsmanna. Glíma báðar deildirnar við fjárhagsvanda en þó af ólíkum meiði. B-deildin er með fullri ábyrgð ríkissjóðs en sjóðurinn var aldrei hugsaður sem fullkominn söfnunarsjóður. Greiddi ríkissjóður aukalega með sjóðnum frá 1999 til 2008 en eftir bankahrun lögðust greiðslur af. Þó stendur til að hefja þær brátt á ný. Hjá A-deildinni er ábyrgð ríkisins hins vegar óbein.

Samkvæmt núgildandi lögum er ekki leyfilegt að skerða réttindi sjóðsfélaga í opinberum lífeyrissjóðum og því er eina leiðin til að laga tryggingafræðilega stöðu þeirra sú að hækka iðgjöld. Það er ekki lausn á vanda B-deildarinnar en stjórn LSR ákvarðar árlega iðgjald launagreiðenda vegna framlaga í A-deild þannig að það dugi til greiðslu á skuldbindingum. Stjórninni er þó samkvæmt lögum ekki skylt að hækka iðgjald fyrr en hallinn er orðinn 15% í eitt ár eða 10% í fimm ár. Hallinn er nú 13,1%.

Nýsköpunarstyrkir Landsbankans

Landsbankinn styður góðar hugmyndir í atvinnurekstri og veitir allt að 15 milljónum króna í nýsköpunarstyrki árið 2012.

Markmið nýsköpunarstyrkja Landsbankans er að styðja við frumkvöðla með því að veita þeim tækifæri til að þróa nýja viðskiptahugmynd, eldri viðskiptahugmynd á nýju markaðssvæði eða nýja vöru eða þjónustu. Nýsköpunarstyrkjum er jafnframt ætlað að styðja við frumkvöðla til kaupa á efni, tækjum eða sérfræðiþjónustu vegna nýsköpunar eða sækja námskeið sem sannanlega byggir upp færni sem nýtist við þróun viðskiptahugmyndar.

Styrkupphæðir
» 500.000–2.000.000 kr. – styrkir fyrir verkefni sem eru lengra komin.
» 200.000–500.000 kr. – styrkir fyrir fyrstu skrefin.

Umsóknarfrestur
Umsóknarfrestur vegna nýsköpunarstyrkja er til og með **12. september 2012.** Dómnefnd er skipuð þremur fagaðilum og tveimur sérfræðingum bankans. Sótt er um styrkina rafrænt á vef bankans, landsbankinn.is.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru veittar fimm tegundir styrkja: Afreksstyrkir, námsstyrkir, umhverfisstyrkir, samfélagsstyrkir og nýsköpunarstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.



**HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?**

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

30-50% AFSLÁTTUR
AF HEILSURÚMUM

Heilsurúm á tilboði

VERÐDÆMI:
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: 70.224
Tvíbreitt: 129.336

## FRÍ HEIMSENDING
## EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



30-40%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
RAFMAGNS-
RÚMUM

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
**– Eingungis greiðist lántökugjald**

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Opinberar framkvæmdir standast ekki áætlun:

## Íslensk ábyrgð

Þegar íslenska ríkið og Reykjavíkurborg ákváðu að taka yfir byggingu og rekstur Hörpunnar í byrjun árs 2009 var það gert á grundvelli svokallaðrar yfirtökuáætlunar. Hún snerist bæði um ætlaðan kostnað vegna byggingar hússins, hver rekstrargjöld þess yrðu þegar það væri tilbúið og hvers konar tekjum það myndi skila. Líkt og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu á undanförnum dögum þá stóðust þessar áætlanir varla að nokkru leyti. Byggingarkostnaður hefur verið mun hærri en upphaflega var áætlað, rekstrarkostnaður meiri og tekjur mun lægri. Mest sláandi er að tekjur af ráðstefnuhaldi hafa verið 80 prósentum lægri en tilgreint var í upphaflegum áætlunum.

SKOÐUN



Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Eigendur Hörpu þurfa að greiða um milljarð króna af lánum vegna byggingar hennar í ár. Til viðbótar er búist við að rekstrartap hússins verði um 400 milljónir króna og KPMG, sem gerði úttekt á rekstri Hörpu, segir viðbúið að áframhaldandi rekstrartap verði á næstu árum. Í ár var ákveðið að ráðast í skuldabréfaútgáfu til að fjármagna veisluna. Hún hefur að langmestu leyti verið seld til fjárfestingasveltra lífeyrissjóða, enda útgáfan með ríkisábyrgð. Alls þarf að ná inn 18,6 milljörðum króna í útboðinu til að gera upp sambankalán, fjármagna lokauppgjör við verktaka og aðrar innspýtingar skattgreiðenda. KPMG hvetur hins vegar til þess að útgáfan verði stækkuð í 19,3 milljarða króna til að gera Hörpunni kleift að fá 700 milljónir króna í nýtt rekstrarfé. Miðað við áætlun ársins í ár mun það fé brenna upp á innan við tveimur árum.

Harpan, sem kostaði um 173 prósentum meira en upphaflega áætlað var, er ekki fyrsta framkvæmdin sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum sem hefur farið langt fram úr öllum áætlunum. Héðinsfjarðargöng kostuðu fullgerð rúma 15 milljarða króna, 19 prósentum meira en lagt var upp með. Ný Grímseyjarferja kostaði 167 prósentum meira en upphafleg kostnaðaráætlun gerði ráð fyrir. Þjóðarbókhlaðan kostaði helmingi meira en hún átti að gera. Nýjar skrifstofur Alþingis og Borgarbókasafnið bæði um 90 prósentum meira. Hús Orkuveitunnar fór að minnsta kosti þriðjung fram úr áætlun.

Í rannsóknum Þórðar Víkings Friðgeirssonar, lektors við tækni- og verkfræðideild HR, og mastersnema hans kemur reyndar fram að um 70 prósent allra opinberra framkvæmda fara fram úr áætlun. Þegar um er að ræða stærri verkefni, eins og Hörpuna, þá eru um 90 prósenta líkur á framúrkeyrslu.

Þessar staðreyndir boða ekki gott þegar horft er til þess að fram undan eru tvær mjög dýrar framkvæmdir á ábyrgð ríkisins. Í fyrradag hófst nefnilega vinna við Vaðlaheiðargöng, sem eiga að kosta um níu milljarða króna og borga sig upp með veggjöldum. Sérfræðingar hafa sagt þá áætlun fjarstæðukennda. Brátt verður síðan ráðist í byggingu nýs Landspítala. Áætlaður kostnaður hans eru rúmlega 50 milljarðar króna.

Tvennt kemur til greina þegar ofangreint er skoðað. Annaðhvort eru stjórnmálamennirnir sem taka ákvarðanir um viðkomandi framkvæmdir vísvitandi þátttakendur í því að blekkja almenning eða að þeir undirbúi ákvarðanir sem binda gríðarlegt magn af almannafé í umdeildum framkvæmdum ekki nógu vel. Hvorugt er ásættanlegt. Á báðu þarf að axla ábyrgð. Það þykir hins vegar ekki nógu „íslenskt“ að gera það.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Orðaleppanotkun

Það getur verið áhugavert að fylgjast með tilraunum til að orða eitthvað þannig að það þjóni hagsmunum mælanda betur. Hvað er til dæmis neikvæð raunávöxtun? Jú, það er orðaleppur yfir hið ágæta íslenska orð tap. Nú er búið að finna upp enn einn orðaleppinn, í þetta skiptið í tengslum við Hörpu. Rekstur hennar á nefnilega að vera sjálfbær. Sá ágæti íslenskunnar þjónn, Mörður Árnason, bendir á þetta á heimasíðu sinni og les þannig úr að líklega þýði þetta að ekki eigi að vera halli á rekstrinum.

### Biðlað til samherja



Mörður hefur annars verið ötull að spyrja gagnrýnna spurninga varðandi Hörpu. Nú gengur hann lengra og kallar eftir því að forráðamenn „Harpa house“, sem hvað hæst mærðu verkefnið fyrr á tíð, leiti sér að nýrri vinnu. Þar beinir hann meðal annars tilmælum til samflokksfólks síns fjármála- og utanríkisráðherra, sem tilnefna í stjórnina, að ógleymdu Samfylkingarfólki í meirihluta borgarstjórnar.

### Aðeins ESB-afstaða



Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, fullyrðir, í pistli á Evrópuvaktinni, að fá, ef nokkur, mál muni hafa meiri áhrif á val kjósenda í prófkjörum en afstaða frambjóðenda til ESB-aðildar. Styrmir segir aðildarandstæðinga ekki geta kosið fylgismenn á þing og öllum öðrum álitaefnum en aðild að ESB þurfi að víkja til hliðar. Óhætt er að segja að tónninn hafi verið sleginn fyrir kosningavetur.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Þín vegna, af þinni hálfu, fyrir þig

Heilbrigðismál



Örn Bárður Jónsson
formaður Hollvinasamtaka líknardeilda

Ég hitti þær að loknum vinnudegi. Þær komu beint af vaktinni, dauðþreyttar, eftir að hafa hjúkrað öldruðum á fjölmennri deild, undirmannaðri og vanbúinni af tækjum. Deildin er kölluð biðdeild. Hún var opnuð á Landakoti eftir að líknardeildinni þar var lokað þrátt fyrir að yfirstjórnendur LHS hefðu fengið 50 milljóna króna aukafjárveitingu frá Alþingi eftir að Hollvinasamtök líknardeilda höfðu gengið á fund fjárlaganefndar. Deildinni var lokað í trássi við vilja Alþingis.

Í „hagræðingarskyni“ var farið út í breytingar á líknardeildinni í Kópavogi og Oddfellowreglan látin greiða kostnaðinn að mestu. Þar átti, að sögn stjórnenda, að fjölga rúmum. Staðreyndin er sú að rúmum fyrir deyjandi hefur fækkað og nýja deildin fullbúin er lokuð vegna manneklu. Það kann að líta betur út í reikniforritum yfirstjórnar LHS að láta aðra greiða reikningana en þetta er nú samt allt úr sjóðum samfélagsins.

Í starfi mínu sem sóknarprestur hitti ég stundum fólk sem tjáir sig sorgmætt um þjónustuna sem í boði er fyrir aldraða við dauðans dyr.

Hrunið gerði okkur skráveifu en samt eru til miklir fjármunir í þjóðfélaginu. Álitamál er hins vegar hvernig þeim skuli varið. Þar kemur til sögunnar siðferði okkar og reisn.

Á Landakoti var búið að byggja upp frábæra líknardeild. Þegar til stóð að loka deildinni urðu Hollvinasamtök líknardeilda til með yfir 600 félögum. Samtökin hafa ekki lagt upp laupana, enda þótt orrustan um líknardeildina á Landakoti hafi tapast. Samtökin boða nú til ráðstefnu í Reykjavík 24. september nk. Þar verður fjallað um mótun heildarstefnu í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Við erum ein þjóð og þurfum öll að hafa aðgang að góðri heilbrigðisþjónustu frá vöggu til grafar.

Nú er komið að þeim skilum í íslenskri sögu að þjóðin lætur ekki lengur skammta sér úr hnefa á sama hátt og hún gerði. Forðum daga flutti Lincoln forseti Bandaríkjanna ávarp í Gettysburg og mælti þar fleyg orð um „stjórn fólksins, af hálfu fólksins og fyrir fólkið“. Þessi orð þurfa að verða leiðarljós okkar Íslendinga í öllum málum – þín vegna, af þinni hálfu, fyrir þig.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Betri tíð

Efnahagsmál

Árni Páll Árnason
alþingismaður



Við höfum öll heyrt jákvæðar fréttir af stöðu efnahagsmála upp á síðkastið. Þessi mynd er mjög ólík þeirri sem blasti við fljótlega eftir hrun, þegar halli á ríkissjóði var á þriðja hundrað milljarða, hagkerfið dróst stöðugt saman, fjöldagjaldþrot fyrirtækja vofðu yfir og atvinnuleysi jókst frá mánuði til mánaðar.

Hagvaxtarspá fyrir næsta og þarnæsta ár hljóðar upp á 2-3% hjá hinum ýmsu greiningaraðilum og aukið gjaldeyrisinnflæði styrkir gengi krónunnar þessa mánuði. Afgangur hefur verið á viðskiptum við útlönd frá hruni. Sérstakt ánægjuefni er að atvinnuleysi er að lækka hraðar en spár gerðu ráð fyrir og nýjustu tölur Hagstofunnar benda til að dregið hafi umtalsvert úr langtímaatvinnuleysi. Vanskil fyrirtækja hafa minnkað hratt og gjaldþrotum fyrirtækja fækkar milli ára. Ríkissjóðshallinn, sem var í upphafi kjörtímabils yfir 200 milljarðar króna, stefnir nú í að verða minni en tveir tugir milljarða og að jöfnuður náist á árinu 2014.

Sumir tortryggja tölur um hagvöxt og telja hann að of miklu leyti byggðan á einkaneyslu og að fjárfesting sé of lítil. Staðreyndin er þó sú að öll lönd telja það mikilvægasta verkefni efnahagsstjórnar að almenningur finni til slíkrar öryggistilfinningar að fólk treysti sér til að eyða peningunum sínum. Við þekkjum sjálf hvernig einkaneysla féll algerlega saman í kjölfar hrunsins þegar afkomuóttinn varð öllu öðru yfirsterkari. Það er því beinlínis fagnaðarefni að einkaneysla sé hér nú svo mikil að hún hafi jákvæð hagvaxtaráhrif, ekki síst í ljósi þess að þótt yfirdráttarskuldir séu að hækka bendir enn fátt til að þessi aukna einkaneysla sé drifin áfram af aukinni skuldsetningu heimila. Þvert á móti er skuldsetning heimila í heild að minnka. Tölur um fjárfestingu eru vissulega lágar, en hafa verður í huga að fjárfesting var með mesta móti hér í aðdraganda hrunsins og því er umtalsverð fjárfesting líklega vannýtt í hagkerfinu. Sú offjárfesting er væntanlega að nýtast nú og dregur úr fjárfestingarþörf í hagkerfinu.

Það heyrast líka áhyggjur af því að minnkað atvinnuleysi endurspegli ekki aukin umsvif í hagkerfinu og fjölgun starfa, heldur stafi frekar af því að fækkað hafi á vinnumarkaði samfara því að fleiri hafi leitað í nám eða flutt af landi brott. Þetta eru réttmætar efasemdir, en minnkun atvinnuleysis samkvæmt nýjustu mælingum er samt mun meiri en svo að skýrst geti af brottflutningi eða brotthvarfi fólks af vinnumarkaði.

Við óttuðumst í upphafi niðursveiflunnar að langtímaatvinnuleysi myndi valda þeim sem fyrir því yrðu miklum erfiðleikum og skerða starfshæfni þeirra til langframa. Reynslan af kreppu Finna í upphafi níunda áratugarins gaf til kynna að 90% langtímaatvinnulausra ættu ekki afturkvæmt á vinnumarkað. Þeirra biði líf án starfsgetu á örorkubótum. Ungt fólk án menntunar væri í sérstakri hættu. Allar okkar aðgerðir hafa því miðað að því að fjárfesta í fólki og draga úr líkunum á því að við myndum lenda í sömu stöðu. Sérstakt ánægjuefni er því fækkun í hópi langtímaatvinnulausra samkvæmt nýjustu tölum, sem er ekki hægt að skýra með því að þeir hafi horfið af vinnumarkaði í nám eða glatað starfshæfni.

> Við óttuðumst í upphafi niðursveiflunnar að langtímaatvinnuleysi myndi valda þeim sem fyrir því yrðu miklum erfiðleikum og skerða starfshæfni þeirra til langframa.

Allar þær aðgerðir sem við höfum staðið fyrir til að auka menntunarstig atvinnulauss fólks eru að skila tvíþættum árangri: Þær draga úr framboði á vinnumarkaði á tímum þegar offramboð er af vinnuafli án starfsmenntunar og skila betra samfélagi, virðismeiri störfum og ánægðari einstaklingum þegar upp er staðið. Allar þjóðir með skýra sýn um samkeppnishæfni sína freista þess að nýta erfiðleikatíma á vinnumarkaði til að bæta starfsmenntun þeirra sem missa vinnuna og leggja þannig grunn fyrir betri framtíð. Við höfum fjárfest í fólki og munum uppskera árangur af því.

Með sama hætti má sjá árangurinn af áherslu stjórnvalda á lækkun skulda heimila og fyrirtækja í lækkandi skuldum heimilanna og því að kúfur í gjaldþrotahrinu fyrirtækja virðist að baki. Mikill fjöldi fyrirtækja fór í þrot, en það voru að stærstum hluta eignarhaldsfyrirtæki án eiginlegs rekstrar eða bólufyrirtæki með fallnar forsendur. Það var engin sérstök ástæða til að gráta að verslunarfyrirtæki með lúxusvörur, svo dæmi sé tekið, færu í þrot. Við því var einfaldlega ekkert að gera. Eftirspurnin var horfin. Hitt skipti meira máli að koma í veg fyrir að fyrirtæki með heilbrigðar rekstrarforsendur þyrftu að fara í þrot. Þess vegna réðumst við í stórátak til að lækka skuldir heimila og fyrirtækja, án þess að tugþúsundir einstaklinga og fyrirtækja þyrftu að fara hina hefðbundnu gjaldþrotaleið. Nú þegar eru þúsundir einstaklinga búnar að fá skuldir lækkaðar að greiðslugetu og enn bíður fjöldi úrlausnar hjá umboðsmanni skuldara. Þegar er búið að lækka skuldastöðu þúsunda rekstrarhæfra fyrirtækja og gera þeim þannig kleift að halda áfram rekstri. Ef þetta hefði ekki verið gert hefði afleiðingin orðið enn meira atvinnuleysi, enn dýpri kreppa, enn fleiri gjaldþrot og langvinnt samfélagstjón.

Þessi árangur hefur ekki komið af sjálfu sér. Efnahagsstefna sú sem núverandi ríkisstjórn hefur fylgt og mótuð var í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn strax eftir hrun, hefur verið forsenda þessa árangurs. Um þá stefnu og sérkenni hennar, fjalla ég betur í næstu grein.

## AF NETINU

### Harpa og attitjúdið

[...] „Ertu með attitjúd?“ stóð upp úr áhrifamanni innanþings þegar ég byrjaði að spyrja um Hörpumál á alþingi í febrúar 2011 […]. Þetta var á kaffistofunni, en lýsir ágætlega almennum varnarviðbrögðum fólksins í kringum Hörpu – bæði þeirra sem þangað höfðu plaserast fyrir hrun og þeirra sem nauðugir viljugir fengu þetta upp í hendurnar þegar búið var að grafa holuna og afskrifa fyrsta milljarðatuginn. Á kostnað erlendra kröfuhafa og íslenskra skattgreiðenda.

Já, kannski var ég með attitjúd – og miklu fleiri. En var það ekki bara sjálfsagt mál? Og höfðum við ekki bara rétt fyrir okkur, gagnvart talna- og staðreyndaspunanum sem fyrr og síðar vall upp úr forráðamönnum Harpa house?

Sem hljóta nú að vera að leita sér að atvinnu og bitlingum anderswo.

blog.pressan.is/mordur

**Mörður Árnason**

### Nú á að marka stefnuna eftir tveggja ára þóf!

[...] Það er öllum ljóst að ríkisstjórnin stefndi að því að heimila þessa sölu [á landi Grímsstaða á Fjöllum til Huang Nubos], þvert gegn vilja innanríkisráðherrans. Þess vegna var hin umdeilda undanþága veitt, að tillögu úr ráðuneyti formanns VG. En vegna innanbúðarvandans í VG, þar sem grasrótin reis upp enn eina ferðina gegn forystu flokksins, er þetta mál komið í uppnám. Og fyrir vikið er búinn til biðleikur með því að setja á laggirnar ráðherranefnd, sem á að móta afstöðuna til málsins.

ekg.blog.is

**Einar Kristinn Guðfinnsson**



# Um neteinelti

Samfélagsmál
Haukur Arnþórsson
stjórnsýslufræðingur



Dagana 28.–29. júní sl. var haldin alþjóðleg ráðstefna um einelti á netinu í Sorbonne háskólanum í París. Hún var haldin af samstarfsverkefninu COST Action IS801 Cyberbullying: coping with negative and enhancing positive uses of new technologies, in relationships in educational settings. Það starfar á vegum Evrópusambandsins. Vefslóð þess er https://sites.google.com/site/costis0801/ og á henni má nálgast frekari upplýsingar. Verkefninu er stýrt af Peter K. Smith, prófessor emeritus í sálfræði við Goldsmiths háskólann í London.

### COST verkefnið

Verkefnið fjallar um einelti við uppeldisaðstæður. Einelti á sér þó stað að einhverju leyti hjá öllum aldurshópum. En vissulega eru 11–16 ára börn og unglingar að læra samskipti og prófa hvað þau komast upp með og í þeirra hópi eru afleiðingarnar alvarlegastar. Það var flutningur stríðni frá skólalóðinni út á netið og á farsímana sem var upphaf þessara rannsókna. Netið er öflugur miðill og alvarleiki eineltis breytist mikið með notkun þess og það stendur þá líka yfir í frítíma, um helgar, jafnvel allan sólarhringinn og árásirnar geta tengst nafni þolandans alla ævi.

Erfitt er að gera sér grein fyrir umfangi málsins, en fjöldi sjálfsvíga ungra þolenda hefur vakið mikla athygli. Þótt þau megi rekja til eineltis eru þau jafnan skráð á aðrar orsakir. Fram hefur komið að þunglyndi er algeng afleiðing eineltis, en margir líkamlegir kvillar fylgja því líka, enda líðan á líkama og sál oft samtvinnuð.

### Skilgreiningar

Vinnuhópur 1 í COST verkefninu lagði á ráðstefnunni fram niðurstöður rannsókna sem m.a. koma fram í greininni Cyberbullying: Labels, behaviours and definition in three European countries sem birtist í Australian Journal of Guidance and Counselling, 20. árg. (2) á árinu 2010. Höfundar eru Nocentini, A. og fleiri.

Fram kom að algengustu formin voru að senda meiðandi texta eða skriflegt einelti, meiðandi myndbirting eða myndbirting sem brýtur gegn friðhelgi einkalífs, sem er sýnilegt einelti, að afla sér persónulegra upplýsinga um hinn einelta eða upplýsingar sem leynt eiga að fara eða að komast yfir netauðkenni hans, sem er innrás í persónulegt líf hans, og að fjarlægja hann úr nethópum, sem er útskúfun. Þetta eru ný eineltisform frá því sem viðgengist hefur á skólalóðinni, nema útskúfun.

Við greiningu á neteinelti er miðað við að það hafi verið gert viljandi og sé meiðandi, að það sé endurtekið hvað eftir annað innan ákveðins tímaramma (t.d. viku), að valdaójafnvægi sé til staðar þannig að hinn einelti viti ekki hvernig hann eigi að verja sig og að nafnleysi og opinberri birtingu hafi verið beitt.

Í rannsókn sem tók saman niðurstöður margra fræðigreina kom fram að meiðandi vilji væri nánast alltaf til staðar. Hins vegar voru endurteknar árásir sjaldgæfari eða í um 60% tilfella. Valdaójafnvægi var í tæplega 30% tilvika. Í sömu rannsókn kom fram að farsímar og snjallsímar væru mest notaðir til eineltis, en notkun hreyfimynda fer vaxandi. Birtingar á YouTube eru þannig mikið til umræðu í Bandaríkjunum, en þær þykja verulega meiðandi og eru stundum kynferðislegs eðlis.

### Aukin umræða

Vaxandi meðvitund og rannsóknir hafa aukið skilning á málefninu. Athyglin beinist sífellt meira að gerandanum, en í upphafi beindist hún að þolandanum, að veikleikum hans og hvort hann hefði einkenni sem kölluðu á hjálp. Þessi umskipti eru afar mikilvæg, en til þessa hafa þolendur hrökklast úr skólum vegna eineltis, en reikna má með því að í framtíðinni verði gerendur látnir fara.

Í Ástralíu eru í gildi lög sem banna einelti. Foreldrar koma með farsíma og tölvur til lögreglu sem sönnunargögn og kærur eru lagðar fram. En margir sálfræðingar eru andvígir því að unglingar komist á sakaskrá vegna neteineltis sem þeir telja að sé uppeldislegt verkefni foreldra og skóla. Þar í álfu er í gangi rannsókn sem á að skýra frekar mögulegt hlutverk lagasetningar í eineltismálum.

### Niðurlag

COST verkefnið hefur staðið yfir í tæp fjögur ár og er að nálgast endalok sín. Mikilli þekkingu hefur verið safnað saman á vegum þess og nú er verið að kynna hana og koma henni í búning fyrir almenning og fræðimenn. Evrópusambandið hefur sýnt þessum málum áhuga og stjórnvöld hér á landi takast á við þau á margan hátt. Mikilvægt er að hefja rannsóknir á neteinelti hér á landi.

# Að byggja upp nýja siðmenningu

Trúmál
Eðvarð T. Jónsson
eftirlaunaþegi og bahá'í



40 ár eru liðin frá því að andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi var fyrst kosið. Þjóðarráðið fer með yfirstjórn bahá'í samfélagsins hér á landi. Í því sitja níu meðlimir sem kosnir eru til eins árs í senn á landsþingi bahá'ía. Bahá'í (framborið: bahæ) trúin á sér langa sögu á Íslandi. Höfundar hennar, Bahá'u'lláh, var hér fyrst getið á prenti árið 1908, er Þórhallur Bjarnarson, síðar biskup, fór um hann svofelldum orðum í Nýja kirkjublaðinu: „Fyrir fjörutíu árum reis upp dýrlegur kennimaður og guðsvottur í Persalandi, og hét hann Baha Ullah. Eins og við mátti búast, dó hann píslarvættisdauða, andaðist í tyrkneskri prísund 1892. Margir fylgjendur hans hafa látið lífið fyrir trúarskoðanir sínar, en þær breiðast því betur út. Kenningar hans eru að mörgu leyti svipaðar kenningum kristindómsins eins og mannúðlegast og göfugast er með þær farið.“

Hólmfríður Árnadóttir, safnvörður í Listasafni Einars Jónssonar, varð fyrst Íslendinga til að taka bahá'í trú 1924 og hún þýddi fyrstu bahá'í bókina á íslensku. Svæðisráð bahá'ía í Reykjavík var fyrst kosið 1965. Árið 1975 fékk bahá'í trúin formlega viðurkenningu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins samkvæmt lögum um trúfélög utan þjóðkirkjunnar sem samþykkt voru það ár. Síðar fékkst opinber viðurkenning á bahá'í helgidögum. Upp úr 1970 var gert átak í kynningu bahá'í trúarinnar hér á landi og 1971 var haldin alþjóðleg bahá'í ráðstefna í Reykjavík, sem sótt var af rúmlega 800 manns frá 36 þjóðlöndum.

Starf bahá'ía að skógrækt í landi Skóga í Þorskafirði hefur vakið athygli. Það hófst með starfi Jochums Eggertssonar sem var einn af brautryðjendum skógræktar hér á landi og meðal fyrstu bahá'íanna. Starfi hans hefur verið haldið áfram á þessum sögufræga stað. Samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni er stefnt að því að a.m.k. 5% láglendis á Íslandi verði þakin skógi árið 2040. Skógræktarverkefnið að Skógum er hluti af þessari heildarmynd og bahá'íar telja mikilvægt að láta ekki sinn hlut eftir liggja með öflugu skógræktarátaki.

Bahá'í heimssamfélagið tekur virkan þátt í umræðu um málefni framtíðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúar íslenska samfélagsins sóttu ráðstefnur SÞ um umhverfi og þróun í Ríó, um félagslega þróun í Kaupmannahöfn og um málefni kvenna í Peking. Samfélagið hefur einnig tekið þátt í umræðu hér á landi í tengslum við ár SÞ og lagði á ári fjölskyldunnar fram yfirlýsingu um mikilvægi fjölskyldunnar í þjóðfélaginu. Gefnar hafa verið út á íslensku bahá'í yfirlýsingar um friðarmál, jafnrétti kynjanna, hagsæld mannkyns og framtíðarþróun SÞ.

Bahá'íar í Íran hafa um langt skeið verið ofsóttir af þarlendum yfirvöldum vegna trúar sinnar. Um 300 þeirra hafa verið líflátnir á undanförnum áratugum og fjöldi verið hrakinn frá heimilum sínum, vísað úr skólum og meinað um atvinnu. Þungir dómar voru nýlega kveðnir upp yfir sjö helstu leiðtogum samfélagsins. Íslensk stjórnvöld hafa ávallt stutt ályktanir á vettvangi SÞ um mannréttindabrot í Íran þar sem bahá'ía er sérstaklega getið. Slíkur alþjóðlegur þrýstingur er ómetanlegur. Bahá'í samfélagið er rótgróið íslensku samfélagi, tekur þátt í þvertrúarstarfi og hefur átt gott samstarf við fjölmörg samtök og einstaklinga sem vinna að því að bæta íslenskt samfélag.

> Samkvæmt lögum um landshlutabundin skógræktarverkefni er stefnt að því að a.m.k. 5% láglendis á Íslandi verði þakin skógi árið 2040.

Á undanförnum árum hafa bahaí'ar um allan heim einbeitt sér að framgangi þjálfunarferlis, sem felur í sér gerð námsgagna, fræðslu og þjálfun fólks á öllum aldri. Þjálfunarferlið byggir á námsefni sem samið er með heildarmynd samfélags í huga og myndar þannig samfellu milli aldurshópa, barna, unglinga og fullorðinna. Tilgangurinn er að hafa áhrif til góðs í heiminum, stuðla að friði og farsæld mannlegs samfélags og vinna að menningu þar sem áherslan er fremur á andleg gildi en þau efnislegu.

Þetta felur m.a. í sér að hefja aftur til vegs og virðingar gildi eins og traust, heiðarleika, sannleiksást og aðrar manndyggðir sem virðast hafa fallið milli skips og bryggju á tímum efnishyggju og vantrúar. Unnið er með hugtök sem stuðla að friði, sáttum og raunverulegum framförum eins og jafnrétti, einingu og samráði. Bahá'í samfélög um allan heim vinna að sama markmiði óháð búsetu og aðstæðum. Hér eins og annars staðar er þessi starfsemi opin öllum, hvaða trú eða lífsskoðanir sem þeir kunna að aðhyllast. Öllum er boðið að taka þátt í þessu starfi hvort heldur sem um er að ræða bænastundir sem manna andann eða sjálft námsferlið sem miðar að því að byggja upp nýja siðmenningu.




## AF NETINU

### Viðhöfn

Hjörleifur Stefánsson arkitekt skrifar merkilega grein í Fréttablaðið í morgun sem rétt er að vekja athygli á. Maður hristir eiginlega bara hausinn yfir því sem þar kemur fram.

[...] Hjörleifur fullyrðir beinlínis að menn hafi vísvitandi búið til blekkingaráætlun um rekstur Hörpu.

Eðlilegt er og sjálfsagt að málið verði rannsakað af alvöru. Harpa er staðreynd og vonandi gengur rekstur hússins mun betur á næstunni en verið hefur, en eigi skattgreiðendur að borga brúsann í enn ríkari mæli en útlit var fyrir, þá eiga þeir allan rétt á að fá að vita nákvæmlega hvernig til þessa húss var stofnað.

Hins vegar varð grein Hjörleifs líka til að ég fór að rifja upp tillöguna sem hann stóð að ásamt fleirum. Tillögu Viðhafnar.

Það tónlistarhús hefði orðið mun sérkennilegra en það sem á endanum reis, hvort sem mönnum finnst það fallegra eða ekki.

blog.pressan.is/illugi

**Illugi Jökulsson**

# Blomberg

# TILBOÐSDAGAR

## 15-30% AFSLÁTTUR

### AF ÖLLUM BLOMBERG HEIMILISTÆKJUM

*Ofnar, helluborð, uppþvottavélar, kæliskápar og fleiri heimilistæki frá Blomberg á frábærum tilboðsverðum.*

**Nokkur verðdæmi**



Blomberg BEO9444X
**BÖKUNAROFN**
Áður 109.990
**Nú 89.990**



Blomberg MIN54306N
**SPANHELLUBORÐ**
Áður 99.990
**Nú 79.990**



Blomberg WNF7462A20
**ÞVOTTAVÉL 7kg / 1600sn**
Áður 119.990
**Nú 99.990**



Blomberg GUN3200X
**UPPÞVOTTAVÉL / STÁL**
Áður 89.990
**Nú 69.990**



Blomberg SND9681
**180sm KÆLISKÁPUR**
Áður 139.990
**Nú 109.990**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

Lokað um verslunarmannahelgina.

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**87 EIRÍKUR SMITH** listmálari er 87 ára í dag.

*„Þetta er árátta; ef maður fæðist með listina í sér stöðvar það ekkert nema veikindi eða eitthvað þaðan af verra.“*

## Afmæli



**Höskuldur Jónsson, fyrrverandi forstjóri ÁTVR, ER 75 ÁRA.**



**Haraldur Briem sóttvarnalæknir ER 67 ÁRA.**



**Einar Laxness sagnfræðingur ER 81 ÁRS.**

SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR: FAGNAR FIMMTUGSAFMÆLI Á MORGUN

# Bjartsýn fyrir seinni hálfleik



**Á GRÆNLANDI** Siv Friðleifsdóttir segir fimmtugsafmælið gleðileg tímamót en hún heldur upp á daginn á Grænlandi þar sem hún er í vinnuferð.

„Það hittist þannig á að ég er á Grænlandi og verð þar á þessum tímamótum,“ segir Siv Friðleifsdóttir alþingismaður sem á fimmtíu ára afmæli á morgun. Það var ekki með ráðum gert að vera að heiman á afmælisdaginn; Siv er í vinnuferð á fundi með stjórn Norræna menningarsjóðsins sem ræðir nú framtíðaráherslur sínar. Hún sýtir það hins vegar ekki að vera á Grænlandi á afmælinu. „Þetta er frábært, Grænland er mjög skemmtilegt land; ég er búin að kaupa falleg grænlensk kerti sem ég kveiki kannski á í tilefni dagsins á morgun og á sjálfsagt eftir að hafa það huggulegt með starfsfélögum mínum í stjórn menningarsjóðsins.“

Siv hefur gaman af því að halda upp á afmælisdaginn sinn og hefur jafnan efnt til veislu á stórafmælum. „Öll hafa þau verið vel heppnuð og eftirminnileg.“ En þar sem hún er ekki heima á sjálfan afmælisdaginn í ár hefur hún ekki enn ákveðið hvort hún ætli að blása til fagnaðar. „Ég er með ákveðna dagskrá í huga en hún veltur á veðrinu og ég á eftir að sjá hvernig veðurspáin verður áður en ég segi af eða á með það.“

apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Málið - veitingaþjónusta Háskólans í Reykjavík**

**óskar eftir að ráða einstaklinga í fullt starf í dagvinnu.
Um er að ræða fjölbreytt og lifandi þjónustustarf sem krefst jákvæðs og duglegs einstaklings sem hefur áhuga á að vinna í skemmtilegu umhverfi við fjölbreytt verkefni.**

**Umsókn og ferilskrá sendist á gudridur@nautholl.is fyrir 15.ágúst nk.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.**

NAUTHÓLL Bistro

**Óskar eftir að ráða í eftirfarandi stöður:
- þjóna í fullt starf
- Þjóna í hlutastarf
- Framreiðslunema
- Matreiðslumenn
- Matreiðslunema
Nauthóll er skemmtilegur og framsækinn vinnustaður með framúrskarandi starfsfólki og góðum starfsanda.
Eyþór Rúnarsson stýrir eldhúsinu af sinni alkunnu snilld enda er höfuðáhersla lögð á úrvalsgæði í mat og þjónustu.
Umsókn og ferilskrá sendist á gudridur@nautholl.is fyrir 15.ágúst nk.
Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.**

Castello PIZZERIA

Óskar eftir þjónustuliprum starfsmönnum í fullt starf og hlutastarf. Aðeins 18 ára og eldri. Sækja um á castello@simnet.is

**KVÖLD OG HELGARVINNA**

**Kringlukráin óskar eftir að ráða starfsfólk með reynslu í þjónustu og dyravörslu.
Íslenskukunnátta skilyrði, Icelandic skills required.
Áhugasamir sendi umsókn á info@kringlukrain.is eða í s: 893-2323**

Bakarameistarinn

**Kaffihús, Bakarí**

**Bakarameistarinn óskar eftir traustu starfsfólki í afgreiðslustörf.
Störf í boði eru:
vinnutími 10-17 Glæsibæ, 13-19 Austurveri auk helgarvinnu, 10-19 Suðurveri.
Íslenskukunnátta skilyrði.
Framtíðarstarf.**

**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.bakarameistarinn.is**

**Málarar óskast**
Óska eftir vönum málurum til starfa, næg vinna framundan. Áhugasamir sendið upplýsingar á netfangið kjmalarar@kjmalarar.is

**Garðabær Bakarí**
Óskum eftir starfsfólki í afgreiðslu, hálfan daginn. Uppl. í s. 891 8258 Þóra.

Óska eftir vönum hellulagningarmanni. Uppl. s. 898 4202.

## Atvinna óskast

45 ára KK búsettur í RVK með mikla reynslu í fiskeldi, fiskiðnaði og útflutningi sjávarafurða. Óska eftir vel launaðri vinnu. ulfarism@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Hugguleg kona vill kynnast velstæðum herramanni, 55-60+. 100% trúnaður. Senda póst á fréttablaðið merkt Heit.

Ung íslensk kona býður upp á gott heilnudd. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8779.

Ungur karlmaður vill kynnast eldri karlmanni. Góð skemmtun. Rauða Torgið, s. 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8176.

**Blaðberinn bíður þín**

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.




...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

**Aðgengi að Þríhnúkagíg, Kópavogsbæ**

**Aðkomuvegur, aðstaða til skoðunar og þjónustubygging**

Mat á umhverfisáhrifum - athugun Skipulagsstofnunar
Þríhnúkar ehf. hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um framkvæmdir vegna aðgengis að Þríhnúkagíg í Kópavogsbæ.
Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá **9. ágúst til 21. september 2012** á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofum Kópavogs, í Þjóðarbókhlöðunni og hjá Skipulagsstofnun.
Frummatsskýrslan er aðgengileg á heimasíðu VSÓ Ráðgjöf ehf. www.vso.is
Allir hafa rétt til að kynna sér framkvæmdina og leggja fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar **en 21. september 2012** til Skipulagsstofnunar, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þar fást ennfremur nánari upplýsingar um mat á umhverfisáhrifum.
Birt samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 m.s.b.

**Skipulagsstofnun**

## Fasteignir

**KIRKJUSANDUR 1**
**ÍBÚÐ 0304**
**OPIÐ HÚS Í DAG 9. ÁGÚST MILLI KL. 18.00-18.30**

Um er að ræða afar fallega 103,7 fm 3ja herbergja íbúð auk stæðis í lokaðri bílgeymslu.
**Verð 33,8 millj.**

**Kristberg Sölufulltrúi Landmarks s. 892-1931 verður á staðnum.**





Hafðu samband
KRISTBERG SNJÓLFSSON Sölufulltrúi
Sími: 892 1931 – kristberg@landmark.is



MAGNÚS EINARSSON
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

## Atvinna

**Buddha Café**

**Veitingastaðurinn Buddha Café á Laugavegi 3 óskar eftir starfsfólki í sal, 18. ára eða eldra.** Um er að ræða tvær til þrjár stöður bæði í fullt og hlutastarf. Umsóknareyðublöð eru á staðnum og allar nánari upplýsingar eru veittar af Torfa í síma 663-6652. Tölvupóstur: torfiarason@gmail.com

HÖFNIN RESTAURANT

**Þjónn – matreiðslumaður Höfnin**

Okkur á Höfninni vantar þjón sem vaktstjóra og matreiðslumann eða mann vanan matargerð.
Þurfa að geta byrjað fljótlega.

Uppl. í s. 894 1057, Brynjar eða á brynjar@hofnin.is




**AÐSTOÐAR VEITINGASTJÓRI**

Aðstoðarveitingastjóri er staðgengill veitingastjóra. Starfsmaður er fremstur meðal jafningja, tekur þátt í öllum daglegum störfum, ber ábyrgð á vaktinni sinni og sér til þess að allt gangi vel fyrir sig á staðnum.

*EIGINLEIKAR STARFSMANNS ERU:*

- *Minnst 28 ára*
- *Nákvæmni og öguð vinnubrögð*
- *Með "mömmu" eiginleika*
- *Reynsla af heimilisrekstri*
- *Metnaður og áhugi*
- *Sjálfstæði, mikil ábyrgðartilfinning og hæfni í mannlegum samskiptum*
- *Mannblendni og umburðarlyndi*

*VINNUTÍMI ER:*
***Vika 1:*** *17-23:30* mánudagur, þriðjudagur og föstudagur *11-23:30* laugardagur og sunnudagur
***Vika 2:*** *17-23:30* miðvikudagur og fimmtudagur

Fáðu nánari upplýsingar hjá Herwig:
***atvinna@foodco.is***
Umsóknir: http://umsokn.foodco.is

**TRAUST FYRIRTÆKI**
**JÁKVÆÐUR STARFSANDI**
**SAMKEPPNISHÆF LAUN**


BYLGJAN 989



Sprengisandur
kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson
stýrir Sprengisandi
á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** lýð, **6.** kúgun, **8.** stúlka, **9.** nögl, **11.** voði, **12.** glæsibíll, **14.** matarsamtíningur, **16.** pot, **17.** atvikast, **18.** af, **20.** tveir, **21.** hnappur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** tónlistarstíll, **3.** hljóm, **4.** fugl, **5.** knæpa, **7.** gera óvandlega, **10.** skelfing, **13.** eldsneyti, **15.** jarðefni, **16.** tíðum, **19.** fisk.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fólk, **6.** ok, **8.** mær, **9.** kló, **11.** vá, **12.** kaggi, **14.** snarl, **16.** ot, **17.** ske, **18.** frá, **20.** ii, **21.** tala.

**LÓÐRÉTT: 1.** rokk, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** krá, **7.** klastra, **10.** ógn, **13.** gas, **15.** leir, **16.** oft, **19.** ál.






# Ráð við gjaldeyrisgræðgi

**BAKÞANKAR** Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



Það er sama hvort ég labba um Laugaveginn eða vappa um Skagafjörðinn, ég er farinn að reka upp fagnaðaróp þegar ég heyri einhvern orða hugsun sína á okkar ylhýra. Ekki svo að mér þyki erlendir ferðamenn leiðinlegir en það er bara svo ágætt að rekast á Íslendinga, sérstaklega þegar maður er búinn að hafa fyrir því að koma sér til Íslands.

**REYNDAR** hef ég afskaplega gaman af því að spjalla við ferðamennina og kanna hug þeirra. Allir eiga það sameiginlegt að vera afar hrifnir af náttúru landsins og hneykslaðir á háu verðlagi.

**Á SAMA** tíma heyrist hljóð úr horni því blessaðir ferðamennirnir skilja ekki nógar fjárhæðir eftir sig. Hef ég heyrt ýmsum hugmyndum kastað til að ráða bót á því, eins og til dæmis þær að setja sérstakt gjald á þetta þjakaða lið, lokka hingað efnaða ferðamenn og búa til afþreyingu og þjónustu sem hægt er að verðleggja eftir himinskautum. Með reglulegu millibili heyrum við líka að ágangur þessa fólks rýrir náttúruperlur okkar eins og Gullfoss og Geysi en umhverfi þessara staða verður gengið niður í svörð ef ekki er brugðist við.

**ÉG ÞEKKI** nú mitt heimafólk ágætlega, þó erfitt sé að hitta á það í mannþrönginni, og veit því að það er líklegt til að fara út í svona aðgerðir. Skiptir þá engu að það er í eðli hvers óbrenglaðs manns að halda að sér höndum þegar honum þykir okrað á sér. Það er ekki af nísku gert heldur er einhvers konar blygðunarkennd farin að taka í taumana.

**EN ÞÁ** ætla ég líka að fá að setja fram eina geggjaða hugmynd sem gæti fallið vel að svona okurstarfsemi. Ef það á að fara að leggja meira á þetta góða fólk þá væri ekki úr vegi að koma upp áfallahjálp sem allra næst flugvellinum í Keflavík svo hún finni fólk fljótlega eftir að það áttar sig á verðlaginu. Svo að hún falli nú vel að þessum áherslum mætti hafa þetta rándýra lúxusáfallahjálp.

**ÞAÐ** er hætt við því að fólk snúi til síns heima eftir slíkar móttökur og þá er búið að takmarka ágang á náttúruperlur vorar verulega. Þar sem við myndum þá ekki fá frekara tækifæri til að okra á liðinu setjum við sérstakt gjald á alla sem fara í þessa áfallahjálp til að bæta okkur þetta tekjutjón.

**ÞESSA** hugmynd er ég tilbúinn að selja yfirvöldum á okurverði, að sjálfsögðu.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





27 %

exquisit

**GS-73 Frystiskápur**
73 lítra frystiskápur ° með þremur skúffum og hitastilli.
HxB 85x50 cm

**Fullt verð kr. 54.900**

**39.900**
**SPARAÐU 15.000**



exquisit

**KB-45 Kæliskápur**
Lítill og nettur skápur með 6 lítra íshólfi
**Fullt verð kr. 34.900**

43 %

**19.900**
**SPARAÐU 15.000**



30 %

exquisit

**KS-90 Kæliskápur**
Til með eða án lítils frystis
**Fullt verð kr. 49.900**

**34.900**
**SPARAÐU 15.000**



exquisit

**KGC-240/70 Kæli- og frystiskápur**
143 cm hár kæli- og frystiskápur með þremur skúffum í frysti og góðum kæli með 3 hillum.

143 CM

**Fullt verð kr. 74.900**

**64.900**
**SPARAÐU 10.000**



exquisit

**KGC-300/70 Kæli- og frystiskápur**
177 cm hár kæli- og frystiskápur með þremur skúffum í frysti og stórum kæli með 4 hillum.

177 CM

**Fullt verð kr. 84.900**

**74.900**
**SPARAÐU 10.000**



exquisit

**GT-261 Frystikista**
205 lítra í A+ orkufl.
**Fullt verð kr. 79.900**

205 lítra
**69.900**
**SPARAÐU 10.000**

**GT-151 Frystikista**
145 lítra í A+ orkufl.
**Fullt verð kr. 69.900**

145 lítra
**54.900**
**SPARAÐU 15.000**

22 %



exquisit

**MK-218TE Lítil eldavél**
Tveggja hellu eldavél með góðum ofni. Ofninn er bæði með undir- og yfirhita ásamt grilli. Smellpassar í sumarbústaðinn eða stúdíóíbúðina.

**Fullt verð kr. 39.900**

**29.900**
**SPARAÐU 10.000**

# RAFTÆKI Á UNDRALÁGU VERÐI
# HLAUPTU KAUPTU

## Allt að 43% afsláttur



**59.900**
**SPARAÐU 10.000**

exquisit

**EH-5401GG Eldavél**
Frábær lítil eldavél með undir- og yfirhita ásamt grilli. Breidd 50 cm.
**Fullt verð kr. 69.900**



**69.900**
**SPARAÐU 10.000**

exquisit

**GSP-8109 Uppþvottavél 45 cm**
í A+ orkuflokki með góðri innréttingu og 6 þvottakerfum. HxB 85x45 cm
**Fullt verð kr. 79.900**



Barkalaus

**79.900**
**SPARAÐU 10.000**

exquisit

**TE-710E Barkalaus þurrkari**
Með fullkomnum rakaskynjara. Orkuflokkur B og tekur allt að 7 kg.
**Fullt verð kr. 89.900**



**59.900**
**SPARAÐU 5.000**

exquisit

**TAE-67 þurrkari**
Með fullkomnum rakaskynjara. Tekur allt að 6 kg. Stór hurð og skjár.
**Fullt verð kr. 64.900**

50%



Gildir fimmtudag-sunnudag

TRISTAR

**Pönnur með viðloðunarfrírri húð**
Margar gerðir og stærðir. Pönnukökupönnur, grillpönnur, WOK pönnur, stórar og litlar pönnur með eða án loks.



30 %

8 KG
A/A/A
Air Bubble

**99.900**
**SPARAÐU 40.000**

DAEWOO

**DWD-FD1442 Þvottavél**
Ný byltingarkennd þvottavél með **Direct Drive** kola- og reimarlausum mótor, sem tryggir lengri endingu og hljóðlátari vinnslu.
Þvoðu allt að **8 kg** -allt að 50% meira pláss en í hefðbundinni þvottavél.
**Hraðval** og 20 mínútna hraðkerfi
Tímaskjár og framstillt ræsing möguleg
1400 sn. vinduhraði með A einkunn
**AirBubble þvottatækni** - 100% þvottaárangur og minna slit á þvotti.
Ofnæmisskolun og kerfi með krumpuvörn
**Fullt verð kr 139.900**



Glerkanna

30 %

TRISTAR

**BL-4430 Blandari**
Stálblandari með glerkönnu.
Malar klaka léttilega með 500W mótor. 2 hraðastillingar.
**Fullt verð Kr. 9.990**

**6.990**
**SPARAÐU 3.000**

# byggtogbúið

568 9400 byggtogbuid.is Kringlunni
facebook.com / byggt.og.buid


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT
579
KR. PK
KJARNAFÆÐI
KOFAREYKT SVEITABJÚGU
1.26 KG. PAKKNING
FROSIÐ KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI
798
KR. KG
LAMBABÓGUR / FRAMPARTUR
Barilla
SPAGHETTI n.5
1Kg
249
KR. 1 KG
BARILLA SPAGHETTI 1 KG.
FROSIÐ KS LAMBAKJÖT Á GÓÐU VERÐI
1298
KR. KG
HEILT LAMBALÆRI
Hunt's
198
KR. DS
Hunt's
HUNTS SPAGHETTISÓSUR 680 G
KIT KAT 3 STK
KitKat
3 STK
198
KR. 3 STK.
5+1
GRATIS!
PRINCE POLO
5+1 STYKKI 398 KR
NICKY
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
NICKY
TÓLF NICKY SALERNISRÚLLUR
898 KR
ÞRJÁR NICKY ELDHÚSRÚLLUR
359 KR.
NICKY
BÓNUS CAMEMBERT
BÓNUS Kastali
298
KR. STK
BÓNUS OSTAR 130 GR
CAMEMBERT • KASTALI
998
KR. 800 GR
100% KJÖT
SLÁTURFÉLAGIÐ FROSIÐ
NAUTGRIPAHAKK 800 GR
ÍSLANDS NAUT
100% KJÖT
398
KR. 2 STK.
FERSKIR 2 X 140 GR.
UNGNAUTA-HAMBORGARAR
ÍSLANDS LAMB
Lambalæri
TILBÚIÐ BEINT Í OFNINN TIL STEIKINGAR
1998
KR. KG
ÍSLANDSLAMB KRYDDAÐ ÚRBEINAÐ
LAMBALÆRI Í ÁLBAKKA
NAUTA Veisla
FERSK NAUTA-PIPARSTEIK
1998
KR. KG
NAUTAVEISLU FERSK
NAUTAPIPARSTEIK
NAUTA Veisla
FERSKT NAUTGRIPAHAKK
100% KJÖT
1295
KR. KG
NAUTAVEISLU FERSKT
NAUTGRIPAHAKK 100% KJÖT
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

OS GOUDA 26% OSTUR
**998 KR.KG**

798 KR. KG
*NÝ UPPSKERA* AMERÍSK RAUÐ VÍNBER STEINALAUS

139 KR. KG
RAUÐ VATNSMELÓNA FRÁ SPÁNI

379 KR. KG
NÝTT ÍSLENSKT KÍNAKÁL

259 KR. KG
*NÝJAR* ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU

1498 KR.900 GR
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
*EUROSHOPPER 900 GR*

298 KR. 450 G
BÓNUS VÖFFLUMIX
*450 GR*

495 KR. 750 G
AVOCADO 750 GR

129 KR. STK
AMERÍSKUR FERSKUR MAÍS

298 KR. 500 GR
*NÝJAR* ÍSLENSKAR GULRÆTUR 500 GR POKI

398 KR. 500 G
BÓNUS KAFFI
*500 GR*

195 KR. 1 KG
BÓNUS KORNBRAUÐ I KG

BÓNUS ÍS 2 LTR. *SÚKKULAÐI • VANILLU • JARÐARBERJA*
359 KR. 2 LTR.

898 KR. KG
FROSINN SALTFISKUR
*BEINHREINSAÐUR M.ROÐI*

2798 KR. KG
FROSIN LÚÐA FRÁ NOREGI

2798 KR. KG
ÞÝSKT FROSIÐ NAUTARIBEYE

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**menning**
menning@frettabladid.is



**HAUKUR GUÐLAUGSSON** leikur á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju í dag klukkan 12. Á efnisskránni eru meðal annars g-moll fantasía J.S. Bach og Gotneska svítan eftir Boëllmann ásamt sálmforleik eftir Reger og verkum eftir Guillmant og Lefébure-Wély.

# SJÓNLISTALÍF Á AKUREYRI

Sjónlist ★★★☆☆

**Textílbomban, Dýfurnar, Hér+ Þar + Allstaðar = Allt +.**
Ýmsir listamenn

**Listagilið, Deiglan og Sundlaug Akureyrar**

Listagilið á Akureyri iðar af myndlistar- og sjónlistalífi þessa dagana, upp úr og niður úr. Í gilinu sjálfu er sýning sem ber heitið Textílbomban þar sem 35 norðlenskir textíllistamenn, listnemar á listnámsbraut VMA, Álfkonur (áhugaljósmyndarar) og sérsveit ungs fólks, eins og það er orðað í sýningarskrá, sýna verk sín. Verkin hanga flest á snúrum sem strengdar eru yfir gilið en verkunum er einnig komið fyrir á gangstéttum og veggjum í gilinu og fleiri stöðum.

Í heildina er tilkomumest að horfa á textílbombuna ofan frá, þ.e. standandi ofarlega í listagilinu, en neðan frá lítur bomban fremur tuskulega út, nánast eins og þvottur hafi gleymst úti á snúru. Þarna er spurning hvort ekki hefði farið betur að stýra upphenginu betur í stað þess að demba öllu í einn graut. Það er þó vel þess virði, fyrir forvitnissakir, að rölta upp að stærsta fána Íslands ofarlega í gilinu sem þar hangir í 12 metra langri flaggstöng, en fáninn er unninn af fjórum textíllistakonum sem kenna sig við Tíuna, vinnustofu í Listagili.

Í sundlaug Akureyrar, sem má segja að sé efst í gilinu, stendur yfir hin líflega sýning Dýfurnar þar sem myndlistarmenn, listnemar og börn sýna verk sín. Sú sýning er, eins og Textílbomban, í umsjón Sjónlistamiðstöðvar Akureyrar sem starfrækt er í Listagilinu, en undir miðstöðina heyrir Listasafn Akureyrar, Deiglan og Ketilhúsið.

Dýfurnar er sýning af því taginu þar sem myndlistin er „færð út til fólksins“ til að hrista upp í umhverfinu, eins og góð myndlist á að gera. Fjöldi verka er á sýningunni, frammi í afgreiðslu, inni í klefum og hvarvetna eiginlega sem hægt er að koma henni fyrir með góðu móti.

Íslenski þjóðsöngurinn unninn í tré hangir í allri sinni dýrð við annan enda laugarinnar. Verkið er eftir nemendur Hlíðarskóla á Akureyri. Upphafinn söngurinn passar einhvern veginn illa inn í sundlaugarumhverfið, en er kannski góður þarna einmitt þess vegna. Enginn sko sérstakur, sem er listamannsnafn forstöðumanns Sjónlistamiðstöðvarinnar, Hannesar Sigurðssonar, á einnig bráðskemmtilegt verk á sýningunni ásamt Svanfríði Ingvadóttur, verslunarstjóra Pier á Akureyri, sem ég get mér til að hafi skaffað eitthvað af húsgögnunum og myndunum sem verkið samanstendur af. Verkið heitir Ég skrapp til Balí. Á skilti segir að verkið sé aðeins fyrir alla 18 ára og eldri og fjórir komist þar fyrir í einu. Ég var svo heppinn að tveir kaffibrúnir sundlaugargestir sátu í sólbaði í verkinu, en án þátttöku er verkið ekki fullgert, enda er verkið þátttökugjörningur, eins og tekið er fram á skiltinu. Þarna er sem sagt hægt að skreppa til Balí rétt sem snöggvast en verkið er í anda „total installation“ Kabakov hjóna, Þorvaldar Þorsteinssonar o.fl. listamanna.

Um alla Akureyri, þar á meðal í gilinu sjálfu, stendur svo yfir sýningin Hér + Þar + Allstaðar = Allt +. Í listagilinu beggja vegna götunnar eru svo ein sex sýningarrými fyrir myndlist þar sem nær alls staðar standa yfir sýningar þessa dagana, Listasafn Akureyrar, Populus Tremula, salur Myndlistarfélagsins eða Gallerí Box, Ketilhúsið, Mjólkurbúðin og Deiglan.

Í Deiglunni sýnir listakonan Hildur María Hansdóttir heklaðar marglitar gólfmottur, sem einnig fara vel á vegg, enda hanga þær allar uppi á vegg á sýningunni. Þetta er endurvinnslulist þar sem efniviðurinn í motturnar er notuð föt af fatamörkuðum bæjarins sem rifin hafa verið niður í strimla.

Sýning Hildar Maríu ber heitið Í björtu og verkin bera ljóðræna titla flest hver. Í Andalúsíu leika sólríkir litatónar aðalhlutverkið, í Hafspegli eru litbrigði hafsins rannsökuð og svo framvegis. Verkin á sýningunni eru misjafnlega stór, og lítið eitt óregluleg í lögun, sem gefur þeim karakter, þó svo þau séu öll nema eitt ferhyrnd. Bestu verkin á sýningunni eru hin litfagra motta Lágheiði 2 og Malbik, en í þeim nær listamaðurinn trúverðugum tökum á viðfangsefninu. **Þóroddur Bjarnason**

**Niðurstaða:** Þrjár misgóðar sýningar sem geisla af framkvæmdagleði.



**DÝFINGAR** Þátttökugjörningurinn Ég skrapp til Balí vakti ánægju myndlistargagnrýnanda. MYND/ÞÓRODDUR BJARNASON



**NÓG Í BOÐI** Eilífðartöffarinn Raggi Bjarna er á meðal þeirra sem koma fram á Selfossi um helgina. Boðið verður upp á sviðakjamma og fleira tengt fortíð Íslands á Eyrarbakka. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Hænsnabrúðkaup og rokktónleikar

Bæjarhátíðin Sumar á Selfossi hefst með pompi og prakt í dag og stendur yfir helgina. Rokkið verður í hávegum haft í kvöld þegar Kiryama Family, Wicked Strangers, hljómsveitin Elín Helena, Foreign Monkeys, Caterpillarmen og Vintage Caravan koma fram í Miðbæjargarðinum. Mannakorn og Stuðlabandið halda fjörinu gangandi annað kvöld og á laugardaginn leika Raggi Bjarna, Þorgeir Ástvalds og Þorvaldur Halldórs fyrir dansi í hátíðartjaldinu. Þá verður einnig boðið upp á sléttusöng, flugeldasýningu og margt fleira.



Selfoss verður þó ekki eini staðurinn á Suðurlandi sem býður upp á fjör um helgina, því hin árlega Aldamótahátíð á Eyrarbakka stendur einnig yfir og hefst á morgun. Meðal þess sem þar verður í boði er hænsnabrúðkaup, þjóðdansar, hestvagnar, fornbílar, nikkuspil og sviðakjammar auk þess sem kjötsúpa verður á boðstólum fyrir gesti og gangandi. **- trs**







## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 09. ágúst 2012**

### Tónleikar

**16.30** Hljómsveitin Byzantine Silhouette leikur fyrir gesti á næstu tónleikum í Pikknikk tónleikaröð Norræna hússins. Frítt er á tónleikana sem haldnir eru í gróðurhúsi Norræna hússins.

### Sýningar

**16.00** Listasalur Mosfellsbæjar býður til einstakrar listsýningar þar sem fjórir fyrrum bæjarlistamenn sýna verk sín. Sýningin nefnist Fjórir Moskóvítar.

### Hátíðir



**16.00** Haldin verður afmælishátíð í Bókasafni Mosfellsbæjar í tilefni 25 ára afmælis Mosfellsbæjar. Meðal uppákomna er hljómsveitin Mojito og systurnar Dísella, Ingibjörg og Þórunn Lárusdætur. Léttar veitingar í boði.

### Uppákomur

**20.00** Boðið verður upp á ljósmyndagöngu um Laugardalinn þar sem rifjaðar verða upp minningar og sögur frá fyrri tímum. Þorgrímur Gestsson annast gönguna. Mæting við aðalinngang Grasagarðsins. Þátttaka ókeypis.

### Tónlist

**12.00** Haukur Guðlaugsson leikur á orgel á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en ókeypis fyrir félaga í Listvinafélagi Hallgrímskirkju.

**16.30** Hljómsveitin Skuggamyndir leika á Pikknikk tónleikaröð Norræna Hússins. Aðgangur er ókeypis.

**20.00** Tríó rússneska harmonikkuleikarans Vadim Fyodorov leikur í Oddakirkju á Rangárvöllum. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Una Dóra, Fanney Kristjánsdóttir og Jenný Lára flytja djassíska dagskrá í tali og tónum á Café Rosenberg.

**21.30** Hinir mánaðarlegu tónleikar Skuggamynda verða haldnir á Café Haítí. Leikin verður þjóðlagatónlist frá Balkanskaganum. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



**22.00** Þór Breiðfjörð leikari og söngvari verður gestur Bítladrengjanna blíðu á tónleikum þeirra á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Fyrirlestrar



**12.15** Tinna Grétarsdóttir mannfræðingur flytur hádegiserindi í tengslum við sýninguna Kerfi. Fyrirlesturinn fer fram í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Kjarnorkuárásanna á Japan minnst

Fræðslu- og ljósmyndasýning um kjarnorkusprengjurnar sem varpað var á Hírósíma og Nagasaki og afleiðingar þeirra verður opnuð í Borgarbókasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu í kvöld.

Á sýningunni má skoða muni frá atburðunum, auk ljósmynda og fræðsluefnis sem sýnir geigvænleg áhrif kjarnorkusprenginganna á íbúa og mannvirki í Hírósíma og Nagasaki. Alls létust strax, eða á fyrstu mánuðunum eftir að sprengjurnar féllu, um 214 þúsund manns og álíka margir hafa fram til ársins 2011 látist af eftirköstum kjarnorkuárásanna. Enn þjást um 227.500 manns sem bjuggu í Hírósíma og Nagasaki árið 1945 af sjúkdómum sem raktir eru til sprenginganna.

Sýningin kemur hingað frá Nagasakiminningarsafninu, Nagasaki National Peace Memorial Hall for the Atomic Bomb Victims, sem starfar á vegum japanska velferðarráðuneytisins.

Í tengslum við sýninguna verða margs konar viðburðir, sem nálgast má upplýsingar um á vefsíðunni www.hirosima-nagasaki.is.

Sýningin verður opnuð í kvöld klukkan 19.30 og er opin til klukkan 22. Eftir að hafa skoðað sýninguna í kvöld er tilvalið fyrir gesti að ganga niður að Reykjavíkurtjörn, þar sem kertafleyting í minningu fórnarlambanna hefst klukkan 22.30. Þar flytur Inosuke Hayasaki, 81 árs gamall Japani, ávarp, en hann lifði af kjarnorkusprenginguna í Nagasaki. **- hhs**



**UNDIRBÚA OPNUN** Sýning um kjarnorkusprengjurnar sem varpað var á Hírósíma og Nagasaki opnar í Borgarbókasafni í dag.






tonlist@frettabladid.is



**ÖNNUR MÓSEBÓK** **með Moses Hightower er plata vikunnar ★★★★**

*„Heilsteypt og flott plata sem gefur snilldarplötunni Búum til börn ekkert eftir.“* - tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# Glæsilegur afmælispakki

Þeir Kenneth Gamble og Leon Huff stofnuðu Philadelphia International plötufyrirtækið árið 1971 í Fíladelfíuborg. Það naut mikillar velgengni á áttunda áratugnum og í upphafi þess níunda. Þekktustu tónlistarmennirnir hjá PI voru The O'Jays, Billy Paul, Harold Melvin and the Blue Notes og Lou Rawls, en fjölmargir aðrir voru á mála hjá fyrirtækinu. PI var mikilvægasta sálartónlistarútgáfa áttunda áratugarins. Hún starfaði í svipuðum anda og Motown og Stax gerðu á sjöunda áratugnum, en tónlistin var fágaðri og meira fínpússuð útgáfa af sálartónlist með mikilli áherslu á strengjaútsetningar. Hún hafði mikil áhrif á popptónlistarhljóm áttunda áratugarins, diskóið og danstónlistina.



**VEGLEGT** Það eru 10 diskar og bók í Philadelphia International-pakkanum.

Mikill meirihluti tónlistar PI var tekin upp í Sigma Sound-hljóðverinu og eins og Motown og Stax hafði PI húshljómsveit sem spilaði undir hjá hinum ýmsu listamönnum útgáfunnar. Það var M.F.S.B. (Mother Father Sister Brother), sem einnig gaf út eigin plötur sem margar náðu vinsældum. Hinn fágaði hljómur Gambles og Huffs vakti mikla athygli og varð meðal annars til þess að David Bowie tók plötuna sína Young Americans upp í Sigma Sound árið 1974.

Fyrir nokkrum vikum gaf Harmless-útgáfan út veglegan 40 ára afmælispakka með tónlist Philadelphia International. Harmless er þekktust fyrir ódýrar endurútgáfur af fönki og grúvi, en hér hafa forsvarsmenn hennar ákveðið að leggja allt undir. Í PI afmælispakkanum eru 165 lög á tíu geisladiskum, næstum því þrettán klukkutímar af tónlist. Það fylgir líka 60 blaðsíðna bók með ýtarlegum upplýsingum og útgáfulista, skrifuð af Ralph Tee og David Grimes sem báðir eru á meðal virtustu PI-sérfræðinga heims. Tónlist PI hefur verið margendurútgefin, en þessi nýi afmælispakki er í sérflokki.

## Í SPILARANUM



Antony & the Johnsons – **Cut The World**



The Flaming Lips – **The Flaming Lips and Heady Fwends**



Brimkló – **Síðan eru liðin mörg ár**


# MIKIÐ ÚRVAL
## ... af notuðum fötum ...
HJÁLPRÆÐISHERINN
**Fatabúð Hjálpræðishersins**
Garðastræti 6, Reykjavík.
**Opin alla virka daga**
**kl. 13.00 – 18.00.**

# EIN SÚ VINSÆLASTA

TOSHIBA
Hagstætt verð fyrir 15,6“ fartölvu með Intel Pentium B950, 4GB minni og 500GB hörðum diski. Windows 7 Home Premium.
Toshiba C850-131
89.990
tl.is
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR




**AFLÝSTU TÓNLEIKUM** Michael Angelakos, söngvari Passion Pit, að syngja nýju rafskotnu popptónana af plötunni Gossamer þann 2. ágúst í Chicago en fyrir og eftir það þurfti sveitin að aflýsa tónleikum. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Glimmerskreytt geðveiki

**Rafpopppararnir í Passion Pit sendu frá sér aðra breiðskífu sína á dögunum en hafa þurft að aflýsa tónleikum vegna slæmrar geðheilsu söngvarans.**

Bandaríska rafskotna poppsveitin Passion Pit sendi frá sér aðra breiðskífu sína, Gossamer, þann 24. júlí og fylgir nú plötunni eftir með tónleikaferð. Þeir hafa þó þurft að aflýsa nokkrum tónleikum, þar á meðal í dag og undanfarna tvo daga, vegna slæmrar geðheilsu Michael Angelakos, söngvara sveitarinnar. Var hann meðal annars lagður inn á sjúkrahús fyrir skemmstu. Tónlistarvefsíðan Pitchfork fjallaði náið um málið og sagði 25 ára söngvarann hafa barist við geðhvarfasýki frá átján ára aldri og að hún hefði ágerst eftir skyndilega frægð Passion Pit með fyrstu breiðskífu sinni. Með þessa þekkingu í farteskinu geta hlustendur skilið betur togstreituna sem ríkir í tónum sveitarinnar, þar sem gleðitónar mæta þungum hugsunum. Söngvarinn mun þrátt fyrir allt stíga á svið á morgun og vonandi í framhaldinu á ferð um heiminn út árið.

Meðal umfjöllunarefna glimmerskreyttra tónsmíða Gossamer eru áfengisfíkn, sjálfsmorð, geðveiki, fíkniefni, innflutningur fólks og efnahagslegur mismunur fólks. Sem sagt létt og hresst rafpopp með alvörugefnum textum og dimmum undirtóni.

Gossamer fylgir fyrri breiðskífu hljómsveitarinnar Manners. Sú kom út fyrir þremur árum og kom sveitinni á kortið á heimsvísu. Upphaf hljómsveitarinnar er með ótrúlegasta móti og má rekja til demóa sem söngvarinn samdi fyrir þáverandi kærustu sína og gaf í Valentínusargjöf í stað súkkulaðihjarta eða rósabúnta. Ekki leið svo á löngu þar til þau náðu eyrum bloggara og umfangsmikilla umboðsskrifstofa árið 2008.

Hljómsveitin var á þessum tíma eins manns sveit með ferðatölvu eða þar til núverandi hljómsveitarmeðlimurinn Ian Hultquist kom upp að Angelakos á lágstemmdum tónleikum hans í Boston og stakk upp á samstarfi sem nú samanstendur af þeim Ayad Al Adhamy, Jeff Apruzzese og Nate Donmoyer ásamt fyrrnefndum.

Þrátt fyrir þriggja ára bið eftir nýrri breiðskífu og slæma geðheilsu hefur Angelakos verið iðinn við kolann og unnið með Usher og Nelly Furtado ásamt því að vera eftirsóttur af poppfyrirbærum á borð við Britney Spears. Tónlistin hans hljómar í umtalaðri lokamynd Twilight-seríunnar, sem verður frumsýnd á árinu. Frægðarsól Of Monsters and Men hefur ekki farið framhjá Passion Pit sem endurhljóðblandaði smellinn Little Talks nýverið og fer Nanna Bryndís Hilmarsdóttir söngkona íslensku sveitarinnar fögrum orðum um endurhljóðblönduna í viðtali við tónlistartímaritið Rolling Stones og sagði þau elska lagið sem væri skemmtistaðavænt og svalt.

hallfridur@frettabladid.is

## LAGALISTINN
Vikuna 2. ágúst - 8. ágúst 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Jón Jónsson | All, You, I |
| ▶ | 2 | Lykke Li | I Follow Rivers |
| ▶ | 3 | Helgi Júlíus & Valdimar Guðmundsson | Þú ert mín |
| ▲ | 4 | Fun | Some Nights |
| ▲ | 5 | Fjallabræður & Sverrir Berg | Þar sem hjartað slær |
| ▼ | 6 | Ásgeir Trausti | Leyndarmál |
| ▲ | 7 | Sálin hans Jóns míns | Hjartadrottningar |
| ▶ | 8 | Jónas Sigurðsson | Þyrnigerðið |
| ▼ | 9 | Retro Stefson | Fram á nótt |
| ▲ | 10 | Train | 50 Ways To Say Goodbye |

## TÓNLISTINN
Vikuna 2. ágúst - 8. ágúst 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Of Monsters And Men | My Head Is An Animal |
| ▶ | 2 | Mannakorn | Í blómabrekkunni |
| ▶ | 3 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | Heim í heiðard. |
| ▶ | 4 | Sigur Rós | Valtari |
| ▶ | 5 | Ýmsir | Pottapartý með Sigga Hlö |
| ▶ | 6 | Brimkló | Síðan eru liðin mörg ár |
| ▼ | 7 | Tilbury | Exorcise |
| ▲ | 8 | Ýmsir | Pottþétt 57 |
| ▲ | 9 | Ýmsir | Bara grín! |
| ▲ | 10 | Justin Bieber | Believe |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is


VINSÆLASTA MYND SUMARSINS!
græna ljósið -betra bíó
Sýningum fjölgað í öllum bíóum til að anna eftirspurn. Sýningartímar og miðasala á Miði.is
★★★★
„Bætir, hressir og kætir.“
- Haukur Viðar Alfreðsson, Fréttablaðið
★★★★
„Heillandi leikur og falleg saga.“
- Helgi Snær Sigurðsson, Morgunblaðið
BYGGÐ Á SANNRI SÖGU
François Cluzet Omar Sy
Intouchables
Vertu vinur okkar og þú gætir unnið miða!
www.facebook.com/graenaljosid
https://twitter.com/graenaljosid
SÝND Í HÁSKÓLABÍÓI, LAUGARÁSBÍÓI OG BORGARBÍÓI AKUREYRI

bio@frettabladid.is



**TÖKUR HAFNAR** Tökur á fjórðu þáttaröð Arrested Development eru hafnar en sex ár eru síðan síðasta þáttaröðin var sýnd. Jason Bateman, sem fer með hlutverk Michaels Bluth, birti mynd af tökustað á Twitter-síðu sinni með orðunum „Fyrsti dagurinn. Við förum af stað …“

# Aftur í syndabælið

Leikarinn Mickey Rourke gæti mögulega snúið aftur sem Marv í kvikmyndinni A Dame To Kill For sem er framhaldsmynd Sin City. Samkvæmt Empire Magazine á Rourke nú í viðræðum við framleiðendur um þátttöku sína í myndinni.

Í Sin City lék Rourke harðjaxlinn Marv sem var tekinn af lífi í lok myndarinnar eftir að hann hefndi dauða vinkonu sinnar. Endalok Marv í Sin City hafa þó ekki áhrif á endurkomu Rourke því sagan er ekki sögð í réttri tímaröð. Áætlað er að A Dame To Kill For verði frumsýnd í október á næsta ári og verður myndin í þrívídd.

Rourke er einnig í viðræðum við leikstjórann Albert Hughes um hlutverk í kvikmyndinni Motor City. Gerard Butler mun fara með aðalhlutverkið í þeirri mynd en óljóst er hvaða hlutverk Rourke mun leika.



**SNÝR AFTUR** Mickey Rourke gæti snúið aftur sem Marv í framhaldsmynd Sin City. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fullt af svörtu gamni

Bíóhúsin verða full af ást og hlátri um helgina, en tvær rómantískar gamanmyndir verða frumsýndar auk myndarinnar Brave sem er fjallað um hér til hliðar.

Nýjasta mynd Woodys Allen, To Rome With Love, kemur í kvikmyndahús á föstudaginn. Myndin segir sögu nokkurra ólíkra einstaklinga í borginni Róm á Ítalíu og ævintýrin sem þeir lenda í þar og hvernig þau fléttast saman. Sjálfur fer Woody Allen með hlutverk í myndinni en eins og við er að búast þegar myndirnar hans eru annars vegar er þar allt morandi í stórstjörnum. Með önnur helstu hlutverk fara snillingurinn Roberto Benigni, Judy Davis, Alec Baldwin, Jesse Eisenberg, Penélope Cruz og Ellen Page.

Keira Knightley og Steve Carell fara með aðalhlutverkin í svörtu kómedíunni Seeking a Friend for the End of the World sem kemur einnig í bíóhúsin á föstudaginn. Loftsteinninn Matilda stefnir á jörðina og heimsendir er boðaður innan þriggja vikna. Eiginkona persónu Carells, Dodge Petersen, yfirgefur hann þegar þau heyra fréttirnar og hann ákveður í kjölfarið að leggja upp í vegferð á heimaslóðir til að endurnýja kynnin við æskuástina sína Oliviu. Nágranni hans, Penny Lockhart, leikin af Knightley, slæst í för með honum og úr verður bráðfyndin skemmtun með vott af rómantík. **- trs**



**ÁSTIN Í RÓM** Alessandro Tiberi og Penélope Cruz eru á meðal þeirra fjölmörgu stórstjarna sem koma fram í nýjustu mynd Woodys Allen, To Rome With Love.



**HÁRPRÚÐ HETJA** Skoska prinsessan Merida lendir í ævintýrum í nýjustu myndinni frá Pixar. DISNEY/PIXAR

# Hárprúð teiknimyndahetja

**Teiknimyndin Brave verður frumsýnd annað kvöld. Kvikmyndin er þrettánda mynd fyrirtækisins Pixar.**

Brave er nýjasta myndin frá Pixar og segir frá skosku prinsessunni Meridu og ævintýrum hennar. Merida er sjálfstæð ung stúlka og sem slík harðneitar hún að giftast þeim piltum sem foreldrar hennar hafa ætlað henni. Í bræði sinni verður Merida þess valdandi að álög falla á fjölskyldumeðlim hennar og þarf hún á öllum sínum styrk og hugrekki að halda til að snúa álögunum.

Brave er þrettánda mynd Pixar og tók það tugi manna þrjú ár að hanna forrit sem gæti samræmt hreyfingar hárlokka Meridu á sannfærandi máta. Það er skoska leikkonan Kelly McDonald sem ljáir prinsessunni rödd sína, en leikkonan er þekktust fyrir hlutverk sitt sem Margaret Schroeder í sjónvarpsþáttunum Boardwalk Empire. Með önnur hlutverk fara Billy Connolly, Emma Thompson, Julie Walters, Robbie Coltrane, Kevin McKidd, Craig Ferguson og John Ratzenberger.

Leikstjórar myndarinnar eru Mark Andrews og Brenda Chapman en þau skrifa einnig handritið að myndinni. Upphaflega stóð til að Chapman leikstýrði myndinni, þá fyrsta konan til að leikstýra mynd frá Pixar, en sökum listræns ágreinings var ákveðið að Andrews tæki við sem leikstjóri þó Chapman hafi áfram verið viðriðin framleiðslu myndarinnar.

Myndin hefur fengið ágæta dóma og á vefsíðunni Rottentomatoes fær hún 77 prósent ferskleikastig. Á vefsíðunni Metacritic.com fær myndin örlítið slakara meðaltal eða um 69 prósent. Peter Travers hjá Rolling Stone tímaritinu segir myndina vera fallega og skemmtilega en öðrum þykir söguþráðurinn slakur þó grafíkin sé nánast gallalaus.

Myndin verður sýnd bæði með ensku og íslensku tali og eru það Esther Talia Casey, Egill Ólafsson, Inga María Valdimarsdóttir, Pálmi Gestsson og Ragnheiður Steindórsdóttir sem ljá persónunum rödd sína í íslensku útgáfunni.

## FYRSTA KONAN TIL AÐ LEIKSTÝRA TEIKNIMYND

- Brenda Chapman hóf störf hjá Pixar árið 2003 og kom aðeins að gerð teiknimyndarinnar Cars áður en undirbúningur á Brave hófst. Hugmyndin að myndinni er komin frá Chapman og átti hún upphaflega að leikstýra henni áður en til vandræða kom. Í október árið 2010 tók Mark Andrews við sem leikstjóri myndarinnar í kjölfar vanda milli Chapman og Pixar.
- Chapman varð fyrsta konan til að leikstýra teiknimynd þegar hún leikstýrði The Prince of Egypt fyrir DreamWorks framleiðslufyrirtækið árið 1998. Hún varð einnig fyrsta konan til að leikstýra mynd í framleiðslu Pixar þegar hún var tilkynnt sem leikstjóri Brave.
- Chapman segir dóttur sína vera fyrirmynd rauðhærðu prinsessunnar.
- Mark Andrews hefur áður unnið með Pixar og starfaði meðal annars við myndirnar Ratatouille og Cars.




Fjalakötturinn

Franskt gastro
sem kitlar bragðlaukana

**Fullt af allskonar**
Sex réttir af sérréttaseðli
kr. 7450

www.fjalakotturinn.is

Aðalstræti 16 | 101 Reykjavík | Sími 514 6060 | dining@hotelcentrum.is













Penninn

Hallarmúli 4, 108 Reykjavík I www.penninn.is

Með þér í skólanum



**ÁNÆGÐAR** Þær Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir og Hrafnhildur voru glaðar á frumsýningu myndarinnar.



**SKEMMTILEG** Gunnar Helgason leikari stillti sér upp á milli hjónanna Birgittu Haukdal og Benedikts Einarssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**GÓÐIR GESTIR** Sigríður Þóra Ásgeirsdóttir og Gerður brostu sínu blíðasta.

# BROSMILDIR FRUMSÝNINGARGESTIR HRAFNHILDAR

**Sjónvarps- og kvikmyndagerðarkonan Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir frumsýndi heimildarmynd sína Hrafnhildi í Bíó Paradís á miðvikudagskvöldið. Fjölmenni mætti til að berja myndina augum en hún fjallar um kynleiðréttingarferli Hrafnhildar, frá því hún var strákur og hét Halldór. Mikil ánægja var með myndina hjá bíógestum og aðstandendum en myndin verður áfram sýnd í Bíó Paradís fyrir áhugasama.**



**GAMAN** Eva Ágústa og Ragnheiður brostu til ljósmyndara.



**FLOTTAR VINKONUR** Vala Grand og Gréta létu sig ekki vanta á frumsýninguna.



**VINKONUHÓPURINN** Arna, Hrafnhildur, Þuríður og Elísa skemmtu sér vel.


SAMBÍÓIN SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | kl. 4:30-5:30-6-8-9-10 -10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | kl. 6 - 10 | 2D | VIP |
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:40 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dark Knight Rises | kl. 7 - 10:20 | 2D | 12 |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| Dream House | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| TOTAL RECALL | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | kl. 3 - 5:50 - 6:10 - 8 - 9:20 - 10 - 11:10 | 2D | 12 |
| TED | kl. 7:30 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:20 - 5 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ísl. Tali | kl. 3 - 3:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | kl. 5:30-6-9-10 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| TOTAL RECALL | kl. 8 | 2D | 12 |
| THE DARK KNIGHT RISES | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| TOTALL RECALL | KL. 5.20 - 8 - 9 - 10.35 | 12 |
| TOTALL RECALL LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL. 3.45 - 5.50 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.45 - 5.50 | L |
| TED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| TOTAL RECALL | KL. 6 - 9 | 12 |
| KILLER JOE | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.5.50 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 6 - 9 | 10 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| KILLER JOE | KL. 8 - 10 | 16 |
| ÍSÖLD 3D | KL. 5.50 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| TOTAL RECALL | 8, 10.20 | 12 |
| KILLER JOE | 8, 10.20 | 16 |
| INTOUCHABLES | 3.50, 6, 8, 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 4 - 3D | 4, 6 | L |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**FIMMTUDAGUR:** **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00 ■ **MYND+TÓNLEIKAR: SUDDEN WEATHER CHANGE OG OYAMA (FRÍTT)** 22:00 ■ STARS ABOVE 20:00 ■ RED LIGHTS 22:20 ■ BERNIE 17:50 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

MYND OG TÓNLEIKAR Í KVÖLD KL. 22. FRÍTT INN!

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.



**200% LAUNAHÆKKUN** Þeir Liam Hemsworth og Josh Hutcherson eru ekki par sáttir með hversu miklu hærri laun mótleikkona þeirra Jennifer Lawrence fær fyrir framhaldsmyndina um Hunger Games. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fær hærri laun en strákarnir

Konur í Hollywood virðast ekki þurfa að berjast gegn launamuni kynjanna ef marka má nýjustu fréttir af samningum fyrir aðra myndina af þrennunni um Hunger Games, Catching Fire.

Jennifer Lawrence er sögð hafa skrifað undir samning um að fara áfram með hlutverk Katniss Everdeen gegn því að hún fengi greiddar tíu milljónir dollara fyrir, en það er um 200% launahækkun frá fyrri myndinni. Mótleikarar hennar í myndinni, þeir Liam Hemsworth og Josh Hutcherson, fengu þó samning sem hljóðaði upp á tvær milljónir dollara og eru því að vonum ekki par sáttir með sitt hlutskipti.

Þeir segjast gera sér grein fyrir því að Lawrence fari með stærra hlutverk í myndinni og eigi því eflaust skilið aðeins feitari launamiða, en þetta þykir þeim fullmikið.

Framhaldsmyndirnar eru því í töluverðu uppnámi eins og er þar sem drengirnir hafa gefið það út að þeir komi ekki til með að sætta sig við minna en fimm milljónir dollara hvor í sinn hlut fyrir framhaldsmyndina. Aðdáendur þurfa þó ekki að örvænta enn þá þar sem líklegt verður að teljast að kröfum þeirra verði mætt, enda framhaldsmyndin töluvert vænlegri til árangurs með þeim félögum innanborðs.

# Liberty Ross losar sig við giftingahringinn

Leikkonan Liberty Ross hefur verið mynduð síðustu daga án giftingarhringsins en hún er gift leikstjóranum Rupert Sanders sem hélt fram hjá henni með leikkonunni Kristen Stewart eins og frægt er orðið. Ross hefur fjarlægt hringinn af fingri sér og flaggað því fyrir ljósmyndara í Los Angeles. Sanders heldur greinilega enn þá í vonina því leikstjórinn skartar enn sínum hring.

Samkvæmt vefmiðlinum Hollywoodlife.com er Ross brjáluð út í eiginmanninn og vill ekkert við hann tala. Fyrstu fregnir af framhjáhaldi Sanders hermdu að Ross ætlaði að fyrirgefa manni sínum hliðarsporið fyrir börnin þeirra tvö. Núna ku Ross vera viss um að Sanders og Stewart hafi átt í ástarsambandi í dágóðan tíma og að hann sé enn þá ástfanginn af leikkonunni ungu. Ross er sögð vera komin með skilnaðarlögfræðing og ætla að fara í hart við Sanders.



**FYRIRGEFUR EKKI** Leikkonan Liberty Ross á erfitt með að fyrirgefa eiginmanni sínum, Rupert Sanders, hliðarsporið með Kristen Stewart. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fullkomin tík

Rapparinn Kanye West tileinkaði kærustu sinni Kim Kardashian lag sitt Perfect Bitch þegar hann spilaði á skemmtistað í New York um helgina. Hann sagði lagið samið um hana en á íslensku myndi titill þess vera Fullkomin tík.

Kim er sögð vera upp með sér yfir laginu þó svo hún sé kölluð tík í því, þar sem hún viti að hann meini það ekki á neikvæðan hátt heldur noti hann þetta orð bara óspart. Í laginu talar hann um það hversu mörgum stelpum hann hafi verið með hingað til en hafi nú loksins fundið hina einu réttu.



**SKILJA HVORT ANNAÐ** Kim skilur ástarjátningar Kanye þó hann kalli hana tík í þeim. NORDICPHOTOS/GETTY


sjáðu citroën
í dag
milli kl. 9 og 17
Bíldshöfða 8

# Vinnandi vegur á nýjum CITROËN BERLINGO

CITROËN

Sjáðu nýjan og glæsilegan Berlingo. Nýi Berlingo státar af rúmgóðu vinnu- og farþegarými sem sameinar kosti þæginda og hagkvæmni. Með framúrstefnulegri hugsun stenst Berlingo jafnt kröfur til vinnubíla ásamt því að tryggja rekstrarlegt hagræði.

Berlingo státar af aksturseiginleikum fólksbíls og miklu hleðslurými. Afturhurðir bílsins opnast um 180 gráður og því ekkert sem hindrar aðgengi og hleðslu bílsins. Plássið fyrir farþega og bílstjóra er rúmgott og uppfyllir þannig ítrustu kröfur um þægindi.

Búinn öllum nútímaþægindum sameinar Berlingo notagildi atvinnutækisins og þægindi einkabílsins. Berlingo auðveldar einfaldlega vinnuna og eykur afköstin.

Brimborg er vottaður þjónustuaðili fyrir Citroën á Íslandi. Sérfræðingar Brimborgar tryggja öryggi þitt með reglubundnu viðhaldi og eftirliti á skilvirkan og hagstæðan hátt. Kynntu þér fyrirmyndarþjónustu Brimborgar í dag. **Sjáðu Citroën.**

Notaða Citroën bráðvantar á söluskrá. Nýttu gott tækifæri. Skiptu gamla uppí nýjan.




- 6 dyra útfærsla með hliðarhurðum báðum megin
- Fáanlegur 5 dyra með topplúgu
- Hleðslurými 3,3 $m^3$
- Burðargeta 850 kg
- 3ja sæta. Tveir farþegar auk bílstjóra
- Öflug og sparneytin dísilvél



**CITRÖEN BERLINGO 3 manna**
1,6 dísill. 90 hestöfl. 5 gíra beinskiptur
Eldsneytisnotkun 5,3 l/100 km*
Koltvísýringur $CO_2$ 138 g/km
Rúmmál 3,3 $m^3$
Burðargeta 850 kg
Verð: **2.462.151 kr.** án/vsk**

* Í blönduðum akstri
** 3.090.000 kr. m/vsk.

Kynntu þér lánamöguleikana og greiðslukjörin.
Settu gamla bílinn uppí nýjan Berlingo.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

Brimborg og Citröen áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

# sport

sport@frettabladid.is



**GENERALPRUFAN** fyrir bikarúrslitaleik kvenna fer fram á Samsung-vellinum í Garðabæ klukkan 19.30 í kvöld þegar Stjarnan og Valur mætast í 13. umferð Pepsi-deildar kvenna. Liðin spila um bikarinn í Laugardal eftir aðeins sextán daga. Þrír aðrir leikir fara fram í kvöld en þeir eru Þór/KA-FH (kl.18.30), Selfoss-Breiðablik (19.15) og KR-Fylkir (19.15). Stjörnukonur eru þremur stigum á eftir toppliði Þórs/KA fyrir leiki kvöldsins.



**EIÐUR SMÁRI** Spilar væntanlega fyrsta leikinn fyrir Lars Lagerbäck í næstu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eiður Smári og Grétar í hóp:

## Báðir lausir við meiðslin og í góðu formi

**FÓTBOLTI** Lars Lagerbäck hefur gert breytingar á landsliðshóp sínum fyrir vináttuleikinn við Færeyjar sem fer fram eftir eina viku. Eiður Smári Guðjohnsen, Grétar Rafn Steinsson og Hallgrímur Jónasson bætast við áður tilkynntan leikmannahóp, en Björn Bergmann Sigurðarson á við meiðsli að stríða og verður því ekki með. Þetta kom fram á heimasíðu KSÍ.

„Grétar og Eiður eru leikmenn með mikla reynslu, ef þeir eru lausir við meiðsli og í góðu formi eru þeir mikilvægir leikmenn fyrir Ísland. Ég myndi vilja skoða þá báða betur í leiknum við Færeyjar, jafnvel þó þeir hafi ekki fundið sér ný félagslið fyrir þann tíma. Grétar stóð sig vel í leiknum við Svartfjallaland og í þeim leikjum sem ég hef horft á úr síðustu undankeppni var Eiður á meðal bestu leikmanna liðsins. Ég vil undirstrika að þeir eiga jafna möguleika og aðrir leikmenn á að komast í liðið," sagði Lars Lagerbäck í viðtali á heimasíðu KSÍ.

Undankeppni HM 2014 hefst með heimaleik við Noreg 7. september og útileik gegn Kýpur fjórum dögum síðar. Vináttulandsleikur Íslands og Færeyja fer fram á Laugardalsvellinum á miðvikudag og hefst kl. 19.45. - óój

**Íslendingar á ÓL 2012**

**FIMMTUDAGINN 9. ÁGÚST**

**20.00: Spjótkast kvenna úrslit**

**Ásdís Hjálmsdóttir, 9. í kaströðinni**

# Engin orð til að lýsa vonbrigðunum

**Handboltalandsliðið féll úr leik á Ólympíuleikunum í London í gær eftir sárgrætilegt tap fyrir Ungverjum í tvíframlengdum leik. Guðmundur Guðmundsson kvaddi landsliðið og Ólafur Stefánsson mögulega einnig.**

**ÓL 2012** „Það eru ekki til orð í orðabókinni til að lýsa vonbrigðunum. Hver og einn verður að finna það sjálfur með sér hvernig hann tekst á við að tapa einhverju. Einhverju góðu, fallegu og stórkostlegu sem maður nær svo ekki. Eitthvað sem maður er búinn að eltast við lengi – í mánuði og ár. Eftir að hafa sett allt í þetta kemur í ljós á síðustu metrunum að maður fær það ekki. Þá kemur eitthvað í mann sem ekki er hægt að lýsa. Vonandi upplifa fæstir þessa tilfinningu en kannski þurfa allir að upplifa svona lagað til að geta stækkað og vaxið."

Þannig lýsti Ólafur Stefánsson, með tárin í augunum, sínum fyrstu viðbrögðum eftir að Ísland tapaði fyrir Ungverjalandi í handboltakeppni Ólympíuleikanna í gær. Úrslitin þýddu að Ungverjar halda áfram í undanúrslit og spila um verðlaun en strákarnir okkar eru úr leik.

Ólafur var líka ósáttur við eigin frammistöðu en hann skoraði þrjú mörk úr tíu skotum í leiknum og tapaði boltanum nokkrum sinnum.

### Eitt og hálft ár að undirbúa mig

„Síðasta eina og hálfa árið hef ég hugsað um að vakna og sofa til þess eins að koma mér í form fyrir þessa leika. Svo er ég að spila 80 prósent undir getu í leiknum sem öllu máli skiptir. Það er eitthvað sem ég verð að lifa með," sagði Ólafur áður en hann lauk viðtalinu.

Ólafur veit ekki sjálfur hvort hann ætli að halda áfram að spila handbolta og hvort hann muni áfram gefa kost á sér í landsliðið. En eitt er víst að þetta voru hans síðustu Ólympíuleikar og eru líkur á því að leikurinn í gær hafi verið hans síðasti í íslensku treyjunni.

„Ólafur er stórkostlegur handboltamaður. Hann er líka stórkostleg persóna, karakter og allt saman," sagði Guðjón Valur Sigurðsson, herbergisfélagi Ólafs og landsliðsfélagi til margra ára. „Það verður mikill sjónarsviptir að honum, eins og öllum þeim sem hætta að spila með landsliðinu."

### Verulega sorgmæddur

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari gaf út fyrir leikana að hann myndi hætta nú í lok sumars og því var þetta síðasti leikur strákanna okkar undir hans stjórn. „Ég er verulega sorgmæddur að okkur tókst ekki að fara alla leið því við vorum svo nálægt því. Það er erfitt að glíma við þær tilfinningar," sagði hann.

„En ég er líka fullur af þakklæti fyrir að hafa fengið að starfa með þessum drengjum í fjögur og hálft ár. Við höfum gengið í gegnum stórkostlega tíma – þá bestu í íslenskum handbolta frá upphafi. Við unnum tvenn verðlaun – silfur á Ólympíuleikum og brons á EM." Hann vildi koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem hann hefur starfað með – leikmönnum, starfsmönnum og stjórnarmönnum HSÍ sem og læknum, nuddurum og sjúkraþjálfurum. „Allir hafa unnið frábært og óeigingjarnt starf."

### Tvíframlengdur háspennuleikur

Leikurinn í gær var þrunginn spennu og dramatík. Ísland elti lengst af eftir slæma byrjun en komst marki yfir þegar tæpar tvær mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma. Ísland fékk svo boltann þegar 40 sekúndur voru eftir og Ólafur fiskaði víti þegar fjórtán sekúndur voru eftir.

Þetta átti ekki að geta klikkað. Snorri Steinn Guðjónsson, sem hafði þó varla spilað í leiknum, tók vítið en Nandor Fazekas, markvörður Ungverja og maður leiksins, varði. Boltinn hrökk í hendur Ungverja sem náðu að koma sér fram og skora. Leiktíminn rann út og Ungverjar fögnuðu.

Tvíframlengja þurfti leikinn og Ísland fékk fleiri tækifæri til að vinna leikinn, sem og að tryggja sér vítakeppni í seinni framlengingunni. En það átti ekki að verða. Aron Pálmarsson tók síðasta skot leiksins en það var fram hjá og Ungverjar fögnuðu aftur – nú sigrinum og sæti í undanúrslitum.

„Stundum er þetta bara svona. Það eru allir ánægðir þegar vel gengur en svona lagað getur líka gerst," sagði Guðmundur. „Heildarframmistaða liðsins á mótinu var samt stórkostleg. Ég er fyrst og síðast stoltur af liðinu og mér finnst að við höfum náð að spila afar góðan handbolta hér úti. Enda sagði ég við strákana eftir leik að þeir eigi að taka það góða úr þessu – vera stoltir af frammistöðunni og halda heim á leið með höfuðið hátt."

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Valgarður Gíslason**

fjalla um ÓL 2012

eirikur@frettabladid.is - valli@frettabladid.is





**LEIÐARLOK?** Ólafur Stefánsson var niðurbrotinn maður í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mín ákvörðun að láta Snorra taka vítið

Snorri Steinn Guðjónsson spilaði aðeins nokkrar mínútur í leik Íslands og Ungverjalands í gær en kom samt inn á þegar lítið var eftir af venjulegum leiktíma til að taka víti sem Ísland fékk.

Það var varið og Ungverjar náðu að tryggja sér framlengingu með marki á lokasekúndunni.

„Ég tók þessa ákvörðun," sagði Guðmundur Guðmundsson. „Það var brotið á Óla og hann treysti sér ekki til að taka vítið, enda hafði hann klikkað sjálfur fyrr í leiknum. Í gegnum tíðina höfum við haft þann háttinn á að Snorri taki þá næsta víti."

Guðmundur tekur þó skýrt fram að þetta eina atvik réði ekki úrslitum leiksins. „Það þarf að skoða leikinn í heild sinni frekar en eitt atvik. Þetta var erfitt augnablik fyrir Snorra en hann er hetja fyrir að hafa tekið að sér að stíga fram. Stundum fara bara hlutirnir ekki á þann veg sem maður vill."

Stillanleg heilsurúm! Fyrir þínar bestu stundir. Tilboðsdagar í ágúst! TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

ÁGÚST-TILBOÐ Kr. 578.550,-

Verð 749.875,- Þú sparar 171.325,-







Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

Ásdís Hjálmsdóttir keppir í úrslitum spjótkasts kvenna á Ólympíuleikunum í London í dag:

# „Veit að Ásdís getur kastað mun lengra“

**ÓL 2012** Ásdís Hjálmsdóttir verður í eldlínunni á Ólympíuleikvanginum í London í kvöld þegar hún keppir í úrslitum spjótkasts kvenna. Ásdís tryggði sér sæti í úrslitum með glæsibrag en hún þurfti bara eina tilraun til að komast áfram og setti um leið nýtt Íslandsmet – 62,77 m.

Stefán Jóhannsson, þjálfari hennar, sagði við Fréttablaðið í gær að Ásdís hefði verið fljót að ná sér aftur niður og að hún væri tilbúin fyrir keppni kvöldsins.

„Það er auðvitað nauðsynlegt að núllstilla sig og henni hefur gengið mjög vel að ná einbeitingu á nýjan leik,“ sagði Stefán en þau tóku létta æfingu í ólympíuþorpinu í gær.

Stefán segist hafa verið þess fullviss að Ásdís næði að kasta jafn vel og hún gerði. „Eins skrýtið og það kann að hljóma þá var ég handviss um það. Undirbúningurinn var mjög góður og svo var upphitunin hjá henni róleg og góð. Við vorum búin að leggja línurnar og það kom allt fram í kastinu.“

Ásdís sagðist sjálf hafa verið róleg og yfirveguð í kastinu. Þess vegna segir Stefán að hún eigi meira inni.

„Ég tel hana geta kastað mun lengra. Hún náði mjög góðri stjórn á tækninni í gær [fyrradag] vegna þess að hún var á hraða sem hún réði vel við. Ef hún leggur meiri kraft í atrennuna og hittir á réttu tæknina á hún mun lengra kast inni.“

Tólf komust í úrslitin og eftir fyrstu þrjú köstin verður fækkað um fjóra í hópnum. Átta efstu fá þá aðrar þrjár tilraunir og er það nú markmið Ásdísar að komast í þann hóp.

„Við verðum bara að sjá til hvernig það gengur. Henni gekk vel í undankeppninni en það segir svo lítið um framhaldið, enda getur allt gerst í úrslitum Ólympíuleika.“

Úrslitin í spjótkastinu hefjast klukkan 20.00 í kvöld að íslenskum tíma en Ásdís er níunda í kaströðinni.

**- esá**



**MARKMIÐINU NÁÐ** Ásdís hljóp í fang þjálfara síns eftir að hún tryggði sér sæti í úrslitunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÍBV 2-0 KR

Hásteinsvöllur, áhorf.: 741 — Garðar Örn Hinriksson (7)

**1-0 Þórarinn Ingi Valdimarsson, víti (12.), 2-0 Guðmundur Þórarinsson (82.)**

**Skot (á mark):** 18-2 (10-1)
**Varin skot:** Abel 1 - Hannes 0, Fjalar 8

**ÍBV (4-3-3):** Abel Dhaira 6 - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Brynjar Gauti Gunnarsson 6, Rasmus Christiansen 6, Matt Garner 6 - George Baldock 6 (90., Ragnar Leósson -), Tonny Mawejje 5, **Guðmundur Þórarinsson 8*** - Víðir Þorvarðarson 7 (90., Jón Ingason -), Christian Steen Olsen 6 (87., Andri Ólafsson -), Þórarinn Ingi Valdimarsson 7.

**KR (4-3-3):** Hannes Þór Halldórsson - - Haukur Heiðar Hauksson 5 (77., Emil Atlason -), Grétar Sigfinnur Sigurðsson - (6., Rhys Weston - (12., Fjalar Þorgeirsson 7)), Aron Bjarki Jósepsson 6, Gunnar Þór Gunnarsson 5 - Baldur Sigurðsson 5, Bjarni Guðjónsson 5, Viktor Bjarki Arnarsson 6 - Kjartan Henry Finnbogason 5, Gary Martin 5, Óskar Örn Hauksson 6.

* MAÐUR LEIKSINS

## HANDBOLTI Á ÓL

### 8-liða úrslitin í gær

**Ísland-Ungverjaland 33-34 (tvíframlengt)**
**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 8 (11), Aron Pálmarsson 7 (17), Alexander Petersson 6 (10), Róbert Gunnarsson 5 (5), Arnór Atlason 4 (7), Ólafur Stefánsson 3 (10/1), Snorri Steinn Guðjónsson (1/1), Ingimundur Ingimundarson (2)
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 15 (33, 45%), Björgvin Páll Gústavsson 4 (20/1, 20%)
**Hraðaupphlaup:** 10 (Guðjón Valur 4, Alexander 2, Aron, Róbert, Arnór, Ólafur), Ungverjaland 10
**Fiskuð víti:** 3 (Róbert 2, Ólafur)
**Utan vallar:** 4 mínútur - Ungverjaland 8
Mörk Ungverjalands (skot): László Nagy 9 (18), Gergo Iváncsik 5 (7), Gergely Harsányi 5/1 (8/2), Barna Putics 4 (9), Máté Lékai 3 (5), Szabolcs Zubai 3 (5), Gábor Császár 3 (8), Timuzsin Schuch 1 (1), Ferenc Ilyés 1 (2), Tamás Mocsai (2)
**Varin skot:** Nándor Fazekas 25/1 (58/1, 43%), Roland Mikler 1/1 (1/1, 100%)
**Spánn - Frakkland 22-23 (12-9)**
**Svíþjóð - Danmörk 24-22 (11-9)**
- Ísland vann bæði lið Frakka og Svía í riðlinum.

Allt um leiki gærkvöldsins
er að finna á
vísir.is






BURSTAR í vélsópa á lager
- flestar stærðir
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

# FH-INGAR KOMNIR Í TOPPSÆTIÐ

**Íslandsmeistarar KR töpuðu 0-2 fyrir ÍBV í Eyjum og misstu toppsætið til FH-inga sem unnu 5-2 stórsigur á Selfoss þar sem Atli Guðnason skoraði þrennu. Blikar sýndu ótrúlegan karakter í 4-3 sigri á Val með því að skora fjögur mörk manni færri. Garðar Gunnlaugsson var hetja Skagamanna í sigri á Fylki.**

**FÓTBOLTI** Það var mikið fjör í 14. umferð Pepsi-deildar karla sem fór fram í gærkvöldi. 26 mörk, þrjú rauð spjöld og mikil dramatík í mörgum leikjum. FH-ingar nýttu sér ófarir KR-inga í Eyjum og eru komnir með tveggja stiga forskot á toppnum auk þess að eiga leik inni á Vesturbæinga.

### Atli Guðna með þrennu

FH skaust á toppinn í Pepsi-deild karla í gærkvöld er liðið vann Selfoss í hörkuleik 5-2. Atli Guðnason gerði þrennu og bakvörðurinn Guðjón Árni Antoníusson skoraði hin 2 mörkin. FH-ingar voru töluvert betra liðið og var 5-2 sigur síst of stór miðað við gang leiksins. Guðjón Árni var að vonum glaður í leikslok með mörkin sín tvö sem og toppsætið í deildinni. „Þetta var flottur sigur og við erum komnir á þann stað í deildinni sem við viljum vera á.“

### Garðar með tvö mörk

Garðar Gunnlaugsson var hetja Skagamanna en hann skoraði bæði mörk liðsins í 2-1 sigri á Fylkismönnum. Vonskuveður var á Skipaskaga og hafði það töluverð áhrif á gæði leiksins en Skagamenn unnu að lokum nokkuð verðskuldaðan sigur.

Garðar var að vonum ánægður í leikslok og sagði að það væri aldrei leiðinlegt að skora sigurmarkið. „Þetta var vinnusigur í dag og það er fínt að hækka markareikninginn hjá sér líka. Það er aldrei leiðinlegt að skora sigurmarkið heldur,“ sagði Garðar Gunnlaugsson, markaskorari ÍA, í leikslok.



**TVEGGJA STIGA FORYSTA FH-INGA** Bjarki Bergmann Gunnlaugsson og félagar í FH unnu flottan 5-2 sigur á Selfoss í Kaplakrika í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EINIR

### Hafþór Ægir jafnaði í lokin

Grindavík á enn veika von á að bjarga sér frá falli því liðið náði 2-2 jafntefli á heimavelli gegn Fram í gær með jöfnunarmarki þremur mínútum fyrir leikslok.

Fram var sterkari aðilinn í leiknum og fékk fleiri færi, sérstaklega í fyrri hálfleik og komst tvisvar yfir með mörkum Kristins Inga Halldórssonar en Grindavík jafnaði í bæði skiptin og tryggði sér mikilvægt stig með marki Hafþórs Ægis Vilhjálmssonar á 87. mínútu.

„Mér fannst við fá nóg af færum til að klára leikinn en á meðan maður skorar ekki mörk er alltaf hætta. Ef við hefðum náð öðru markinu hefðum við klárað leikinn.,“ sagði Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, í leikslok.

### Fjögur mörk manni færri

Blikar sýndu ótrúlegan karakter í 4-3 sigri á Val þegar þeir skoruðu fjögur mörk á síðustu tuttugu mínútum leiksins eftir að hafa misst markvörð sinn, Ingvar Þór Kale, af velli með rautt spjald á 66. mínútu.

Ben Everson skoraði sigurmark Blika í uppbótartíma en Breiðabliksliðið hafði þá breytt stöðunni úr 3-1 fyrir Val í 3-4 fyrir Blika á aðeins átta mínútna kafla. Þetta var einn ótrúlegasti leikur sumarsins.

### Tíu KR-ingar töpuðu í Eyjum

Vítaspyrnudómur á áttundu mínútu ásamt brottvísun Hannesar Þórs Halldórssonar réð úrslitum í viðureign ÍBV og KR í Eyjum.

Þórarinn Ingi Valdimarsson skoraði úr vítaspyrnunni en KR-ingum tókst ekki að skapa sér færi manni færri. Eyjamenn eru sex stigum á eftir FH í toppsætinu en Þórarinn Ingi setur stefnuna á titilinn. „Við erum ekkert að fela það. Við vorum í þriðja sæti í fyrra og ætlum að vera ofar en það. Við erum ekki að berjast um að vera í öðru sæti. Við ætlum að berjast um titilinn,“ sagði Þórarinn Ingi.

### Keflavíkursigur í Garðabæ

Keflvíkingar unnu 3-1 sigur á Stjörnunni í Garðabæ í gær. Guðmundur Steinarsson, Hörður Sveinsson og Jóhann Birnir Guðmundsson skoruðu mörkin.

**- óój, -kós, -shf, -gmi, -ari, -gts**

---

**FH 5-2 SELFOSS**

Kaplakrikavöllur, áhorf.: 1020 Erlendur Eiríksson (7)

**1-0 Guðjón Árni Antoníusson (18.), 1-1 Tómas Leifsson (30.), 2-1 Atli Guðnason (47.), 3-1 Guðjón Árni Antoníusson (52.), 4-1 Atli Guðnason (79.), 5-1 Atli Guðnason (88.), 5-2 Dofri Snorrason (90.+4)**

**Skot (á mark):** 17-9 (10-6)
**Varin skot:** Gunnleifur 3 - Duracak 4

**FH (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 – Guðjón Árni Antoníusson 8, Guðmann Þórisson 6 (46., Emil Pálsson 7 -), Freyr Bjarnason 6, Danny Justin Thomas 6 (85., Viktor Örn Guðmundsson -) - Pétur Viðarsson 6, Bjarki Gunnlaugsson 7 (80., Kristján Gauti Emilsson -), Björn Daníel Sverrisson 7 - Hólmar Örn Rúnarsson 6, Albert Brynjar Ingason 6, ***Atli Guðnason 9**.

**SELFOSS (4-3-3):** Ismet Duracak 3 - Bernard Petrus Brons 6, Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Endre Ove Brenne 5, Robert Sandnes 4 (57., Jon Andre Royrane 6 -) - Marko Hermo 4 , Ólafur Karl Finsen 5 (65., Dofri Snorrason 5 -),Egill Jónsson 6 - Jón Daði Böðvarsson 6, Tómas Leifsson 6 (72., Andri Freyr Björnsson -), Viðar Örn Kjartansson 5.

* MAÐUR LEIKSINS

**STJARNAN 1-3 KEFLAVÍK**

Stjörnuvöllur, áhorf.: óuppg. Guðmundur Ársæll (7)

**0-1 Guðmundur Steinarsson (8.), 1-1 Mark Doninger (30.), 1-2 Hörður Sveinsson (68.), 1-3 Jóhann Birnir Guðmundsson (90.+1)**

**Skot (á mark):** 13-13 (4-8)
**Varin skot:** Ingvar 5 - Ómar 3

**STJARNAN (4-2-3-1):** Ingvar Jónsson 5 – Jóhann Laxdal 7, Baldvin Sturluson 5, Daníel Laxdal 6 , Hörður Árnason 5(68., Tryggvi Sveinn Bjarnason 5). – Alexander Scholz 5 , Mark Doninger 7, Kennie Chopart 6(62., Gunnar Örn Jónsson 4)., Halldór Orri Björnsson 4, Ellert Hreinsson 4 – Garðar Jóhannsson 4(76., Snorri Páll Blöndal ).

**KEFLAVÍK (4-2-3-1):** Ómar Jóhannsson 7 – Hilmar Geir Eiðsson 6(68.,Grétar Atli Grétarsson 5)., Magnús Þór Magnússon 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 5(55., Rafn Markús Vilbergsson 6)., Jóhann Ragnar Benediktsson 5 – Frans Elvarsson 7, Denis Selimovic 6, Magnús Sverrir Þorsteinsson 6 , Arnór Ingvi Traustason 7, ***Jóhann Birnir Guðmundsson 8** – Guðmundur Steinarsson 6(36., Hörður Sveinsson 7).

* MAÐUR LEIKSINS

**ÍA 2-1 FYLKIR**

Akranesvöllur, áhorf.: 833 Gunnar Jarl Jónsson (6)

**1-0 Garðar Bergmann Gunnlaugsson (25.), 1-1 Magnús Þórir Matthíasson (55.), 2-1 Garðar Bergmann Gunnlaugsson (80.)**

**Skot (á mark):** 8-8 (3-2)
**Varin skot:** Árni Snær 1 - Bjarni Þórður 1

**ÍA (4-5-1):** Árni Snær Ólafsson 6 - Theodore Furness 6, Einar Logi Einarsson 6, Ármann Smári Björnsson 6, Guðjón Heiðar Sveinsson 6 - Dean Edward Martin 5(66. Fjalar Örn Sigurðsson -), Jóhannes Karl Guðjónsson 7, Arnar Már Guðjónsson 5, Andri Adolphsson 5, Ólafur Valur Valdimarsson 5(74. Jón Vilhelm Ákason -) - ***Garðar Gunnlaugsson 8** (82. Hallur Flosason -)

**FYLKIR (4-5-1):** Bjarni Þórður Halldórsson 5 - Andri Þór Jónsson 5, Davíð Þór Ásbjörnsson 6, David Elebert 5, Kjartan Ágúst Breiðdal 5 - Magnús Þórir Matthíasson 6, Ásgeir Börkur Ásgeirsson 6, Finnur Ólafsson 5(65. Ásgeir Eyþórsson 5), Elís Rafn Björnsson 5(87. Andri Már Hermannson -), Tómas Joð Þorsteinsson 4 - Björgólfur Hideaki Takefusa 5(71. Jóhann Þórhallsson 5)

* MAÐUR LEIKSINS

**VALUR 3-4 BREIÐABLIK**

Vodafonevöllur, áhorf.: 623 Magnús Þórisson (x)

**1-0 Kolbeinn Kárason (34.), 2-0 Rúnar Már Sigurjónsson, víti (66.), 2-1 Kristinn Jónsson (70.), 3-1 Kolbeinn Kárason (75.), 3-2 Þórður Steinar Hreiðarsson, 3-3 Olgeir Sigurgeirsson (85.), 3-4 Ben Everson (90.+1)**

**Skot (á mark):** Ólafur Þór 2 - Ingvar 3
**Varin skot:** 14-10 (6-6)

**VALUR (4-3-3):** Ólafur Þór Gunnarsson 4, Jónas Tór Næs 5, Atli Sveinn Þórarinsson 6 - Matarr Jobe 4, Joe Tillen 5 (31., Kristinn Freyr Sigurðsson 5) , Guðjón Pétur Lýðsson 5 - Rúnar Már Sigurjónsson 8, Haukur Páll Sigurðsson 7, Matthías Guðmundsson 7, Kolbeinn Kárason 8, Þórir Guðjónsson 4

**BREIÐABLIK (4-4-2):** Ingvar Þór Kale 4, ***Þórður Steinar Hreiðarsson 8**, Renee Troost 5 (71., Olgeir Sigurgeirsson -), Sverrir Ingi Ingason 5, Kristinn Jónsson 7, Gísli Páll Helgason 4, Finnur Orri Margeirsson 5, Andri Rafn Yeoman 5 (66., Sigmar Ingi Sigurðsson 5), Ben Everson 7, Tómas Óli Garðarsson 6 (79., Rafn Andri Haraldsson-) , Nichlas Rhode 5.

* MAÐUR LEIKSINS

**GRINDAVÍK 2-2 FRAM**

Grindavíkurv., áhorf.: 413 Þóroddur Hjaltalín (6)

**0-1 Kristinn Ingi Halldórsson (26.), 1-1 Iain James Williamson (59.), 1-2 Kristinn Ingi Halldórsson (72.), 2-2 Hafþór Ægir Vilhjálmsson (87.).**

**Skot (á mark):** 12-17 (6-11)
**Varin skot:** Óskar 8 - Ögmundur 4

**GRINDAVÍK (4-5-1):** Óskar Pétursson 7 - Matthías Örn Friðriksson 4 (86., Hafþór Ægir Vilhjálmsson -), Ólafur Örn Bjarnason 5, Mikael Eklund 4, Ray Anthony Jónsson 4 - Marko Valdimar Stefánsson 5, Alexander Magnússon 5, Magnús Björgvinsson 3 (75., Alex Freyr Hilmarsson -), Iain James Williamson 8, Scott Ramsay 5 (62., Pape Mamadou Faye 6) - Tomi Ameobi 5.

**FRAM (4-4-2):** Ögmundur Kristinsson 6 - Almarr Ormarsson 6, Hlynur Atli Magnússon 5, Alan Lowing 5, Samuel Tillen 6 - Ásgeir Gunnar Ásgeirsson 6, Jón Gunnar Eysteinsson 5, Halldór Hermann Jónsson 6, Samuel Hewson 6 - ***Kristinn Ingi Halldórsson 8**, Sveinbjörn Jónasson 6 (89., Orri Gunnarsson -).

* MAÐUR LEIKSINS

## PEPSI KARLA

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **13** | **9** | **2** | **2** | **35-14** | **29** |
| KR | 14 | 8 | 3 | 3 | 26-17 | 27 |
| **ÍBV** | **13** | **7** | **2** | **4** | **23-12** | **23** |
| Stjarnan | 14 | 5 | 7 | 2 | 29-25 | 22 |
| **Breiðablik** | **14** | **6** | **4** | **4** | **15-17** | **22** |
| Keflavík | 14 | 6 | 3 | 5 | 24-20 | 21 |
| **ÍA** | **14** | **6** | **3** | **5** | **21-26** | **21** |
| Fylkir | 14 | 5 | 5 | 4 | 20-24 | 20 |
| **Valur** | **14** | **6** | **0** | **8** | **20-21** | **18** |
| Fram | 14 | 4 | 1 | 9 | 17-22 | 13 |
| **Selfoss** | **14** | **2** | **2** | **10** | **15-31** | **8** |
| Grindavík | 14 | 1 | 4 | 9 | 18-34 | 7 |

**MARKAHÆSTIR**

| | |
|---|---|
| **Atli Guðnason, FH** | **9** |
| Kjartan Henry Finnbogason, KR | 7 |
| **Björn Daníel Sverrisson, FH** | **7** |
| Ingimundur Níels Óskarsson, Fylkir | 7 |
| **Kristinn Ingi Halldórsson, Fram** | **6** |
| Christian Steen Olsen, ÍBV | 6 |
| **Guðjón Árni Antoníusson, FH** | **6** |

**NÆSTU LEIKIR**

| | |
|---|---|
| **Fylkir - ÍBV** | **Sun. 12. ág. kl:18.00** |
| Selfoss - Fram | Sun. 12. ág. kl:19.15 |
| **KR - Valur** | **Sun. 12. ág. kl:19.15** |
| Keflavík - ÍA | Sun. 12. ág. kl:19.15 |
| **Stjarnan - Grindavík** | **Sun. 12. ág. kl:19.15** |
| Breiðablik - FH | Sun. 12. ág. kl:19.15 |








TÓNLEIKAR ÁRSINS!
FREDDIE MERCURY
HEIÐURSTÓNLEIKAR
Í REYKJAVÍK OG Á AKUREYRI Í SEPTEMBER
HARPA-REYKJAVÍK
1. SEPTEMBER KL. 19:00 - örfá sæti laus!
HOF-AKUREYRI
8. SEPTEMBER KL. 19:00 - uppselt!
8. SEPTEMBER KL. 22:00 - aukatónleikar
Miðasala á aukatónleikana í Hofi hefst á morgun, 10. ágúst kl. 09:00
EYÞÓR INGI-EIRÍKUR HAUKSSON-MATTHÍAS MATTHÍASSON
FRIÐRIK ÓMAR-MAGNI-HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
ásamt 12 manna hljóm-og raddsveit
midi.is
MIÐASALA Á TÓNLEIKANA Í HÖRPU Á MIDI.IS, HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5050.
MIÐASALA Á TÓNLEIKANA Í HOFI ER Á MENNINGARHUS.IS OG
Í SÍMA 450-1000.
RIGG
Music & events

> Stöð 2 kl. 20.55
**The Closer**

***Sakamálaserían The Closer er á sínum stað á Stöð 2 í kvöld. Lögreglan leitar vísbendinga eftir banaslys í umferðinni þar sem ung kona á reiðhjóli var keyrð niður og ökumaðurinn flúði af vettvangi. Brendu grunar að háttsettur maður innan lögreglunnar og eiginkona hans eigi hlut að máli.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR ELSKAR MATREIÐSLUÞÆTTI

# Íslenskir meistarakokkar

„Við verðum einhvern tímann að prófa þetta“ er setning sem heyrist ítrekað á mínu heimili þegar verið er að horfa á sjónvarpsefni um mat og matreiðslu. Slíkt efni sameinar nefnilega okkur sambýlisfólkið fyrir framan skjáinn og fjarstýring fær kærkomna pásu frá stöðvaflakki. Því miður virðast uppskriftir og aðferðir gleymast um leið og staðið er upp frá sjónvarpstækinu en setningin er engu að síður endurtekin þegar næsti þáttur byrjar þó lítið gerist í eldhúsinu.

Matreiðsluþættir hafa aldeilis rutt sér til rúms á sjónvarpsskjánum undanfarin ár. Hinn strangi Gordon Ramsay hefur farið á kostum í raunveruleikaþáttum á borð við Hell's Kitchen, Kitchen Nightmares og MasterChef. Þó undirrituð gefi lítið fyrir bölvið, ópin og öskrin sem koma frá herra Ramsay þá hefur hann einhvern óskilgreindan sjarma sem gerir hann að góðum sjónvarpsmanni.



Ég held ég kunni best við Ramsay í MasterChef en þar bregður hann sér í hlutverk skilningsríka leiðbeinandans í stað þess að öskra og æpa – í flestum þáttunum. Nú er íslensk útgáfa af meistarakokkunum í bígerð og ég ætla að fylgjast spennt með. Kannski rata uppskriftirnar frekar inn í eldhús ef hráefnið er íslenskt?

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Ljóðabókin syngur **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Góður matur - Gott líf **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Draumur um Ljósaland **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Meðal annarra orða: Orson Wells með hljóðum **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**09.00 ÓL2012: Frjálsar íþróttir**

**11.00 ÓL2012: Róður**

**12.20 ÓL2012: Strandblak** (Brons (kvk))

**13.10 ÓL2012: Strandblak** (Gull (kvk))

**14.00 ÓL2012: Hjólreiðar** (BMX, forkeppni)

**16.00 ÓL2012: Handbolti**

**17.30 ÓL2012: Frjálsar íþróttir**

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir og veður**

**18.20 ÓL2012: Frjálsar íþróttir**

**20.30 ÓL2012: Dýfingar**

**20.55 Líf vina vorra** (5:10) (Våra vänners liv) Sænskur myndaflokkur um fjóra vini og dramatíkina í einkalífi þeirra. Var valinn besti leikni myndaflokkurinn í Svíþjóð 2011.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Veðurfréttir**

**22.30 Detroit 1-8-7** (1:18) Í þessari bandarísku spennuþáttaröð á morðdeild lögreglunnar í Detroit í höggi við harðsvíraða glæpamenn. Meðal leikenda eru Michael Imperioli, James McDaniel og Aisha Hinds. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.15 Glæstar vonir** (2:3) (Great Expectations) (e) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Charles Dickens.

**00.10 Baráttan gegn kjarnorkuvopnum** (In My Lifetime: A Presentation of the Nuclear World Project) Ný bandarísk heimildamynd um kjarnorkuvopn og baráttuna gegn þeim í 65 ár.

**02.00 Fréttir**

**02.25 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**

**10.00 Charlie St. Cloud**

**12.00 Next Avengers: Heroes of Tomorrow**

**14.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**

**16.00 Charlie St. Cloud**

**18.00 Next Avengers: Heroes of Tomorrow**

**20.00 Couple's Retreat**

**22.00 Swordfish**

**00.00 Inglourious Basterds**

**02.30 Rendition**

**04.30 Swordfish**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 Doctors** (119:175)

**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (15:25)

**11.50 Glee** (15:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Tony Bennett: Duets II** Heimildamynd þar sem fylgst er með stórsöngvaranum við upptökur á nýjustu plötu hans Duets II. Þar syngur hann dúetta með vinsælum söngvurum á borð við Amy heitna Winehouse, Josh Groban, Michael Bublé, Lady Gaga, Noruh Jones, Arethu Franklin o.fl.

**14.25 The New Adventures of Old Christine** (2:21)

**14.45 Smallville** (14:22)

**15.30 Barnatími Stöðvar 2**

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.55 Friends** (10:25)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.06 Veður**

**19.15 Simpson-fjölskyldan**

**19.40 Arrested Development 3** (13:13)

**20.05 Masterchef USA** (12:20)

**20.55 The Closer** (14:21)

**21.40 Fringe** (8:22) Fjórða þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar. Ásamt hinum umdeilda vísindamanni dr. Walter Bishop og syni hans Peter rannsaka þau röð dularfullra atvika.

**22.25 Southland** (3:6) Önnur þáttaröðin af þessum stórgóðu lögguþáttum. Þetta eru hráir og flottir þættir um líf og störf lögreglusérsveitarinnar í Los Angeles.

**23.10 Dallas** (8:10)

**23.55 Rizzoli & Isles** (8:15)

**00.40 The Killing** (13:13)

**01.25 Treme** (5:10)

**02.25 Prelude to a Kiss**

**04.05 The Closer** (14:21)

**04.45 Friends** (10:25)

**05.05 Simpson-fjölskyldan**

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi-mörkin**

**08.10 Pepsi-mörkin**

**15.45 Pepsi-deild kk: Stjarnan - Keflavík**

**17.35 Pepsi-mörkin**

**18.45 Tvöfaldur skolli**

**19.25 Pepsi-deild kvk: Stjarnan - Valur** BEINT

**21.40 Bubba Watson á heimaslóðum** Skemmtilegur golfþáttur þar sem sjónvarpsmaðurinn David Feherty heimsækir Bubba Watson og tekur við hann einlægt viðtal.

**22.25 Pepsi-mörkin**

**23.35 Pepsi-deild kvk: Stjarnan - Valur**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Man. Utd. - Barcelona**

**17.55 Man. Utd. - Man. City**

**19.40 Community Shield 2012 - Preview Show** Hitað upp fyrir leikinn um Samfélagsskjöldinn. Að þessu sinni eru það Manchester City og Chelsea sem mætast á Villa Park í Birmingham.

**20.10 Premier League World 2012/13**

**20.40 Man. Utd. - Barcelona**

**22.25 Season Highlights 2010/2011**.

**23.20 Swansea - Arsenal**

## EXTRA

**19.50 Doctors** (7:175)

**20.35 In Treatment** (66:78)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 2 Broke Girls** (14:24)

**22.10 Up All Night** (2:24)

**22.35 Drop Dead Diva** (10:13)

**23.20 True Blood** (3:12)

**00.15 The Listener** (2:13)

**01.00 In Treatment** (66:78)

**01.25 Doctors** (7:175)

**02.10 Fréttir Stöðvar 2**

**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**15.30 The Biggest Loser** (13:20) (e)

**17.00 Pan Am** (4:14) (e)

**17.50 Rachael Ray**

**18.35 Málið** (3:8) (e) Sölvi Tryggvason fer á Bessastaði og kynnir sér málefni Ólafs Ragnars Grímssonar forseta Íslands. Ólafur er án efa umdeildasti forseti í sögu lýðveldisins og fær Sölvi hann til að líta yfir farinn veg og horfa til framtíðar um mögulegt endurkjör.

**19.05 America's Funniest Home Videos** (33:48) (e)

**19.30 Mad Love** (8:13) (e)

**19.55 Will & Grace** (15:24) (e)

**20.20 Happy Endings** (7:13) (e)

**20.45 Rules of Engagement** (4:15) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp. Vinirnir eru plataðir í að fara stutta ferð að skoða haustlitina, sem varð verri en þau bjuggust við.

**21.10 Monroe** (1:6) Í þessum fyrsta þætti af Monroe framkvæmir taugaskurðlæknirinn Monroe aðgerð á konu með heilaæxli. Konan á kærasta sem reynist ekki tryggari en svo að hann stingur af á meðan konan er í dái.

**22.00 The River** (8:8) Hrollvekjandi þáttaröð um hóp fólks sem lendir í yfirnáttúrulegum aðstæðum í Amazon.

**22.50 Jimmy Kimmel** (e)

**23.35 Law & Order: Criminal Intent** (10:16) (e)

**00.20 CSI** (4:22) (e)

**01.10 Unforgettable** (16:22) (e)

**02.00 Crash & Burn** (2:13) (e)

**02.45 Camelot** (9:10) (e)

**03.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.15** World Golf Championship 2012 (4:4) **12.00** Golfing World **12.50** World Golf Championship 2012 (4:4) **17.35** Inside the PGA Tour (32:45) **18.00** PGA Championship 2012 (1:4) **23.00** Monty's Ryder Cup Memories **23.50** PGA Championship 2012 (1:4) **02.00** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## BBC entertainment

**06.20** ,Allo ,Allo! **06.55** My Family **07.55** New Tricks **09.40** Deal or No Deal **10.15** EastEnders **10.50** Extreme Makeover: Home Edition **11.35** QI **12.35** ,Allo ,Allo! **13.50** My Family **14.50** The Graham Norton Show **15.35** QI **16.40** Extreme Makeover: Home Edition **17.20** The Graham Norton Show **18.05** QI **19.05** Top Gear **20.00** Rev **20.30** Twenty Twelve **21.00** The Graham Norton Show **21.45** Live at the Apollo **22.35** Top Gear **23.24** Rev **23.55** Twenty Twelve **00.25** The Graham Norton Show **01.10** Live at the Apollo

## DR 1

**06.15** Garfield **06.25** SommerSummarum **07.30** OL 2012 **08.00** OL 2012 **10.00** OL 2012 **10.15** OL 2012 **11.30** OL 2012 **13.00** OL 2012 **13.10** OL 2012 **14.55** OL 2012 **15.55** OL 2012 **16.30** TV Avisen **17.00** OL 2012 **17.25** OL 2012 **19.00** TV Avisen **20.40** OL 2012 **21.40** Emils damer **22.10** Ægte mennesker **23.10** Damages **23.50** Arvingen til Glenbogle **04.00** Noddy **04.10** Sprutte-Patruljen **04.25** Kære Sebastian **04.55** Olivia **05.05** Der var engang.... **05.30** Trolderi **06.00** SommerSummarum **06.05** Garfield

## NRK 1

**07.00** OL morgen **08.00** OL i London **10.00** NRK nyheter **10.05** OL i London **11.00** OL-studio **13.00** NRK nyheter **13.05** OL-studio **13.55** OL i London **15.00** NRK nyheter **15.10** OL i dag **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** OL i London **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** OL-studio med Anne Rimmen **18.00** OL i London **18.30** OL-studio **19.30** OL i London **21.00** Kveldsnytt **21.15** London by night **22.00** OL i London **23.15** OL i London **00.15** OL i London **01.30** OL i London **03.00** OL i London

## SVT 1

**07.30** OS Magasin. London Live **08.00** OS i London **11.00** OS i London **13.00** OS i London **14.45** OS Magasin. London Live **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** OS i London **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** OS i London **20.55** OS Magasin. London Live **21.55** OS i London **00.00** OS i London **03.30** OS i London **04.00** Rapport **04.05** Regionala nyheter **04.25** Gomorron Sverige

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




# Við erum með sterku hellurnar!

Graníthellurnar okkar eru endingarbetri, fallegri og ódýrari en þig grunar.

Graníthellur hafa mun lengri endingartíma en venjulegar hellur.
Þær henta vel fyrir bílaplön, torg, stíga, kanta, þrep og litlar hleðslur.

**4 400 400**

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

**STEYPUSTÖÐIN**
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | Berghólabraut 9, 230 Reykjanesbær | Sími 4 400 400, www.steypustodin.is




ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 2 NETFRELSI AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*Ég verð að segja að besti bitinn í bænum sé lambarúllan á Ali Baba. Við í Reykjavík höfum nefnilega verið snuðuð um góðan kebab í áraraðir og nú er loksins búið að bæta úr því.*

Atli Bollason, kynningarstjóri RIFF.

# Sýnir afrakstur Asíureisu á Skólavörðustíg

„Að hafa sýninguna utandyra er í ætt við ferðalagið sjálft og gerir það líka að verkum að fleiri sjá myndirnar,“ segir ljósmyndarinn Baldur Kristjánsson sem opnar ljósmyndasýninguna Austur fyrir fjall á göngugötu Skólavörðustígs í kvöld.

Sýningin er sú fyrsta sem Baldur heldur en hann hefur getið sér gott orð sem auglýsingaljósmyndari undanfarin ár. Á sýningunni eru fjörutíu ljósmyndir sem Baldur tók á bakpokaferðalagi sínu um Asíu fyrir tveimur árum. „Ég kalla þetta „umhverfisportrettmyndir“ af fólki sem varð á vegi mínum í Nepal, Tíbet, Víetnam, Kambódíu og á Indlandi. Myndirnar sýna fólk í sínu náttúrulega umhverfi, eins og það kom mér fyrir sjónir,“ segir Baldur sem hefur látið sérsmíða sérstaka standa fyrir myndirnar svo þær njóti sín sem best í stórri upplausn.

„Ég pældi mjög mikið í staðsetningunni áður en ég fann þá réttu en ég er sjálfur að vinna á Skólavörðustíg og finnst hún án vafa vera ein skemmtilegasta gata bæjarins.“

Sýningin verður opnuð í kvöld klukkan 20 en Baldur blæs til opnunarteitis á efri hæðinni á Sólon í tilefni dagsins. „Þessa stundina er ein mynd í uppáhaldi hjá mér en það er mynd sem ég tók á Killing Fields í Kambódíu en þar voru framin hrottaleg fjöldamorð. Þar sá ég litla stelpu hinum megin við girðingu sem horfði inn á svæðið en ég náði að smella af einni mynd áður en hún lét sig hverfa. Þessi mynd situr eftir,“ segir Baldur. Sýningin stendur til 19. ágúst. Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum? „Myndirnar á sýningunni eru til sölu á www.baldurkristjans.is og jú, lengi lifi Þróttur.“

**- áp**



**FAGRAR MYNDIR** Þróttarinn og ljósmyndarinn Baldur Kristjánsson opnar sína fyrstu ljósmyndasýningu utandyra á Skólavörðustíg í kvöld. Hér er hann með eina af uppáhaldsmyndum sínum á sýningunni sem tekin var í Kambódíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


MIKIÐ ÚRVAL BRÚÐARGJAFA



Sérstök brúðkaupsgjöf

Öll brúðhjón fá glæsilega svuntu með nöfnum sínum og brúðkaupsdegi ísaumuðum.





Íslensk kennslubók í matreiðslu fylgir.

Gildir um KitchenAid hrærivélar.

KitchenAid
FOR THE WAY IT´S MADE

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is


María Guðrún: Maður verður að fara varlega

# Glímir við ókunnugan ljósmyndaþjóf á alheimsnetinu

„Hún sendi mér póst í byrjun vikunnar þar sem hún þakkar mér fyrir að setja myndirnar mínar inn á Facebook svo hún geti stolið þeim. Ég áttaði mig þá á því að hún hlyti að vera vinur minn á Facebook og þá undir öðru nafni þannig ég ákvað að fara í gegnum vinalistann minn og henda út öllum sem ég þekkti annað hvort lítið eða ekkert. Síðan þá hef ég fengið um fimm vinabeiðnir á dag frá henni og alltaf undir nýju nafni,“ segir María Guðrún Rúnarsdóttir nemandi í ljósmyndun við BTK skólann í Berlín. Ókunnug manneskja er kallar sig Maejapaejapictures á Facebook hefur stolið fjölda mynda Maríu Guðrúnar en segir síðuna vera aðdáendasíðu.

Þetta er í annað sinn sem María Guðrún lendir í því að myndum hennar er stolið og þær notaðar af öðrum án leyfis. Fyrir nokkrum árum var myndum af dóttur hennar stolið af Flickr.com deilisíðunni og einnig af persónulegu bloggi hennar.

„Ég hef haldið úti Flickr síðu í mörg ár en fór að ritskoða efnið sem ég setti þar inn eftir að ég komst að því að það væri verið að stela þeim. Í staðinn byrjaði ég að nota Facebook því mér fannst ég geta fylgst betur með efninu þar, en nú þori ég því ekki nema með enn hertara eftirliti,“ útskýrir hún.

Innt eftir því hvort algengt sé að ljósmyndarar verði varir við að fólk sé að stela verkum þeirra segist María Guðrún hafa heyrt af nokkrum dæmum um slíkt. „Ég veit að ein lenti í því að myndum hennar var stolið og þær seldar undir fölsku nafni.“



**TEKST Á VIÐ ÞJÓF** María Guðrún Rúnarsdóttir stendur í stappi við ókunnuga manneskju sem stelur ljósmyndum hennar af Facebook.

María Guðrún kveðst ekki vita hvað hægt sé að gera til að koma í veg fyrir áframhaldandi stuld á verkum hennar annað en að fara varlegar. „Ég held að þetta fólk mundi stela myndunum sama þótt þær væru vatnsmerktar á einhvern hátt. Maður verður bara að fara varlega.“

**sara@frettabladid.is**

# Védís hefur sólóferilinn að nýju

„Þetta er svo ríkt í mér og það sem gerir mig hamingjusamasta og það liggur beinast við að rækta garðinn sinn,“ segir söngkonan Védís Hervör Árnadóttir. Hún flytur eigin tónsmíðar í fyrsta sinn í langan tíma annað kvöld sem gestur Ragnheiðar Gröndal í tónleikaröð hennar á Café Haiti klukkan hálf tíu.

Hún mun leika nýtt efni í bland við lög af plötunni A Beautiful Life: Recovery Project frá árinu 2007 á hljómborð og rödd ásamt eiginmanni sínum Þórhalli Bergmann. „Við ætlum að flytja glæný lög. Sum eru þriggja ára gömul og önnur urðu til í byrjun árs,“ segir Védís. „Þegar Ragga bauð mér að vera með sló ég til. Þetta var akkúrat tíminn til að koma út úr skápnum með nýja efnið og við flytjum það eins og það kemur beint af kúnni.“

Ragnheiður hyggst halda mánaðarlega tónleika fram að áramótum til að undirbúa tónleikaferð um Þýskaland en plata hennar Astrocat Lullaby kemur út í Þýskalandi og víðar 31. þessa mánaðar.

Söngkonurnar eru góðar vinkonur og báðar nýbakaðar mæður. „Við höfum verið að hittast í kringum þetta barnastúss og hún talaði um að hana langaði að spila meira svo ég var svolítið að sparka í rassgatið á henni,“ segir Ragnheiður og skellir upp úr.

Védís hefur lagt stund á líffræðilega mannfræði og sinnt móðurhlutverkinu undanfarin ár og því lítið getað unnið að sólóferlinum. Hún hyggst þó gera breytingar á og setja tónlistina í fyrsta sætið. „Ég hef verið í góðu samstarfi við lagahöfundateymi í London frá árinu 2003 svo ég hef verið að gera fullt tengt músík,“ segir Védís og Ragnheiður bætir við að þær nái ef til vill að semja lítið lag fyrir tónleikana.

**- hþt**



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SYNGJA SAMAN** Ragnheiður Gröndal og Védís Hervör leiða saman hesta sína á tónleikum á morgun þar sem Védís kemur út úr skápnum með nýtt efni ásamt eiginmanni sínum.

# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

# NÁMSBRAUTIR Á HAUSTMISSERI

### NÁM TIL LÖGGILDINGAR FASTEIGNA-, FYRIRTÆKJA- OG SKIPASALA

**STAÐNÁM - FJARNÁM**

**UMSÓKNARFRESTUR TIL 13. ÁGÚST**

### HUGRÆN ATFERLISMEÐFERÐ – NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM

**UMSÓKNARFRESTUR TIL 5. SEPTEMBER**

### LEIÐSÖGUNÁM Á HÁSKÓLASTIGI

**STAÐNÁM – FJARNÁM**

**ENN TEKIÐ VIÐ UMSÓKNUM**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Vildu fá Pussy Riot

**Grímur Atlason**, framkvæmdastjóri tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves, hafði samband við talsmann rússnesku pönksveitarinnar Pussy Riot fyrir nokkrum vikum síðan og vildi fá sveitina til að koma fram á hátíðinni sem fer fram dagana 31. október til 4. nóvember. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var mikill áhugi fyrir hendi hjá hljómsveitinni að koma fram á hátíðinni en svo slitnaði upp úr samskiptunum þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir Gríms til að halda þeim áfram. Mikið hefur verið fjallað um Pussy Riot eftir að þrír meðlimir sveitarinnar voru handteknar fyrir að standa fyrir pönkbæn í dómkirkju í Moskvu í febrúar. Þær hafa setið í gæsluvarðhaldi síðan þá og eiga yfir höfði sér sjö ára fangelsisdóm verði þær fundnar sekar.



### Félagarnir Crowe og Keating

Það hefur líklegast farið fram hjá fæstum að Ronan Keating var staddur hérlendis yfir verslunarmannahelgina. Ennþá færri hafa eflaust misst af því að **Russel Crowe** er staddur hér þessa dagana að leika í myndinni Noah. Það sem færri vita kannski er að þeir virðast vera hinir mestu mátar. Í gær setti Crowe inn á Twitter-síðu sína lýsingu á lifnaðarháttum sínum á Íslandi um þessar mundir þar sem hann býr við eldfjallajökul og þarf að ganga upp á fjall á hverjum degi til að komast í vinnu. Keating var ekki lengi að bregðast við og sendi Crowe línu á vefnum þar sem hann sagði „Þetta er áhugaverður staður, ég elskaði hann,“ og átti þá við Ísland. Crowe svaraði félaga sínum þá með orðunum „Leitt að hafa misst af þér“ og Keating skellti á hann kveðjunni „Sjáumst fljótt einhvers staðar. Farðu vel með þig.“ - **sm, trs**



### Mest lesið Vísir

1. Þéttholda piltur vekur aðdáun eftir auglýsingu
2. Sjö Ólympíufarar frá Kamerún horfnir
3. Russell Crowe hjólaði í Bláa lónið
4. Læknir fyrstur á vettvang eftir slys á Dettifossvegi
5. Hvað er tilapía?




